

AÐALHEIÐUR HALLDÓRSDÓTTIR

*Heilluð af ósnortinni náttúru landsins*

• ferðir • bílar • tíska

allt Í MIÐJU BLAÐSINS

CHRISTIAN ELGAARD

*Geymir börnin í kassa*

Hjólar um á handsmíðuðu hjóli

FÓLK 42









# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

16. ágúst 2006 — 218. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000


### Gráðugur köttur



Félagarnir Sölvi Snæbjörnsson og Viktor P. Hannesson opnuðu á dögunum samsýningu í Gallerí Tukt. Köttur Sölva gæddi sér á tveimur listaverkum sem áttu að fara á sýninguna.

MENNING 29

### Hafdís Huld á Airwaves

Dagskrá Airwaves-tónlistarhátíðarinnar verður sífellt girnilegri. Í gær bættust bandaríska rokksveitin We are Scientists og íslenska söngkonan Hafdís Huld Þrastardóttir í hóp þeirra sem koma fram.



FÓLK 32

### Annað en við höfum

„Eða finnst einhverjum það einkenni á íslenska stjórnmálaheiminum hvað hann er vel mannaður af fólki sem ber af í okkar þjóðfélagi fyrir þekkingu, ósérdrægni og fagmennsku?" spyr Jón Ormur Halldórsson.

Í DAG 22

### Hlutirnir gerast í kringum Friðrik

Hannes Jónsson hjá KKÍ segir miklar væntingar gerðar til Friðriks Inga Rúnarssonar sem var í gær ráðinn framkvæmdastjóri sambandsins. Friðrik Ingi er því hættur að þjálfa hjá Grindavík en við starfi hans tekur Friðrik Ragnarsson.



ÍÞRÓTTIR 36

### VEÐRIÐ Í DAG




**BLÍÐVIÐRI** - Í dag verður hæg vestlæg eða breytileg átt. Léttskýjað víðast hvar, en þykknar smám saman upp vestan til og hætt við þokulofti með ströndum. Hiti 9-19 stig hlýjast sunnan til.

VEÐUR 4



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**MARKALAUST JAFNTEFLI Á LAUGARDALSVELLI** Fyrirliðarnir Raúl Gonzales og Hermann Hreiðarsson leiða lið sín inn á Laugardagsvöll í gær. Raul var að spila sinn 100. landsleik. Tæplega fimmtán þúsund manns fylgdust með leik Íslendinga og Spánverja í gærkvöldi og var lífleg stemning á vellinum. Er þetta í fyrsta skipti sem endurbætt vesturstúka er notuð, en undanfarna daga hafa iðnaðarmenn keppst við að gera stúkuna þannig úr garði að hægt væri að nota hana á leiknum. Í hálfleik sungu viðstaddir afmælissöng fyrir Jóhann Gunnar Kristinsson vallarstjóra, sem fagnaði fimmtugsafmæli sínu.

Sjá síðu 38

# Ökuníðingurinn var fjórtán ára drengur

**Fjórtán ára ökumaður BMW bifreiðar reyndi að aka niður tvo lögreglumenn á Neshaga aðfaranótt mánudag. Málið heyrir undir barnaverndarnefnd.**

**LÖGREGLUMÁL** Ökumaður bifreiðar, sem reyndi að aka niður tvo lögreglumenn á Neshaga aðfaranótt mánudags, var aðeins fjórtán ára gamall, samkvæmt upplýsingum sem Fréttablaðið hefur aflað sér.

Lögreglan var nýkomin að íbúð í þríbýlishúsi á Neshaga, þar sem eldur logaði þegar kraftmikla bifreið af BMW gerð bar þar að. Þegar ökumaðurinn kom auga á laganna verði setti hann þegar í bakkgír og ók á umferðarskilti. Þegar lögreglumenn nálguðust bílinn gaf hann bensínið í botn. Minnstu munaði að hann æki mennina niður, en þeim tókst að kasta sér frá bílnum. Hann rakst þó í annan lögreglumanninn sem slapp ómeiddur, en við það brotnaði spegill af bílnum.

Lögreglan hafði upp á eiganda bílsins, konu á fertugsaldri, en hún gat ekki gefið neina viðhlítandi skýringu á því hver hefði ekið bílnum um nóttina. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins hafði sextán ára dóttir konunnar fengið bílinn „lánaðan" og endurlánað hann síðan með fyrrgreindum afleiðingum. Hópur unglinga var í bílnum ásamt ökumanninum unga. Hafa sumir þeirra komið við sögu lögreglu áður. Mál af þessu tagi heyra undir barnaverndarnefnd vegna ungs aldurs fólksins.

Engin tengsl eru talin milli eldsvoðans og glæfraaksturs unglinganna við húsnæðið. -jss

Tilraunaframleiðsla hafin:

## Íslenskt skyr úr amerískri mjólk

**VIÐSKIPTI** Ungur Íslendingur hefur hafið tilraunaframleiðslu á skyri í samstarfi við bónda í New York-ríki í Bandaríkjunum. Hann segir um að ræða tómstundagaman sem undið hafi upp á sig.

Segja má að framleiðslan komi í kjölfar góðs árangurs Mjólkursamsölunnar og Bændasamtakanna við markaðssetningu á íslensku skyri vestra. Sem stendur eru tvær tegundir af Skyri.is til sölu í völdum verslunum en til stendur að fjölga þeim um tvær á næstu dögum.

Baldvin Jónsson, verkefnisstjóri hjá Bændasamtökunum, telur ónýtta möguleika hjá bændum í mjólkurframleiðslu til útflutnings. Kúastofninn hafi minnkað og svigrúm sé til stækkunar. Hann segir að MS hafi tryggt sér einkarétt á vöruheitinu skyr ytra. - óká / sjá Markaðinn

## > Markaðurinn

*Sögurnar ... tölurnar ... fólkið ...*

FYLGIR MEÐ FRÉTTABLAÐINU Í DAG



Bjartsýni ríkir um að þjóðir nái brátt saman um friðargæslu í Líbanon:

# Frakkar verða líklega í forystu

**SAMEINUÐU ÞJÓÐIRNAR, AP** Sendifulltrúar 45 landa funduðu um helgina og á mánudaginn vegna liðssafnaðar og tæknilegrar útfærslu á friðargæsluliði Sameinuðu þjóðanna, UNIFIL, í Suður-Líbanon.

Til stendur að senda um 15.000 manna alþjóðlegt herlið til átakasvæðanna við fyrsta tækifæri og talsmaður Sameinuðu þjóðanna vonast til að á næstunni skýrist hvaða þjóðir leggi til lið. Ekkert formlegt tilboð um þátttöku hefur þó borist enn.

Hernaðarsérfræðingar frá Frakklandi og Bandaríkjunum hafa verið með í ráðum um væntanlega friðargæslu, en talið er að Frakkar verði í fylkingarbroddi herliðs UNIFIL í Líbanon. Utanríkisráðherra Frakklands er væntanlegur til Líbanons í dag til viðræðna um gæsluna, en Frakkar léku veigamikið hlutverk í viðræðum um vopnahléið sem komst á klukkan fimm á mánudagsmorguninn. Þá höfðu átökin staðið yfir í 34 daga með tilheyrandi blóðsúthellingum.

Fjölmargir íbúar Suður-Líbanons sneru aftur til síns heima í gær og sömu sögu er að segja af Ísraelum hinum megin landamæranna. Ísraelar eru að flytja herbúnað sinn af átakasvæðunum og almenn umferð fer nú um áður aflokuð svæði.

Að sögn fréttaritara AP ríkir bjartsýni um áframhaldandi frið á svæðinu, þrátt fyrir að Ísraelsher hafi skotið fimm meinta Hizbollah-liða til bana í gær. - kóþ



**LÍBANAR SNERU HEIM Í GÆR** Þessi piltur sýndi ljósmyndara sigurmerkið í gær. Almenn bjartsýni virðist ríkja í landinu um að vopnahléið haldist. FRÉTTABLAÐIÐ/AP






## SPURNING DAGSINS

*Kristinn, færðu að skrifa undir svona stuðningsyfirlýsingar ef þú verður ritari?*

„Ætli ég verði ekki bara settur í að semja hana.“

Kristinn H. Gunnarsson var eini þingmaður Framsóknarflokksins sem ekki var beðinn um að skrifa undir stuðningsyfirlýsingu við Jón Sigurðsson í formannsframboð í flokknum. Kristinn sækist eftir stöðu ritara í Framsóknarflokknum á komandi flokksþingi.

Gæsluvarðhald byssumannanna í Vallahverfi í Hafnarfirði framlengt:

# Haglabyssan enn ófundin

**DÓMSMÁL** Gæsluvarðhald var í gær framlengt á tveimur mönnum vegna skotárásar á raðhús í Vallahverfi í Hafnarfirði 21. júní. Héraðsdómur Reykjaness úrskurðaði mennina í gæslu til 12. september. Báðir úrskurðirnir voru kærðir til Hæstaréttar. Skotvopnið sem notað var við árásina er ófundið.

Þrír menn voru inni í raðhúsinu á Burknavöllum þegar tveimur skotum var skotið inn í það. Annar þeirra sem nú situr í gæsluvarðhaldi vegna skotárásarinnar er jafnframt grunaður um að hafa hent eldsprengju að sama húsnæði tæpum sólarhring eftir árásina. Í tengslum við rannsókn málsins fann lögregla ýmis vopn, svo sem kylfur, hnúajárn og skotfæri.

Tildrög árásanna telur lögregla vera ósætti á milli annars þeirra sem nú situr í gæsluvarðhaldi og tveggja manna af þremur sem innandyra voru þegar skotárásin var gerð. Það ósætti náði svo hámarki í skotárás þeirri sem áður er frá sagt.

Mennirnir tveir voru úrskurðaðir í Héraðsdómi Reykjaness í gæsluvarðhald til 29. ágúst, en þeir kærðu til Hæstaréttar, sem stytti gæsluvarðhaldstímann til 15. ágúst. Framlenging var svo úrskurðuð í gær eins og áður sagði og kærð aftur til Hæstaréttar. **-jss**



**SKOTÁRÁSIN** Stór göt voru á rúðum raðhússins þar sem skotin höfðu farið inn.

Glitnir fjárfestir í Noregi:

## Kaupir í fjármálaþjónustu

**VIÐSKIPTI** BNbank í Noregi, sem er alfarið í eigu Glitnis, hefur náð samkomulagi um kaup á 45 prósenta hlut í fjármálafyrirtækinu Norsk Privatøkonomi. Þetta eru sjöttu kaup Glitnis í Noregi á síðustu tveimur árum, en bankinn skilgreinir Noreg ásamt Íslandi sem heimamarkað sinn.

Norsk Privatøkonomi veitir fjármálaþjónustu, en um 90 starfsmenn eru hjá fyrirtækinu. Þá hefur félagið leyfi til verðbréfamiðlunar.

Gunnar Jerven, forstjóri BNbank, segir að með þessum kaupum sé stefnt að eflingu dreifikerfis bankans. **- öhö**



**Í HRYÐJUVERKAVARNAMIÐSTÖÐ** Bush talar við fréttamenn í miðstöðinni, sem er á leyndum stað í N-Virginíu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bush um hryðjuverkaógn:

## Segir langt stríð framundan

**WASHINGTON, AP** George W. Bush Bandaríkjaforseti lýsti því yfir í gær að meinta hryðjuverkasamsærið sem koma tókst í veg fyrir í Bretlandi væri vitnisburður um að Bandaríkin myndu eiga í höggi við hryðjuverkamenn um langt árabil.

„Bandaríkin eru öruggari en þau voru, en eru þó enn ekki örugg,“ tjáði Bush fréttamönnum í hryðjuverkavarnamiðstöð Bandaríkjastjórnar á leyndum stað í Norður-Virginíu, rétt utan við Washington DC. Í miðstöðinni er stefnt saman undir eitt þak hundruðum sérfræðinga og tugum tölvukerfa alríkisstofnana. **- aa**

Árásin í Breiðholtinu:

## Enginn verið handtekinn

**LÖGREGLUMÁL** Maðurinn sem réðst á og reyndi að nauðga tvítugri stúlku í Breiðholti í síðustu viku er enn ófundinn.

Auk tilraunar til nauðgunar rændi árásarmaðurinn stúlkuna og beit í hálsinn svo hún hlaut ljótt bitsár.

Að sögn Sigurbjörns Víðis Eggertssonar, aðstoðaryfirlögregluþjóns hjá lögreglunni í Reykjavík, var lýsing stúlkunnar á árásarmanninum afar takmörkuð og hefur það torveldað rannsóknina. Rannsókn málsins stendur þó yfir, en enn hefur enginn verið handtekinn í tengslum við málið. **- æþe**

# Segir þingmennina tólf atkvæði af 850

**Siv Friðleifsdóttir segir flokksmenn í Framsóknarflokknum ráða því hverjir verði kosnir til forystustarfa fyrir flokkinn, en ekki þingflokkinn. Ég er ekki í bandalagi við neinn, fer fram á mínum eigin forsendum, segir Siv.**

**FRAMSÓKN** Siv Friðleifsdóttir segir þingflokk Framsóknarflokksins ekki ráða því hverjir verði kosnir til forystustarfa fyrir flokkinn, heldur flokksmenn sjálfa. Eins og greint var frá í Fréttablaðinu í gær voru níu af tólf þingmönnum Framsóknarflokksins tilbúnir til þess að lýsa yfir stuðningi við Jón Sigurðsson sem næsta formann flokksins í júní síðastliðnum. Jón kom í veg fyrir að undirskriftasöfnun, honum til stuðnings, færi af stað innan þingflokksins, vegna þess að honum fannst óheppilegt að stuðningur þingmanna yrði opinberaður á þeim tímapunkti, þar sem hann var ekki búinn að gera upp við sig hvort hann ætlaði að bjóða sig fram til formanns eða ekki.



**JÓN SIGURÐSSON**

Siv segist ekki vera í bandalagi við neinn annan frambjóðanda sem býður sig fram til forystustarfa fyrir Framsóknarflokkinn á flokksþinginu um næstu helgi. „Ég hef tilkynnt um framboð mitt til formanns, eftir að væringar innan þingflokksins stóðu yfir í júní síðastliðnum, og mér finnst eðlilegt að flokksmenn sjálfir taki ákvörðun um það hvernig forystusveit Framsóknarflokksins verði skipuð, en ekki þingmenn flokksins. Það verða um 850 manns sem kjósa á flokksþinginu en þingmennirnir hafa aðeins rétt til þess að greiða tólf atkvæði.“



**SIV FRIÐLEIFSDÓTTIR** Siv Friðleifsdóttir hefur að undanförnu ferðast um landið, ásamt öðrum frambjóðendum á flokksþinginu, og kynnt baráttumál sín fyrir flokksmönnum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Frambjóðendur til embættis ritara í Framsóknarflokknum hafa að undanförnu sagt það nauðsynlegt að styrkja innra starf Framsóknarflokksins. Siv segist ekki líta á slíkar yfirlýsingar sem gagnrýni á hennar störf en hún hefur gegnt stöðu ritara í flokknum um árabil. „Ritari er mikilvægt embætti en það er langt frá því að hann beri einn ábyrgð á innra starfi flokksins. Það hefur verið unnið vel að ýmsum málum innan flokksins undanfarin ár en það er auðvitað alltaf hægt að gera betur. Ég fagna því að það sé nýtt fólk sem vill taka við starfi ritara og sinna því af heilindum á næstu árum.“

Flokksþing Framsóknarflokksins fer fram um næstu helgi. Um 850 manns hafa atkvæðarétt á flokksþinginu. Fyrst verður kosið til formanns, síðan varaformanns og að lokum ritara. Halldór Ásgrímsson, sem verið hefur varaformaður og formaður Framsóknarflokksins í meira en aldarfjórðung, lætur af embætti sem formaður flokksins um helgina. **magnush@frettabladid.is**



**Í RÁÐHÚSINU** Meðal þeirra sem til máls tóku voru þær Svandís Svavarsdóttir, Fanní Gunnarsdóttir og Margrét Sverrisdóttir.

Leikskólakennarar í Ráðhúsinu:

## Mikill hiti í fundargestum

**LEIKSKÓLAMÁL** Hörð gagnrýni kom fram á fundi leikskólastjóra í Ráðhúsi Reykjavíkur í gær. Tilefni fundarins var ákvörðun borgaryfirvalda að skipta menntaráði upp í leikskólaráð og grunnskólaráð.

Sigrún Elsa Smáradóttir frá Samfylkingunni vildi meina að fyrirhuguð breyting á menntasviðinu væri til komin til þess eins að búa til stöðu fyrir Þorbjörgu Helgu Vigfúsdóttur.

Svandís Svavarsdóttir frá vinstri grænum sagði að vinnubrögðin bæru vott um reynsluleysi og vék orðum sínum þá sérstaklega til Þorbjargar Helgu frá Sjálfstæðisflokki. **- æþe**

Veðrið á menningarnótt:

## Fínustu horfur

**VEÐUR** „Það horfir bara ljómandi vel,“ segir Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur um veðurhorfur á menningarnótt, næstkomandi laugardag. „Það lítur út fyrir suð-suðvestlæga átt og vindurinn verður hægur og ljómandi góður. Líklega verður skýjað og úrkomulítið, jafnvel úrkomulaust um daginn. Skil gætu þó skriðið inn á landið þegar líður á nóttina og úrkoma fylgt með, en það er erfitt að tímasetja það.“

„Hitinn verður frá 10-16 stigum um daginn, svo það horfir ljómandi vel. Þó að það verði skýjað að ætti flugeldasýningin að sjást vel,“ segir Sigurður. **- sgj**


120 1886 2006



Tvö tónleikasvið!
Öll dagskráin á www.landsbanki.is

Landsbankinn
Máttarstólpi Menningarnætur

Menningarnótt 19. ágúst


Guðni Ágústsson segist ekki í kosningabandalagi:

# Grasrótin hafi áhrif

**FRAMSÓKN** Guðni Ágústsson vonast til þess að komandi flokksþing Framsóknarflokksins um næstu helgi sameini flokksmenn og efli þá til góðra starfa í framtíðinni. „Við frambjóðendur erum á okkar vegum í framboði og höfum ekki myndað bandalög til þess að ná sameiginlegum markmiðum. Ég hef verið varaformaður Framsóknarflokksins í fimm ár og hef áhuga á því að sinna því starfi áfram. Ég treysti mér til þess að vinna með hverjum þeim sem verða kosnir til starfa í stöður formanns og ritara.“



**GUÐNI ÁGÚSTSSON**

Guðni segist sammála því að skynsamlegt hafi verið af Jóni Sigurðssyni að koma í veg fyrir að undirskriftasöfnun til stuðnings Jóni, hefði farið fram innan þingflokksins.

„Ég taldi, eins og Jón sjálfur, að það væri farsælast fyrir Framsóknarflokkinn að flokksmenn kysu sér fólk í forystusveit Framsóknarflokksins á flokksþingi. Það hefði ekki verið rétt að koma í veg fyrir það að aðrir hefðu getað boðið sig fram í embætti hjá Framsóknarflokknum, ef þeir hefðu haft á því áhuga. Undirskriftasöfnun var hugmynd sem kom upp á miðstjórnarfundi, sem síðan varð ekki að veruleika. Aðalatriðið er að grasrót Framsóknarflokksins geti haft afgerandi áhrif á flokksstarfið,“ segir Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra. **- mh**

Jón Ásgeir Jóhannesson:

## Verður yfirheyrður í dag

**BAUGSMÁL** Jón Ásgeir Jóhannesson, forstjóri Baugs Group hf., verður yfirheyrður í dag vegna meintra brota á skattalögum, lögum um ársreikninga og lögum um bókhald, samkvæmt upplýsingum frá lögmanni hans, Gesti Jónssyni. Meint brot eru í tengslum við rekstur félaganna Baugs, fjárfestingafélagsins Gaums og Fjárfars á árunum 1998 til 2002.

Samkvæmt upplýsingum frá Ríkislögreglustjóra tengjast meint brot ekki efnisatriðum málsins sem tekið verður til efnismeðferðar í Héraðsdómi Reykjavíkur í haust. Yfirheyrslurnar byggja á sömu rannsókn og málið sem tekið verður til efnismeðferðar í haust.

Lögreglan gerði fyrst húsleit hjá Baugi 28. ágúst 2002. Málið hefur því staðið yfir í nær fjögur ár um þessar mundir. **- mh**

www.volkswagen.is




HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 3024

aukabúnaður á mynd: Álflegur, vindskeiðar og sóllúga

# Skólabíll á aðeins 465 kr. á dag*

Volkswagen Fox er rétti bíllinn fyrir skólafólk. Hann er á góðu verði og ódýr í rekstri, TDI® dísilvélin eyðir einungis 4,9 l/100 km. Hann er lítill, lipur og þægilegur í umferðinni, frábærlega hannaður og flottur eftir því. Niðurstaðan: Draumabíll námsmannsins.

Aus Liebe zum Automobil

M.v. 30% útborgun og bílasamning SP Fjármögnunar í blandaðri erlendri myntkörfu í 84 mánuði. Verð 1.345.000 kr.

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416

HEKLA, Laugavegi 174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 15.8.2006

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 70,9 | 71,24 |
| Sterlingspund | 133,77 | 134,43 |
| Evra | 90,13 | 90,63 |
| Dönsk króna | 12,08 | 12,15 |
| Norsk króna | 11,229 | 11,295 |
| Sænsk króna | 9,781 | 9,839 |
| Japanskt jen | 0,6079 | 0,6115 |
| SDR | 104,99 | 105,61 |

*Gengisvísitala krónunnar*

124,8114

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Karlmaður grunaður um kynferðisbrot gegn þremur stúlkum:

# Ekki búið að yfirheyra manninn

**LÖGREGLA** Karlmaður á sextugsaldri, sem hefur verið kærður fyrir kynferðisbrot gegn þremur stúlkum á samkomu línudansara um verslunarmannahelgina, hefur ekki verið yfirheyrður vegna málsins.

Gils Jóhannsson, varðstjóri lögreglunnar á Hvolsvelli, sem fer með rannsókn málsins, segist vita hver maðurinn er og hann sé ekki í felum. „Það eru ekki allir handteknir eins og skot þegar kæra kemur. Það fer bara eftir eðli málsins. Þessi maður er ekkert talinn stórhættulegur. Það er fyrst og fremst horft til hagsmuna barnanna og að koma þeim til hjálpar. Hitt kemur svo af sjálfu sér.“

Maðurinn er grunaður um að hafa berað kynfæri sín fyrir framan þrjár 8 til 12 ára stúlkur og leitað á að minnsta kosti eina þeirra á samkomu á Heimalandi í Rangárþingi eystra um verslunarmannahelgina. Hann mun hafa verið ölvaður þegar meint brot átti sér stað. Hann flúði svo af vettvangi þegar ein stúlkan hótaði að kalla í föður sinn.

Gils segir málið í rannsókn. „Það er verið að rannsaka málið á fullu og það er verið að viða að þeim gögnum sem þarf að nota við úrvinnsluna.“ - sh



**HVOLSVÖLLUR** Lögreglan rannsakar málið.

Ríkisstjórn Íslands:

# Styrkir hjálparstarf í Líbanon

**HJÁLPARSTARF** Ríkisstjórn Íslands hefur veitt 7,1 milljónar viðbótarframlag til hjálparstarfs Rauða krossins í Líbanon. Hafði ríkisstjórnin áður sett tvær milljónir króna í hjálparstarfið.

Kristján Sturluson, framkvæmdastjóri Rauða kross Íslands, segir Alþjóðaráð Rauða krossins og líbanska Rauða krossinn hafa gegnt lykilhlutverki í hjálparstarfi undanfarnar vikur.

Í tilkynningu frá Rauða krossinum segir að þrátt fyrir vopnahlé haldi hafnarbann Ísraelshers áfram og komið sé í veg fyrir flugsamgöngur. Neyðarástand muni vara áfram næstu mánuði. - öhö

Hryðjuverk í Bretlandi:

# Einn handtekinn til viðbótar

**BRETLAND, AP** Handteknum sakborningum í rannsókninni á hinu meinta samsæri um að sprengja í loft upp allt að tíu farþegaþotur á leiðinni milli Bretlands og Bandaríkjanna fjölgaði í gær um einn. Lögreglan í Lundúnum greindi frá því að hún hefði um hádegisbil í gær handtekið 24. manninn í tengslum við rannsóknina. Handtakan fór fram í Thames-dalnum, en ekkert var nánar gefið upp um hana.

Breska rannsóknarlögreglan, Scotland Yard, greindi frá því að í tengslum við rannsóknina hefði húsleit verið gerð í 46 íbúðum og fyrirtækjum. - aa



**FLUNDRA** Flundra þekkist á útstæðum beinkörtum eftir endilöngu bakinu.

Flundran fjölgar sér:

# Nytjafiskur erlendis

**VEIÐI** Fiskurinn flundra er orðinn algengur í ám og árósum á Suður- og Vesturlandi. Að sögn Magnúsar Jóhannssonar, fiskifræðings og deildarstjóra á Suðurlandsdeild Veiðimálastofnunar, hefur flundran veiðst á stöng, meðal annars í Varmá, og er hún vel æt.

„Flundran er kolategund og náskyld sandkola. Þetta er nýbúi hér við land, flundran hefur verið að nema land frá 1999, en var fyrst í Ölfusá. Fiskurinn finnst við strendur Evrópu og við Færeyjar og líklegt er að hann hafi komið til landsins þaðan,“ segir Magnús. Flundran lifir í sjó við strendur en gengur líka í ferskt vatn. -rsg

# Samkeppnin hörð um danska lesendur

**Mikil harka er að færast í samkeppni á dönskum fríblaðamarkaði. Dagsbrún segir markaðinn hafa verið staðnaðan og fríblað félagsins hafi þegar hrist upp í honum, þótt útgáfa blaðsins hefjist ekki fyrr en á haustmánuðum.**

**BLAÐAÚTGÁFA** Allt stefnir í harða samkeppni á dönskum fríblaðamarkaði en fyrsta fríblaðið, Centrum Aften, kom út í 65 þúsund eintökum í Álaborg í vikunni.

Dato, fríblað Berlingske Tidende, verður borið út í hús í Árósum og Kaupmannahöfn í dag en það er gefið út í hálfri milljón eintaka. Hugmyndin að baki Dato er að sögn aðstandenda þess sú að það taki lesendur eina til tíu mínútur að lesa blaðið, eða jafnlangan tíma og það taki fólk að borða morgunverðinn.

Þá mun 24timer, fríblað Jyllands-Posten og Politiken, koma út á morgun í jafnstóru upplagi. Hafa forsvarsmenn fyrirtækjanna ekki farið leynt með að kveikjan að þessari auknu útgáfu sé væntanlegt fríblað 365 Media Scandinavia.

Fleiri sækja á fríblaðamarkaðinn því MetroXpress, sem síðastliðin fimm ár hefur gefið út samnefnt fríblað, ætlar að gefa út ókeypis síðdegisblað í hundrað þúsund eintökum í næstu viku. Á föstudögum verða prentuð tíu þúsund fleiri eintök en aðra daga vikunnar.

Nyhedsavisen, fríblað 365 Media Scandinavia, kemur fyrst út í september og verður prentað í sjö hundruð þúsund eintökum.

Fríblaðastríðið harðnaði enn frekar í vikunni þegar Berlingske Tidende, Politiken og Jyllands-Posten buðu auglýsingar á allt að helmingi lægra verði en áður.

Karl Pétur Jónsson, fulltrúi forstjóra Dagsbrúnar, segir að stokka hafi þurft upp í dönsku dagblaðamarkaðnum sem hafi verið orðinn staðnaður. „Það er greinilega rétt mat því blaðið okkar er ekki komið út en er þegar búið að stokka markaðinn upp,“ segir Karl. Hann bendir á að dönsku blöðin séu full af fréttum um fríblöðin og greinilegt að menn séu taugastrekktir yfir breytingum á markaðnum.

Aðspurður um harðnandi samkeppni á auglýsingamarkaði segir Karl Pétur auglýsendur leita til þess miðils sem skili mestum árangri. „Menn leita eftir því hversu mörg augu sjá auglýsinguna en ekki hversu ódýr síðan er,“ segir hann.

Karl Pétur segir í raun ekki hægt að bera fríblöðin sem tilkynnt hafi um útgáfu saman við Nyhedsavisen. Bæði sé upplag þeirra talsvert minna auk þess sem dreifing þeirra fari fram að degi til að hluta á ákveðnum markaðssvæðum og nái ekki augum allra lesenda. Dreifing Nyhedsavisen fer hins vegar fram yfir nóttina og á morgnana í mun stærra upplagi og verður blaðið í lúgunni á hverjum degi, að sögn Karls Péturs.

jonab@frettabladid.is
kristjans@frettabladid.is




**HÖRÐ SAMKEPPNI** Danskir blaðaútgefendur keppast við að kynna nýju fríblöðin. Hér auglýsir 24timer á strætisvagnaskýli, en blaðið er gefið út af Jyllands-Posten og Politiken.



**ÓSK VILHJÁLMSDÓTTIR** Ósk vill að ráðherrum gefist kostur á að sjá landið sem hverfur vegna Kárahnjúkavirkjunar.

Ráðherraboð á Kárahnjúkum:

# Frestur rennur út í dag

**VIRKJANIR** Ósk Vilhjálmsdóttir myndlistarmaður og leiðsögukona hjá Hálendisferðum bíður svara frá ráðherrum sem hún bauð í tveggja daga ferð um Kárahnjúkasvæðið. Ósk sendi ráðherrunum boðskort í pósti og rennur frestur til að staðfesta þátttöku út í dag.

„Það er ekki nóg að skoða svæðið rétt í kringum Kárahnjúka heldur verður fólk að meta þetta út frá perlunum milli Kárahnjúka og Brúarjökuls og skoða lónsbotninn almennilega,“ segir Ósk. „Tilgangurinn er ekki endilega að snúa mönnum, þetta er gert af góðum hug.“

Hún vill ekki upplýsa um svör ráðherranna fyrr en fresturinn rennur út. - rsg

## ÍRAK

**Tilræði banar níu** Sjálfsmorðssprengjumaður banaði níu manns í héraðshöfuðstöðvum stjórnmálaflokks Íraksforseta í Kúrdahéruðunum í Norður-Írak í gær. Götubardagar geisuðu einnig í gær á milli írakskra hermanna og fylgismanna herskás sjía-klerks í Karbala, sem er helg borg sjía.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**10 teknir fyrir hraðakstur** Lögreglan á Blönduósi stöðvaði tíu ökumenn fyrir of hraðan akstur í gær. Meirihluti þeirra voru erlendir ferðamenn. Lögregla brýnir fyrir vegfarendum að virða hraðatakmarkanir þar sem framkvæmdir standa yfir.

BÍLL DAGSINS
NISSAN PATROL LUXURY
Nýskr. 07.03 - Sjálfskiptur - Ekinn 73 þús. - Allt að 100% lán.


Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR
Opið: Alla virka daga kl. 9:00 -18:00. Sími: 525 8020.



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**EINMUNA BLÍÐA** Það fór þá aldrei svo að við fengjum ekki það sem kalla mætti einmuna veðurblíðu. Glimrandi veður var víða á landinu í gær og horfur á framhaldi. Reyndar gerist það í dag að vindur verður vestlægari og þá verður ekki eins sólríkt á landinu vestanverðu. Hins vegar og öfugt við gærdaginn verður brakandi blíða á landinu austanverðu. Einna helst óttast ég að þokubakkar læðist að ströndum og birgi þannig sólarsýn.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG** Hægviðri. Bjart með köflum framan af síðan skýjað. Hiti allt að 14 stig.

## VEÐURSPÁ

*um hádegi »*



*» á morgun*



Hæg breytileg átt.

*» föstudagur*



Hæglætisveður

*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 19°C léttskýjað | London | 21°C skúrir | Alicante | 33°C léttskýjað |
| Árósar | 20°C skýjað | París | 23°C skúrir | Mallorca | 31°C hálfskýjað |
| Osló | 19°C skúrir | Frankfurt | 23°C skúrir | Algarve | 31°C léttskýjað |
| Stokkhólmur | 22°C skúrir | Friedrichshafen | 21°C skúrir | Krít | 31°C heiðskírt |
| Gautaborg | 19°C skúrir | Berlín | 22°C skýjað | Las Palmas | 27°C heiðskírt |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.


ÚTSALA
Plankaparket · Stafaparket
Fljótandi parket · Gólfflísar
Náttúrusteinn · Innihurðir
15-50%
Parki
INTERIORS
Flott fyrir þig!
www.parki.is Dalvegi 18 Kópavogi, sími: 564 3500



## KJÖRKASSINN

*Ætlar þú að setjast á skólabekk á komandi vetri?*

| | |
|---|---|
| Já | 29% |
| Nei | 71% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Þarf að efla gæslu á skemmtistöðum?*

Segðu skoðun þína á Vísi.is

Vísir

Lækkandi heimsmarkaðsverð á olíu skilaði sér til Íslands í gær:

# Allir lækkuðu bensínverð

**BENSÍNVERÐ** Bensínstöðvar lækkuðu eldsneytisverð í gær í kjölfar þess að heimsmarkaðsverð á olíu fór lækkandi. Flest lækkuðu fyrirtækin lítraverð á bensíni um tvær krónur, Skeljungur þó aðeins betur, um 2,1 krónu.

Lítraverð á ólitaðri dísilolíu lækkaði víðast hvar um 1,1 krónu, nema á stöðvum Orkunnar, þar sem það lækkaði um eina krónu. Orkan var þó með lægsta verðið að loknum lækkunum í gær, og bauð tíu aurum betur á lítrann en hinar sjálfsafgreiðslustöðvarnar.

Að sögn talsmanna olíufélaganna er verðlækkunin vegna lækkandi heimsmarkaðsverðs og þrátt fyrir lítilsháttar hækkun dollarans gagnvart krónunni. Lækkun heimsmarkaðsverðsins má rekja til þess að viðskvæmt vopnahlé Ísraela og Hizbollah-samtakanna í Líbanon hafi haldið og þess að leki í einni stærstu olíuvinnslustöð Alaska hafi ekki verið jafnalvarlegur og menn héldu í fyrstu. **- sh**

**ALGENGASTA VERÐ Í SJÁLFSAFGREIÐSLU Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU Í GÆR:**

| | 95 oktana bensín: | díselolía: |
|---|---|---|
| Atlantsolía | 127,4 | 122,7 |
| Egó: | 127,4 | 122,7 |
| Esso: | 128,9 | 124,2 |
| Olís: | 128,9 | 124,2 |
| Orkan: | 127,3 | 122,6 |
| ÓB: | 127,4 | 122,7 |
| Skeljungur: | 128,9 | 124,2 |



**DÆLT Á TANKINN** Bensíndropinn kostar bíleigendur sitt.

Rúmlega sjötugur maður:

# Fluttur suður eftir eld í húsbíl

**BRUNI** Rúmlega sjötugur maður brenndist talsvert þegar eldur kom upp í húsbíl á Akureyri um fjögur leytið í gær.

Að sögn lögreglunnar á Akureyri var maðurinn að gera við gaseldavél í bílnum þegar eldur blossaði upp. Maðurinn brenndist talsvert og var fluttur á Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri til meðferðar. Líðan hans er eftir atvikum og var hann fluttur á brunadeild Landspítalans við Hringbraut í gær. Hann mun ekki vera í lífshættu.

Nágrönnum hafði tekist að ráða niðurlögum eldsins. **- sh**

Hvalveiðar í vísindaskyni:

# Veiða allt að tíu hrefnur í viðbót

**HVALVEIÐAR** Fimmtíu hrefnur hafa verið veiddar við Ísland í ár og stefnt er að því að veiða allt að tíu hrefnur í viðbót í sumar.

Hrefnuveiðar í vísindaskyni hófust árið 2003 en þá voru 37 hrefnur veiddar. Árið 2004 voru 25 hrefnur veiddar og 39 í fyrra.

Vísbendingar eru um að stærð hrefnustofnsins geti haft áhrif á afrakstursgetu nytjafiska, en mikil óvissa er um þessi áhrif, einkum vegna skorts á gögnum um fæðusamsetningu hrefnu hér við land að því er fram kemur í tilkynningu í gær. **- öhö**

## LÖGREGLUFRÉTT

**Á 120 með farþega** Ríflega tvítugur maður var tekinn á tæplega 120 kílómetra hraða á mótorhjóli á leið vestur Sæbraut í fyrrinótt þar sem hámarkshraði er 60 kílómetrar á klukkustund. Maðurinn hafði farþega fyrir aftan sig.

**Datt af hestbaki** Ung kona slasaðist eftir að hafa dottið af hestbaki í grennd við Borgarnes um fjögur leytið í gær. Eftir skoðun var konan flutt með sjúkrabíl til Reykjavíkur en ekki var ljóst hversu alvarleg meiðsli konunnar voru.

## SVEITARSTJÓRNARMÁL

**Sveitarstjóri ráðinn** Guðrún María Valgeirsdóttir hefur verið ráðin sveitarstjóri í Skútustaðahreppi. Guðrún tók við af Sigbirni Gunnarssyni í lok síðasta kjörtímabils en þá var hún jafnframt oddviti. Í hreppnum hafa konur meirihluta í stjórn sveitarfélagsins.

# Borgarfjarðarbrúin sögð vera varasöm

**Íslenskir vegir fá þrjár stjörnur af fjórum í gæða- og öryggiskönnun sem gerð var eftir evrópskum stöðlum og kynnt var í gær.**

**SAMGÖNGUR** „Útkoman er betri en ég óttaðist en engu að síður þurfum við að taka okkur á. Við þurfum að bæta vegakerfið hvað varðar hönnun og framkvæmdir og taka tillit til þeirra ábendinga sem koma fram í skýrslunni,“ segir Sturla Böðvarsson samgönguráðherra.

Gæða- og öryggiskönnun á íslenskum vegum, EuroRAP, var unnin í samstarfi samgönguráðuneytisins, Umferðarstofu og Félags íslenskra bifreiðaeigenda en FÍB sá um framkvæmd könnunarinnar ásamt sænskum EuroRAP-aðilum. Í þessum fyrsta áfanga könnunarinnar voru Reykjanesbrautin, Suðurlandsvegur að Landvegamótum og Vesturlandsvegur að Borgarnesi teknir fyrir og fengu vegirnir þrír allir meðaleinkunnina þrjár stjörnur, en hæst eru gefnar fjórar stjörnur í EuroRap-kerfinu sem notað er til að kanna öryggi vega um alla Evrópu.

Nokkrir vegakaflar fengu tvær stjörnur en meðal þeirra atriða sem drógu vegina niður í stigagjöf voru of mörg vegamót eða illa hönnuð, háir vegkantar, úfið hraun eða grjótveggir við vegi, of stutt vegrið eða skortur á vegriði.

„Þessir vegir sem við skoðunum núna eru sennilega með þeim betri sem við höfum hér á landi en það kom mér mest á óvart hvað það eru margir góðir kaflar á þessum vegum. En það eru gloppur sem draga niður heildina,“ segir Ólafur Guðmundsson, verkefnastjóri EuroRAP á Íslandi. „Verstu kaflarnir eru kaflar eins og milli Hveragerðis og Selfoss vegna skurða, vegamóta og hárra kanta, og Borgarfjarðarbrúin kemur illa út vegna grjótgarða við hvorn brúarenda og þar eru engin vegrið. Síðan er tveggja stjörnu kafli við Fitjar á Reykjanesbrautinni,“ segir Ólafur.

Það sem eftir er af árinu verða fleiri vegarkaflar metnir, þar á meðal leiðin frá Borgarnesi til Akureyrar. „Það er löngu tímabært að fara í þessa vinnu og ég er ánægður með að hafa stuðlað að því. Sem betur fer höfum við látið meiri fjármuni í vegagerð og til dæmis gerðum við ráð fyrir því í nota eftirlitsverkefni til að vegagerðar,“ segir Sturla Böðvarsson. „Þetta ætti í raun að vera viðvarandi eftirlitsverkefni til að veita veghönnuðum aðhald.“ **- rsg**



**SAMGÖNGURÁÐHERRA** Sturla Böðvarsson flettir skýrslu FÍB um könnun EuroRAP.

**GÆÐI VEGANNA**

| Vegarkafli | Meðaleinkunn | Slæmir kaflar | Góðir kaflar |
|---|---|---|---|
| Reykjanesbraut | 3 | Í nágrenni álversins í Straumsvík | Á stuttum kafla sem liggur gegnum Hafnarfjörð |
| Suðurlandsvegur | 3 | Milli Hveragerðis og Selfoss | Enginn tiltekinn |
| Vesturlandsvegur | 3 | Við Borgarfjarðarbrú | Milli Suðurlandsvegar og Mosfellsbæjar |

SKEMMTISKOKK 3 KM
FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

REYKJAVÍKUR MARAÞON GLITNIS 19. ÁGÚST

Skráðu alla fjölskylduna og fáðu nánari upplýsingar á marathon.is

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

Réttarhöld yfir morðingja varnarliðskonunnar Ashley Turner halda áfram í dag:

# Fjölskyldan verður viðstödd

**BANDARÍKIN, AP** Fjölskylda Ashley Turner, tvítugu konunnar sem myrt var á svæði varnarliðs Bandaríkjanna við Keflavíkurflugvöll fyrir ári, ætlar að vera viðstödd þegar réttarhöld yfir morðingjanum halda áfram í dag.

Turner var myrt 14. ágúst í fyrra af félaga sínum úr hernum, Calvin E. Hill. Hill var sakaður um þjófnað, að ljúga að yfirmönnum sínum og mæta ekki til vinnu án leyfis, og ætlaði Turner að bera vitni gegn honum. Hill hafði þá komist yfir leyninúmerið að bankareikningnum hennar og stolið af henni tvö þúsund dölum.

Verjendur Hills hafa farið fram á að hann verði færður í fangelsi með minni öryggisgæslu, en hann er nú staddur í fangelsi í herstöð í Virginíufylki. Þar er hann alltaf í hlekkjum, er fylgt hvert sem hann fer og fær aðeins að eyða tuttugu mínútum utandyra dag hvern. Þetta segja verjendur torvelda fundi sína við Hill. Ef Hill verður fundinn sekur um morð gæti hann átt yfir höfði sér dauðadóm.

Fjölskylda Turner kom saman og hélt minningarathöfn við gröf hennar á mánudag, en þá var nákvæmlega ár liðið frá dánardægri hennar. **- sh**



**SVÆÐI VARNARLIÐSINS** Turner ætlaði að bera vitni gegn Hill vegna þess að Hill hafði stolið af henni tvö þúsund dölum.

www.lyfja.is

LYFJA
- Lífið heil




ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS LYF 33204 08/2006

Lamisil gel

EINU SINNI Á DAG Í EINA VIKU
DREPUR FÓTSVEPPINN.

FÆST ÁN LYFSEÐILS

Lamisil er borið á einu sinni á dag í eina viku. Hreinsið og þurrkið sýkt svæði vel áður en borið er á. Bera skal Lamisil á í þunnu lagi á sýkta húð þannig að það þeki allt sýkta svæðið. Lamisil er milt og veldur mjög sjaldan húðertingu. Lamisil inniheldur terbinafin sem er sveppadrepandi (fungisid) efni og vinnur á sveppasýkingum í húð af völdum húðsveppa, gersveppa og litbrigðamyglu („lifrarbrúnir blettir“). Lamisil á ekki að nota gegn sveppasýkingum í hársverði, skeggi eða nöglum nema samkvæmt læknisráði. Það má ekki nota ef þekkt er ofnæmi fyrir terbinafini eða öðrum innihaldsefnum í Lamisil. Geymist þar sem börn hvorki ná til né sjá. Lesið vandlega leiðbeiningarseðil sem fylgir hverri pakkningu.

Garðatorgi - Grindavík - Keflavík - Lágmúla - Laugavegi - Setbergi - Smáralind - Smáratorgi - Spönginni - Egilsstöðum - Höfn Fáskrúðsfirði - Seyðisfirði - Neskaupstað - Eskifirði - Reyðarfirði - Ísafirði - Bolungarvík - Patreksfirði - Borgarnesi - Grundarfirði Stykkishólmi - Búðardal - Húsavík - Kópaskeri - Raufarhöfn - Þórshöfn - Sauðárkróki - Blönduósi - Hvammstanga - Skagaströnd Selfossi - Laugarási

# LOKAÐ Í DAG VEGNA BREYTINGA

TAKTU MORGUNDAGINN FRÁ!

# OPNUM

FIMMTUDAGINN 17. ÁGÚST

## GLÆSILEGRI, ÞÆGILEGRI OG SKEMMTILEGRI VERSLUN

DEBENHAMS

SMÁRALIND

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS DEB 33758 08/2006



## VEISTU SVARIÐ?

1 Hvað heitir utanríkisráðherra Noregs?

2 Hvaða kona býður sig fram til ritara Framsóknarflokksins?

3 Hvaða erlenda íþróttalandslið er statt hér á landi?

SVÖR ERU Á SÍÐU 42

Samkeppni í sænska skólakerfinu hefur haft jákvæð áhrif samkvæmt rannsókn:

# Fjöldi einkaskóla eykur gæði

**SKÓLAMÁL** Samkeppni grunnskóla í opinberum rekstri við einkaskóla eykur gæði í skólastarfi, samkvæmt rannsókn menntamálayfirvalda í Svíþjóð (Skolverket) frá 2005. Því hærra sem hlutfall einkaskólanna er í hverju sveitarfélagi, því betri er námsárangur sænskra nemenda í skólum í opinberum rekstri innan sama svæðis. Námsárangur nemenda er betri í einkaskólunum, einnig þegar tekið er tillit til félagslegra þátta og efnahags. Gústaf Adolf Skúlason hjá Samtökum atvinnulífsins segir að svipuð áhrif einkaskólanna megi sjá á háskólastiginu á Íslandi.

„Við sjáum framfarir hjá ríkisskólunum í samkeppni við einkaskóla, hvað varðar nýjungar, aukna þjónustu og svo framvegis,“ segir Gústaf. „Það er misjafnt hvernig einkaskólar á grunn- og framhaldsskólastigi hafa fengið fjármagn frá sveitarfélögunum, en við höfum verið að benda á að það eigi að ríkja jafnræði, þeir eigi að fá samsvarandi fjármagn,“ segir Gústaf, en sænsku einkaskólarnir fá sömu greiðslur með hverjum nemanda frá ríkinu og skólar í opinberum rekstri. -rsg



**ÍSAKSSKÓLI** Samkeppni við einkaskóla hefur jákvæð áhrif á gæði í skólum í opinberum rekstri.

Uppbygging í Líbanon:

# Svíar efna til fjársöfnunar

**SVÍÞJÓÐ, AP** Svíar hafa boðið ráðamönnum í 60 löndum og hjálparstofnunum að taka þátt í ráðstefnu þar sem safnað verði fé sem notað á til uppbyggingar í Líbanon. Ráðstefnan mun fara fram í lok þessa mánaðar í Stokkhólmi og njóta Svíar stuðnings Sameinuðu þjóðanna og Líbanons við undirbúning hennar.

Meðal ríkja sem boðið hefur verið á ráðstefnuna eru Bandaríkin, Frakkland, Bretland, Þýskaland, Noregur, Japan og arabísku Persaflóaríkin. Hins vegar hefur Ísrael ekki verið boðið, að sögn Carin Jamtin, þróunarmálaráðherra Svíþjóðar. - smk



**REYKJAVÍKURMARAÞONIÐ** Glitnir hvetur starfsmenn sína til að taka þátt.

Reykjavíkurmaraþonið:

# Góð þátttaka

**MARAÞON** Rúmlega þrjú þúsund manns hafa skráð sig í Reykjavíkurmaraþonið, sem fer fram á laugardag, en í fyrra höfðu þrefalt færri skráð sig þegar svona stutt var í hlaupið. - sgj

Alþjóðleg ráðstefna stjörnufræðinga í Tékklandi:

# Deilt um plánetur

**TÉKKLAND, AP** Tvö þúsund og fimm hundruð stjörnufræðingar sitja nú á ráðstefnu í Prag í Tékklandi og deila um hvernig skilgreina beri plánetu og hvort Plútó teljist í rauninni til þeirrar tegundar.

„Fólk verður að koma sér saman um hugtakasafn sem skýrir hluti í geimnum,“ sagði Ronald D. Ekers, forseti Alþjóðlegu stjarnfræðisamtakanna. „Við viljum ekki hafa eina bandaríska útgáfu, aðra evrópska og enn aðra japanska.“

Áratugum saman hafa vísindamenn talið að pláneturnar í sólkerfi okkar væru níu, þó sumir hafi efast um að Plútó ætti þar heima vegna smæðar. En á síðasta ári fannst svo Xena, sem er stærri en Plútó en lengra í burtu. Óákveðið er hvort skilgreina beri hana sem plánetu.

Niðurstöður stjarnfræðinganna, sem tilkynntar verða við lok ráðstefnunnar, gætu fækkað plánetum sólkerfisins, eða fjölgað þeim upp í 23, 39 eða jafnvel 53. - smk

# Eign.is skoðuð vegna vefsíðu

**Lögregla skoðaði fasteignasöluna Eign.is vegna vefsíðu sem ekki hafði verið tekin niður. Grunur lék á um að salan hefði verið starfrækt ólöglega. Lögreglu hefur ekki borist beiðni um frekari rannsókn.**

**LÖGREGLA** Lögreglan í Reykjavík tók á dögunum til skoðunar meint brot fasteignasölunnar Eign.is, en dómsmálaráðuneytið sendi lögreglunni beiðni um skoðun þess eftir að athugasemdir bárust frá eftirlitsnefnd Félags fasteignasala. Þar hafði vaknað grunur um að salan væri starfrækt án þess að við hana starfaði löggiltur fasteignasali.

„Það er alveg skýrt í lögunum að til þess að starfrækja megi fasteignasölu þá þarf til þess löggiltan aðila sem er í forsvari fyrir sölunni og hefur full réttindi og tryggingar til þess að reksturinn geti staðist,“ segir Ingibjörg Þórðardóttir, varaformaður Félags fasteignasala.

Andrés Pétur Rúnarsson, eigandi Eign.is, lagði inn réttindi sín til fasteignasölu fyrir ári, en hæstaréttarlögmaðurinn Sigurður Gizurarson tók við ábyrgðinni. Hann hætti svo þar í júní.

„Okkur höfðu borist vísbendingar um að þarna væri starfrækt sala án þess að á starfsstöðinni væri starfandi löggiltur fasteignasali. Það er það sem var verið að kanna,“ segir Ingibjörg.

Andrés Pétur segir að enginn rekstur hafi verið í gangi síðan Sigurður hætti hjá fyrirtækinu. Grunurinn hafi vaknað vegna þess að vefsíða sölunnar var enn uppi, en það hafi verið mistök að loka henni ekki strax. Engar eignir hafi verið auglýstar á síðunni, einungis hafi verið þar óuppfærður fréttagluggi. Vefsíðunni var lokað á fimmtudaginn var. Andrés segist ekki vita betur en að lögregla hafi lokið skoðuninni og að ekkert óeðlilegt hafi komið í ljós.

Jónas Hallsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn, segir að lögreglu hafi einungis verið falið að stöðva reksturinn, væri hann enn í gangi. Í ljós hafi komið að grunurinn hafði vaknað út af heimasíðunni sem var uppi, henni hafi nú verið lokað og lögreglu hefði ekki borist beiðni um að rannsaka málið frekar.

stigur@frettabladid.is



**ANDRÉS PÉTUR RÚNARSSON,** Hættur rekstri Eign.is enda ekki með réttindi.


Haustútsalan hafin!

Bjóðum nú síðustu hjólhýsin á einstöku verði á meðan birgðir endast.

126N – Áður kr. 1.180.000 ,-
Nú aðeins kr. 990.000,-

126NT – Áður kr. 1.230.000,-
Nú aðeins kr. 1.049.000,-

126NTL –Áður kr. 1.280.000,-
Nú aðeins kr. 1.090.000,-



NIEWIADOW

Athugið að innifalið í verðunum eru fortjald, gaskútur o.fl.

VÉLAR & ÞJÓNUSTA

Járnhálsi 2 110 Reykjavík Sími 5 800 200 www.velar.is

Höldur á Akureyri er söluaðili fyrir V&Þ á Norðurlandi



IMPREZA SUBARU




STAÐALBÚNAÐUR: 2.0 LÍTRA - 160 HESTÖFL, SÍTENGT FJÓRHJÓLADRIF, 16" ÁLFELGUR, KASTARAR Í STUÐARA... OG MARGT FLEIRA.

SUBARU IMPREZA SUMARTILBOÐ:

| | |
|---|---|
| Beinskiptur Sedan | 1.990.000 kr. |
| Sjálfskiptur Sedan | 2.140.000 kr. |
| Beinskiptur Wagon | 2.060.000 kr. |
| Sjálfskiptur Wagon | 2.190.000 kr. |

Ingvar Helgason Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is Opið: Mánudaga - föstudaga kl. 9:00–18:00.

Umboðsmenn um land allt | Akureyri 461-2960 | Njarðvík 421-8808 | Höfn í Hornafirði 478-1990 | Reyðarfirði 474-1453

Aukahlutir á mynd: 17" álfelgur

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

# Sólarlottó Plúsferða

# 29.900 kr.

## Bókaðu strax á www.plusferdir.is

Aðeins 200 sæti í lukkupottinum

**Portúgal**
**Tyrkland**
**Krít**
**Benidorm**
**Mallorca**



**Þú velur áfangastað og ferðadag**

**Sjö dögum fyrir brottför staðfestum við gististaðinn**

**Tryggðu þér sólina strax**

**Portúgal** - Dæmi um gististaði: Alagoamar, Elimar og Mirachoro 2ja 3ja og 4ra plúsa íbúðir í hjarta Albufeira. Brottför: 22. og 29. ágúst, 5. og 12. september
**Tyrkland** - Marmaris - Icmeler. Dæmi um gististaði: Fidan, Özay, Club Ilaida og Cosmopolitan 2ja og 3ja plúsa íbúðir á heitasta staðnum í sumar Brottför: 22. og 29. ágúst, 5. og 12. september
**Krít** - Chania og Rethymnon - Frábært tækifæri til að komast til hamingjueyjarinnar! Brottför: 21. og 28. ágúst, 4. og 11. september
**Benidorm** - Hvíta ströndin, líf og fjör allan sólarhringinn. Brottför: 23. og 30. ágúst
**Mallorca** - Palma Nova, Playa de Palma og Magaluf. Brottför 22. og 29. ágúst, 5. og 12. september

**Aðeins bókanlegt á netinu** **www.plusferdir.is**

plús FERÐIR

**Innifalið:** Flug, flugvallarskattar, gisting í 7 nætur og íslensk fararstjórn.
Verð miðast við að tveir eða fleiri ferðist saman.

Plúsferðir · Lágmúla 4 · 105 Reykjavík · Sími 535 2100

www.plusferdir.is

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN EHF./SIA.IS

# Síðustu sætin í september frá kr. 39.990

Heimsferðir bjóða síðustu sætin í sólina í september á ótrúlegu verði. Tryggðu þér sumarauka á einum besta tíma ársins á einhverjum af fjölmörgum áfangastöðum okkar.

**Rimini** frá kr. 39.990
6. sept. 4 sæti
13. sept. Nokkur sæti
20. sept. Örfá sæti
Netverð á mann, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára, í viku.
Stökktu tilboð, 20. sept.

**Fuerteventura** frá kr. 39.990
12. sept. Örfá sæti
19. sept. Nokkur sæti
Netverð á mann, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára, í viku.
Stökktu tilboð 12. eða 19. sept.

**Mallorca** frá kr. 39.990
31. ágúst Örfá sæti
7. sept. 13 sæti
14. sept. 19 sæti
Netverð á mann m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára, í viku.
Stökktu tilboð 31. ágúst, 7. eða 14. sept.

**Costa del Sol** frá kr. 39.990
7. sept. Nokkur sæti
14. sept. 21 sæti
21. sept. Örfá sæti
28. sept. Nokkur sæti
Netverð á mann, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára.
Stökktu tilboð í viku 14. sept. Brottför 7. sept. kr. 5.000 aukalega.

**Króatía** frá kr. 39.990
6. sept. Uppselt
13. sept. 28 sæti
20. sept. Örfá sæti
Netverð á mann, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára, í viku. Stökktu tilboð 30. ágúst eða 20. sept.

**Benidorm** frá kr. 39.990
7. sept. Nokkur sæti
14. sept. Örfá sæti
21. sept. Nokkur sæti
Frá kr. 39.990
Netverð á mann, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára, í viku. Stökktu tilboð 7. og 14. sept.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000 • Akureyri sími 461 1099 • www.heimsferdir.is


Fasteignasali telur lánakjör gera fólki of erfitt fyrir:

# Fáir kaupsamningar

**FASTEIGNIR** Fjöldi þinglýstra kaupsamninga á fasteignum á höfuðborgarsvæðinu var í síðustu viku sá minnsti síðan í lok árs árið 2003. Samningarnir voru alls 67 talsins, en til samanburðar var meðaltalsfjöldi slíkra samninga undanfarnar tólf vikur 126 á viku og í sömu viku í fyrra var 174 samningum þinglýst.

Karl Gunnarsson, fasteignasali hjá Lundi, segir að þeir hafi fundið fyrir fækkuninni. „Það hefur verið mjög rólegt hjá okkur núna eftir verslunarmannahelgi. Reyndar verður að taka tillit til þess að þetta er almennt mjög rólegur árstími í fasteignaviðskiptum.“

Karl segir að fækkunina megi rekja til þess hversu erfitt nýjum kaupendum er gert að koma inn á fasteignamarkaðinn. „Við erum að upplifa afleiðinguna af því að það sé búið að gjörbreyta öllu lánaumhverfi á landinu til verri vegar á sama tíma og fasteignaverð er að hækka mikið.“

Hann sér ekki fram á að mikinn kipp í bráð. „Ekki fyrr en fólk fer að efna kosningaloforðin sín og gera fólki auðveldara fyrir að kaupa í fyrsta sinn.“ Hann tekur fram að ástandið hafi verið orðið mjög gott fyrir innkomu bankanna á húsnæðislánamarkaðinn. **- sh**

BSRB ósátt við einkavæðingu:

# Vilja opinbera öryggisgæslu

**ÁLYKTUN** BSRB hefur sent frá sér ályktun þar sem samtökin mótmæla einkavæðingu öryggisgæslu á Keflavíkurflugvelli og krefjast þess að hún verði færð strax aftur í hendur opinberra löggæsluaðila.

Í ályktuninni segir að öryggisgæslan hljóti að falla undir starfsemi opinberra löggæsluyfirvalda og strangar kröfur séu gerðar „til opinberra embættismanna á sviði löggæslu er varðar fagmennsku, menntun og hæfni“.

Einkarekin fyrirtæki hafi það að meginmarkmiði að skila hagnaði og hætt sé við að þau sjónarmið ráði för hjá öryggisfyrirtækjunum. **- sh**

# Heimsókn Koizumis í hof veldur uppnámi

**Japanski forsætisráðherrann Koizumi heimsótti í gær hið umdeilda Yasukuni-hof og hellti þar með olíu á eld versnandi samskipta við grannríki. Hann segist biðja fyrir friði og segir ásakanir um að hann upphefji hernaðarstefnu ómaklegar.**

**JAPAN, AP** Junichiro Koizumi, forsætisráðherra Japans, stóð í gær við kosningaloforð sitt frá árinu 2001 um að heimsækja Yasukunihofið umdeilda á Uppgjafardaginn 15. ágúst, en á þeim degi gáfust Japanar upp í seinni heimsstyrjöldinni. Í hofinu er minning þeirra 2,5 milljóna Japana sem fallið hafa í styrjöldum heiðruð, þar á meðal dæmdra stríðsglæpamanna úr seinna stríði.

Þetta var sjötta heimsókn Koizumis í hofið í forsætisráðherratíð sinni, en sú fyrsta á þessum táknþrungna degi sem Japanar minnast með hryggð en er fagnað sem frelsunardegi í grannríkjunum. Með heimsókninni hellti hann olíu á eld milliríkjaerja við grannríkin sem verst urðu fyrir barðinu á útþenslustefnu Japana á fyrri hluta 20. aldar, einkum og sér í lagi Kína og Suður-Kóreu. Koizumi lætur af embætti eftir mánuð.



**FRIÐARDÚFUM SLEPPT** Japanskir gestir í Yasukuni-hofinu sleppa hvítum dúfum þar í gær, um það leyti sem Koizumi forsætisráðherra var þar. Rétt 61 ár var í gær frá uppgjöf Japana í heimsstyrjöldinni síðari. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Heimsóknin í gær varð æstum mótmælendum tilefni til að safnast saman í Seúl, höfuðborg Suður-Kóreu, og í nokkrum borgum Kína. Suður-kóreski forsætisráðherrann Roh Moo-hyun skoraði á Japansstjórn að „sanna að hún hafi ekki í hyggju að endurtaka“ yfirgangsstefnu fyrri tíma. Hann kallaði japanska sendiherrann fyrir til að koma á framfæri formlegum mótmælum.

Mótmælendur söfnuðust saman fyrir utan japanska sendiráðið í Peking, veifuðu kínverskum fánum og hrópuðu and-japönsk vígorð. Kínverska utanríkisráðuneytið sendi frá sér yfirlýsingu þar sem heimsóknin var sögð „traðka á mannlegri samvisku“.

Koizumi varði heimsóknina með því að segja að hann færi í Yasukuni-hofið til að biðja fyrir friði og heiðra fallna hermenn, ekki upphefja hernaðarstefnu.

Samkvæmt fréttaskeytum heimsóttu einnig um fimmtíu japanskir þingmenn hofið í gær, þar á meðal tveir aðrir ráðherrar í ríkisstjórninni.

Koizumi sakaði ráðamenn í Kína og Suður-Kóreu um að nota málið til að beita Japan óeðlilegum þrýstingi. Ráðamenn bæði í Kína og Suður-Kóreu hafa neitað að eiga leiðtogafundi með Koizumi nema hann hætti heimsóknunum. Í ávarpi sem Koizumi flutti síðar í gær við minnismerki í Tókýó um uppgjöfina fyrir 61 ári ítrekaði hann að þjóð sín harmaði þær þjáningar sem hún olli öðrum í stríðum fyrri tíma. **audunn@frettabladid.is**


MJÓLKURVÖRUR Í SÉRFLOKKI

NÝJUNG!

Ekki gleyma ab-mjólkinni frá MS

... þessari nýju léttu með eplum og gulrótum




Án viðbætts sykurs

HRIKALEGA HOLL OG GÓÐ

Heimili Stephans G. í Dakóta:

# Íslenskum fánum stolið

**GARÐAR** Þjóðfánum Íslands og Kanada var stolið eftir hátíðahöld við hús Stephans G. Stephanssonar í Görðum, Norður-Dakóta, fyrr í mánuðinum.

Hátíðahöldin eru þáttur í árlegri uppákomu Íslendinga í bænum Mountain og sáust tveir karlmenn draga fánana niður að henni lokinni og leggja á flótta.

Stephan bjó í Görðum á níunda áratug 19. aldar og er fyrrverandi heimili hans þar enn varðveitt, en í Dakóta gaf Stephan meðal annars út blaðið *Fjalla-Eyvind*.

Dagblaðið *Grand Forks Herald* greinir frá þessu á heimasíðu sinni. **- kóþ**

Flugfélag Íslands tók tvær nýjar flugvélar í notkun í fyrradag sem þurfa styttri flugbraut en Fokker-vélarnar.:

# Vélarnar sinna flugi til Grænlands

**FLUGSAMGÖNGUR** Flugfélag Íslands tók nýverið í notkun tvær nýjar flugvélar að gerðinni DASH 8, sem keyptar voru frá kanadíska flugvélaframleiðandanum Bombardier.

Vélarnar eru 37 sæta og munu á meðal annarra verkefna sinna flugi til Grænlands, en Flugfélag Íslands samdi á dögunum við grænlensku heimastjórnina um flug á austurströnd Grænlands næstu fimm árin.

Samkvæmt fréttatilkynningu frá flugfélaginu búa nýju vélarnar yfir ýmsum eiginleikum sem ekki hafa áður verið í boði á íslenskum flugmarkaði, þær þurfa til að mynda stutta flugbraut og þola meiri krossvind en sambærilegar vélar.

Kostnaður við kaup félagsins á vélunum er í kringum tíu milljónir bandaríkjadala eða tæplega átta hundruð milljónir íslenskra króna.

Flugfélagið hefur nú yfir að ráða tíu flugvélum, sex Fokker 50, tveimur DASH 8 og tveimur Twin Otter flugvélum. Heildarfarþegafjöldi félagsins var um 350 þúsund á síðasta ári. **- æþe**



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**DASH 8 FLUGVÉL** Önnur af tveimur nýjum flugvélum sem bættust í flota Flugfélags Íslands í gær.



**DROTTNING LÁTIN** Te Ata, drottning Maóra á Nýja-Sjálandi, lést á þriðjudag.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Frumbyggjar á Nýja-Sjálandi:

# Drottning Maóra látin

**NÝJA-SJÁLAND, AP** Te Arikinui Dame Te Atairangikaahu, drottning Maóra-frumbyggja á Nýja-Sjálandi, lést í gær. Hún var 75 ára að aldri.

Te Ata var sjöundi þjóðhöfðingi Maóra, sem brugðust við valdatöku Breta á Nýja-Sjálandi árið 1858 með því að kjósa sér þjóðhöfðingja. Engin völd fylgja embættinu, en sá sem gegnir því er afar virtur meðal Maóranna.

Te Ata tók við sem drottning árið 1966, en enginn hefur gegnt embættinu lengur en hún. Faðir hennar, Koroki Te Rata Mahuta Tawhiao konungur, gegndi því á undan henni.

Ekki hefur verið ákveðið hver mun taka við embættinu, en hún skilur eftir sig eiginmann, tvo sonu og fimm dætur.

63 ára gamalt morðmál:

# Danskur SS-maður í sigtinu

**DANMÖRK, AP** Danska dómsmálaráðuneytið hefur farið fram á framsal fyrrverandi SS-foringja frá Þýskalandi til Danmerkur.

Søren Kam, sem fæddist í Danmörku en hefur nú þýskan ríkisborgararétt, er sakaður um að hafa, ásamt tveimur öðrum dönskum SS-mönnum, skotið danska blaðamanninn Carl Henrik Clemensen til bana í Kaupmannahöfn í ágúst 1943.

Kam, sem er 84 ára, hefur viðurkennt að hafa skotið á Clemensen, en segist hafa hleypt af eftir að hinir höfðu banað honum. Krufningarskýrsla sem gerð var opinber árið 1997 sýnir þó að skotunum átta hafi verið hleypt af á sama tíma.

Annar félaga Kams var tekinn af lífi í Kaupmannahöfn árið 1946, en hinn hvarf eftir stríð. **- smk**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Ómeiddur eftir óhapp** Ökumaður ók bíl sínum út af veginum í Hvalvík í fyrrakvöld. Að sögn lögreglunnar á Húsavík var maðurinn einn í bílnum og sakaði ekki. Hann mun hafa misst stjórn á bílnum. Bíllinn er ekki talinn mikið skemmdur en var þó sóttur af kranabíl.

www.volkswagen.is




## Caddy

Lipur vinnuþjarkur með frábæra aksturseiginleika og vinnuaðstöðu fyrir bílstjórann. Caddy er með hleðsluhurðir báðum megin og tvöfalda afturhurð. Stigalúga að aftan er staðalbúnaður. Heildarflutningsrýmið er 3,2 m3. Bíllinn er afar vel búinn, ASR spólvörn ABS hemlalæsivörn og hljómflutningstæki með geislaspilara er staðalbúnaður. Vélarstærðir í boði eru 1,4 l bensín 75 hö. og 2,0 l dísil 70 hö.
**Nú einnig fáanlegur sjálfskiptur með dísilvél.**

**Verð frá 1.760.000 kr.**
**eða 28.300 kr. á mánuði***



Einnig fáanlegur í fimm sæta útfærslu með hliðargluggum.

## Transporter

Fáir vinnubílar búa að jafn langri og glæstri hefð og Transporter. Burðargetan er 0,8–1,4 tonn. Hleðslurýmið er 5,0–9,3 m³. Allir bílarnir koma með hleðsluhurðum báðum megin* og hægt er að skipuleggja geymslurýmið á ótal vegu. Vélarstærðir sem eru í boði eru 1,9 l TDI® 104 hö., 2,5 l TDI® 130 hö., 2,5 l TDI® 174 hö. og 2,0 l bensín 115 hö.

*High roof er eingöngu með rennihurð hægra megin

**Verð frá 2.520.000 kr.**
**eða 40.973 kr. á mánuði***



Einnig fáanlegur í átta sæta útfærslu með hliðargluggum.

## Transporter Pickup

Ný útfærsla á Transporter, með ótal atriðum sem greina hann frá keppinautunum í flokki léttari sendibíla. Pallurinn er 2,93 m langur og 1,94 m breiður. Vélarstærðir sem eru í boði eru 1,9 l TDI® 104 hö., 2,5 l TDI® 130 hö., 2,5 l TDI® 174 hö. og 2,0 l bensín 115 hö.

**Verð frá 2.625.000 kr.**
**eða 42.677 kr. á mánuði***



Einnig fáanlegur í sex manna Double-Cab útfærslu.

**Þú finnur hentugustu fjármögnunarleiðina með hjálp sölufulltrúa okkar**

Aus Liebe zum Automobil

*M.v. Bílasamning SP til 60 mánaða og 20% útborgun

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416
HEKLA, Laugavegi 174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is



**TITRANDI ENDUR** Þessi fullorðinsleikföng fyrir svefn- eða baðherbergið fást á Rue du Marche Saint Honore í París, og kostar hver önd litlar 20 evrur, eða um 1800 íslenskar krónur. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Óöldin í Afganistan síðustu daga:

# Tugir manna falla í árásum

**KABÚL, AP** Seinustu dagar hafa verið afar blóðugir í Afganistan. Að minnsta kosti átján létu lífið á mánudag, þar af tólf meintir uppreisnarmenn talíbana. Einn þeirra lést þegar hann sprengdi sjálfan sig í loft upp og særði sex afganska hermenn og einn almennan borgara. Einnig særðust fjórir franskir NATO-liðar í sprengingu í Kabúl á mánudag, ásamt þremur almennum borgurum.

Á sunnudaginn létust tuttugu og fjórir meintir uppreisnarmenn og fimm úr herliði Afgana, en á laugardaginn særðust tuttugu óbreyttir borgarar í sprengjuárás, þeirra á meðal voru konur og börn.

Önnur sprengja sprakk nærri hermönnum NATO-sveitanna, sem voru staddir við skrifstofu Sameinuðu þjóðanna í Kabúl á mánduag, en engan sakaði.

Ofbeldisalda ríður nú yfir Afganistan en hópar uppreisnarmanna eru úr röðum talíbana og eru átökin undanfarið þau verstu síðan talíbanastjórninni var steypt árið 2001. Verst hefur ástandið verið í suðurhéruðum landsins, sérstaklega í Helmandhéraði, en tiltölulega sjaldséð hefur verið að ráðist sé á NATO-liða í Kabúl. - rsg / - kóþ



**FRANSKIR HERMENN GÆTA SPRENGJUSTAÐARINS Í FYRRADAG** Tvær sprengjur, festar við reiðhjól, sprungu nálægt hermönnum NATO í Kabúl fyrr í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Braust aftur inn í apótek:

# Tekinn aftur í sömu verslun

**LÖGREGLA** Nítján ára piltur var handtekinn í verslun Lyfja og heilsu í Álfabakka í fyrrinótt þar sem hann hafði brotist inn og var að athafna sig í leyfisleysi. Lögreglu hafði borist tilkynning um manninn inni í versluninni og var hann gripinn glóðvolgur á vettvangi.

Sami piltur var handtekinn sólarhring áður fyrir innbrot í tvö apótek, meðal annars þessa sömu verslun Lyfja og heilsu. Pilturinn mun vera lögreglu kunnur fyrir æði margt misjafnt.

Að sögn varðstjóra lögreglu mun þurfa fleiri brot til en þetta til að lögbrjótur fari í síbrotagæslu. - sh






**WORLD CLASS Á SELTJARNARNESI** Hús World Class mun tengjast sundlauginni á Seltjarnarnesi. Hér má sjá teikningu af húsinu eftir Funkis ehf. arkitekta.

# Bygging hefst um áramótin

## World Class undirbýr byggingu líkamsræktarstöðvar á Seltjarnarnesi sem mun tengjast sundlauginni.

**HÚSBYGGING** Framkvæmdir við fyrirhugaða líkamsræktarstöð World Class á Seltjarnarnesi hefjast að öllum líkindum um næstu áramót ef allt gengur að óskum, að sögn Björns Leifssonar framkvæmdastjóra World Class.

Hönnun hússins er vel á veg komin en að sögn Ara Lúðvíkssonar hjá Funkis ehf. arkitektum, sem sáu um hönnun hússins, var gott útsýni af byggingarstað haft í fyrirrúmi við teikningu þess.

Deiliskipulag fyrir íþróttasvæðið í kringum sundlaugina hefur verið í vinnslu hjá bæjarstjórn að undanförnu, en stjórn Seltjarnarness undirritaði viljayfirlýsingu um samstarf við Þrek, fyrirtæki Björns Leifssonar, um byggingu hússins á því svæði.

Jónmundur Guðmarsson, bæjarstjóri á Seltjarnarnesi segist hafa orðið var við töluverða eftirvæntingu á meðal bæjarbúa vegna uppbyggingarinnar á íþróttasvæðinu við Sundlaug Seltjarnarness.

Húsið mun rísa við anddyri sundlaugarinnar og mun tengjast henni, líkt og í Laugum við Laugardalslaug. Nýbyggingin verður fjórtán til fimmtán hundruð fermetrar og vonast Björn Leifsson, framkvæmdarstjóri World Class, til þess að stöðin verði opnuð í september á næsta ári ef allt gengur að óskum. - æþe




Þunguð kona ók út í skurð og fæddi dóttur:

# Fæddist eftir bílslys

**BANDARÍKIN, AP** Það má með sanni segja að Myracle Lakenya sé slysabarn og mikið kraftaverkabarn, eins og nafn hennar gefur til kynna. Hún fæddist nefnilega eftir að móðir hennar lenti í bílslysi og sat föst fótbrotin og ein í bílnum sem hálfmaraði í kafi úti í skurði.

Þegar Kenyetta Biggs, 21 árs gömul móðir telpunnar frá Flórída í Bandaríkjunum, fann fyrir fyrstu hríðaverkjunum snemma á sunnudag, settist hún inn í bíl sinn og ætlaði að aka á næsta sjúkrahús.

Ekki fór þó betur en svo að hún missti stjórn á bílnum í einni hríðinni með þeim afleiðingum að bíllinn endasentist út í vatnsfylltan skurð.

Biggs fótbrotnaði í slysinu og hvorki komst út úr bílnum né gat kallað eftir hjálp, á meðan hríðirnar ágerðust.

Um klukkutíma eftir að slysið varð var lögregluþjónninn Stephen Maxwell á leið til vinnu þegar hann kom auga á höfuð Biggs í háu grasi við veginn. Hún hafði klifrað hálfa leið út úr bílnum í leit að aðstoð. Nýfædd telpan lá í framsæti bílsins.



**KRAFTAVERKABARN** Nýfædda telpan sést hér í faðmi lögregluþjónsins sem bjargaði henni og móður hennar úr bílflaki sem maraði í kafi eftir bílslys meðan móðirin fæddi telpuna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Maxwell og öðrum lögregluþjóni tókst að losa Biggs úr bílnum og koma henni og dótturinni á sjúkrahús.

Faðir Biggs, Kenneth Biggs, sagði dóttur sína ekki hafa tilkynnt fjölskyldunni um þungunina og taldi hana líklega hafa óttast reiði þeirra. En hún þyrfti ekkert að óttast af þeirra hálfu nú. - smk

Yfirlýsing Símans:

## Gjaldið ekki tekjulind

**NEYTENDUR** „Síminn vill ítreka að útskriftargjaldið er ekki tekjulind hjá fyrirtækinu heldur kostnaður við reikningagerðina, umslag, dreifingakostnað og umsýslu reikninganna eins og fjölmörg önnur fyrirtæki gera,“ segir í yfirlýsingu frá Símanum. „Með því að innheimta útskriftargjald er komið í veg fyrir að þeir sem velja pappírslaus viðskipti við Símann séu að niðurgreiða reikningskostnað þeirra sem kjósa að fá símreikninginn sendan í pósti. Þetta er liður í þeirri stefnu Símans að auka rafrænar færslur og minnka pappírsnotkun, m.a. til þess að vernda umhverfið.“ - rss

Síminn kærður til ESA vegna útskriftargjalds fyrir pappírsreikninga:

# Segir gjaldtökuna ólögmæta

**FJARSKIPTI** Hörður Einarsson hæstaréttarlögmaður segir að útskriftargjald Símans standist ekki reglur EES. Hefur hann kært Símans fyrir gjaldtökuna til eftirlitsstofnunar EFTA, ESA. Símanotendur greiða gjaldið, 230 krónur, fyrir að fá pappírsreikning sendan í pósti, en sams konar gjald er lagt á símnotendur OgVodafone.

„Ég tel þetta vera ólögmæta innheimtu sem ríkisvaldið beri ábyrgð á og beri skylda til að fjalla um. Hitt er að gjaldið er of hátt og sett á í hagnaðarskyni,“ segir Hörður. Hann rak mál Reykjaprents sem kærði útskriftargjald Símans til Póst- og fjarskiptastofnunar í fyrrahaust en úrskurður úrskurðarnefndar fjarskipta og póstmála frá því í mars var að gjaldið væri lögmætt.

Síminn ber því við að viðskiptamenn geti borgað reikninga á netinu og sloppið þannig við útskriftargjaldið en Hörður segir að allir eigi rétt á að fá pappírseintak.

Jóhannes Gunnarsson, framkvæmdastjóri Neytendasamtakanna, ætlar að fylgjast með framvindu málsins og taka ákvörðun um viðbrögð í kjölfarið. - rsg



**SÍMINN** Formaður Neytendasamtakanna telur að útskriftargjald Símans sé fyrst og fremst tekjulind fyrir fyrirtækið.



**RÚSSNESK BLÓM** Þau eru falleg, blómin í Alexandergarðinum framan við Troitskajaturninn í Moskvu, enda stóðst stúlkan ekki mátið í gær og smellti mynd af þeim í sólinni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




**ICELANDAIR** Formaður Félags íslenskra atvinnuflugmanna segir að margir þeirra sem fengu uppsögn muni leita starfa erlendis.

Uppsagnir hjá Icelandair:

## Segja upp fjölda flugmanna

**VINNUMARKAÐUR** Fjörutíu og fjórum flugmönnum hjá Icelandair var sagt upp um síðustu mánaðamót. Þar af voru nítján fastráðnir en tuttugu og fimm ráðnir tímabundið. Varaformaður Félags íslenskra atvinnuflugmanna, Jóhannes Bjarni Guðmundsson, segir að fjöldi uppsagnanna hafi komið stéttarfélaginu á óvart.

„Núna er staðan sú að fólk sem er að ráða sig til Icelandair er inni yfir sumarmánuðina og dettur út einhverja mánuði yfir vetrartímann. Stundum er það ráðið aftur eftir einn til þrjá mánuði. Þetta er orðin lenska hjá fyrirtækinu og að okkar mati ofnotað,“ segir Jóhannes. „Reynslan hefur sýnt að þegar flugvélarnar eru til staðar er yfirleitt ekki hörgull á verkefnum,“ segir Jóhannes.

Ekki náðist í Jón Karl Ólafsson, forstjóra Icelandair, við vinnslu fréttarinnar. -rsg

Lögreglan í Galisíu:

## Smyglkafbátur fannst á floti

**GALISÍA** Heimatilbúinn kafbátur fannst undan ströndum Galisíu á norð-vesturhorni Spánar á sunnudaginn. Kafbáturinn, sem er um tíu metra langur, er talinn gerður til að smygla kókaíni, en hvorki vímuefni né skipverjar fundust þó um borð.

Þetta er í fyrsta skipti sem vitað er til að kafbátar séu notaðir í smyglferðum á Spáni, en kólumbískir smyglarar hafa notast við kafbáta um nokkurt skeið í Suður-Ameríku. BBC-fréttastofan hefur eftir spænska blaðamanninum Jaime Gonzalez að smyglararnir hafi líklega enn verið að prófa bátinn fyrir sjósetningu þegar hann fannst. - kóþ

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Flutningabíll valt** Enginn slasaðist þegar flutningabifreið fór á hliðina við vegkant í Kömbunum hjá Hveragerði, þar sem hún var notuð við vinnu. Tilkynning barst Selfosslögreglu um fjögur leytið og að hennar sögn urðu litlar sem engar tafir á umferð sökum slyssins.




# SÚPERTURN 6



**64 BITA 3200+**
Leiðandi inn í framtíðina með framúrskarandi 64-bita tækni, Hyper Transport og 2000FSB

**GEFORCE 7300GS**
Nýjasta kynslóð skjákorta með 256MB DDR2 810MHz minni, CineFX 4.0 tækni og TV-út tengi

**HLJÓÐLÁT VINNSLA**
Góður og hljóðlátur Dragon turnkassi með ofur hljóðlátum Fortron aflgjafa, hurð og USB2 tengi að framan

| | |
|---|---|
| **Örgjörvi** | 3200+ Athlon64 AM2 - HT<br>2000FSB og Hyper Transport |
| **Minni** | 1GB DUAL DDR2 Corsair<br>667MHz minni með lífstíðarábyrgð |
| **Harðdiskur** | 250GB WD SE 8MB - SATA 2<br>SATA2 300, 7200RPM og 8MB buffer |
| **Skjákort** | 256MB GeForce7 NX7300GS<br>MSI PCI-E 16X, 810MHz DDR2 |
| **Hljóðkort** | Dolby Digital 7.1 - EAX2<br>8 rása Dolby Digital hljóðkerfi |
| **Annað** | 6xUSB2 tengi, Gigabit netkort<br>4x SATA Raid, 4x ATA133, ofl. |

SúperTurn tölvurnar koma samsettar og harði diskurinn er forsniðinn og tilbúinn til notkunar. Það eina sem þarf að taka úr eldri vél og setja í nýju er: geisladrif, diskettudrif og stýrikerfi. Svo notar þú að sjálfsögðu gamla skjáinn, lyklaborðið og músina.

**VL9** * Samtals kr. 72.357 **7.767**

## VERÐ 69.900

## SÚPERTURN 4

# 3.33GHz



- 3.33GHz Intel Celeron D355 EM64T
- 512MB DDR2 667MHz minni
- 250GB 7200RPM WD - 8MB
- 128MB ATI Radeon X300 skjákort
- Dolby Digital 5.1 EAX2 hljóðkerfi
- Innbyggt 10/100 netkort, USB2
- Mini/Middle Tower með 300W aflgjafa

**VL9** * Samtals kr. 51.654 **5.544**

## VERÐ 49.900

## CORSAIR XMS DDR400



- 1GB 400MHz Corsair XMS CL2 vinnsluminni, í ál kæliplötu
- Álplatan skilar kaldara og öruggara minni
- Corsair XMS er eitt hraðvirkasta minnið á markaðnum í dag
- Corsair er 100% prófað og kemur með lífstíðarábyrgð

## VERÐ 12.900

## SÚPERTURN 3

**VL6** * Samtals kr. 41.302 **6.650**

# 3000+

- 3000+ AMD Sempron 64Bit HT
- 512MB DDR 400MHz minni
- 250GB 7200RPM WD - 8MB
- 128MB GeForce6 6100 skjákort
- Dolby Digital 5.1 EAX2 hljóðkerfi
- Innbyggt 10/100 netkort, USB2
- Medium Tower með 300W aflgjafa

## VERÐ 39.900

## SÚPERTILBOÐ 7

# 3500+

- 3500+ AMD Athlon64 AM2 - HT
- 1GB DDR2 Corsair minni
- Netkort, 8xUSB2 og FireWire
- SATA2 Raid og 7.1 hljóðkort

## VERÐ 36.900

## MSI MÓÐURBORÐ



MSI K9N Neo-F socket AM2 móðurborð með 4x800MHz DDR2 minnisraufum, 4xSATA2, 9xUSB2.0 tengi, Gb Lan ofl.

## VERÐ 11.900

## ÞJÓNUSTUBORÐ

**ÞJÓNUSTUBORÐ**

- Uppsetning á vélbúnaði
- Ísetning á vélbúnaði
- Ókeypis ráðgjöf
- Opið á milli 9-15

Eingöngu fyrir vélbúnað keyptan í Tölvulistanum. Aðeins einfaldar ísetningar og uppsetningar á reklum. Miðast við hámark 15 mín.

## FRÍTT FRÍTT

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 256MB DDR2 MSI GeForce NX7300GS, PCI-E 16X | 512MB Corsair 400MHz minni með lífstíðarábyrgð | 512MB Corsair 667MHz minni með lífstíðarábyrgð | MSI PCI þráðlaust netkort 54Mbps 802.11g (PC54G2) | Planet þráðlaust PCMCIA netkort 54Mbps (3564) | 3500+ AMD Athlon64 Socket AM2 örgjörvi | Handhægt viðgerðarsett til tölvuviðgerða | 1GB Corsair USB2 lykill með 10 ára ábyrgð |
| **VERÐ 11.900** | **VERÐ 6.990** | **VERÐ 6.990** | **VERÐ 3.990** | **VERÐ 3.490** | **VERÐ 13.900** | **VERÐ 1.690** | **VERÐ 6.990** |

# LANDSINS MESTA ÚRVAL

# DRAGON 4
## Giga Series

CHIEFTEC

**TURNKASSI**
Chieftec 4 Giga Series turn með tengi að framan fyrir USB, hljóðnema, heyrnatól og Firewire

**HLIÐARHURÐ**
Opnanleg hliðarhurð með lás sem veitir auðvelt aðgengi að öllum vélbúnaði tölvunnar

**RÚMGÓÐUR**
Í turninum er pláss fyrir 6x3.5" drif, 4x5.25" drif og þar að auki fjöldi hólfa fyrir kæliviftur

# VERÐ 11.900

## LOGITECH X - 530

- Logitech X-530 - Svart 5.1 hátalarakerfi 70W RMS,
- 5 öflugir hátalarar og stórt kraftmikið bassabox
- Ný FDD2 tækni frá Logitech gefur enn tærari og ríkari hljóm en áður.
- Virkar með PC, MP3, DVD, PlayStation, og Xbox

**VERÐ 12.900**

## LOGITECH G15

- Logitech G15 leikja lyklaborðið sem þú sníðir að þínum þörfum
- 18 forritanlegir hnappar, allt 54 möguleikar, Macro upptaka
- LCD skjár gefur þér nauðsynlegar leikja upplýsingar
- Þriggja stiga baklýsing á hnöppum, ísl.miðar, USB

**VERÐ 9.990**

## MICROSOFT OFFICE
Microsoft Office 2003 skólaleyfi, Íslenskt viðmót fylgir, leyfi fyrir 3 vélar, Word, Excel, Outlook og PowerPoint
**VERÐ 16.900**

## ADOBE PHOTOSHOP
Adobe Photoshop Elements 4.0 hugbúnaðurinn fyrir Windows er allt sem til þarf í myndvinnsluna
**VERÐ 10.900**

## MEDIA ELITE
Logitech Media Elite lyklaborð með ábrenndum íslenskum stöfum hlaðið flýtihnöppum og möguleikum
**VERÐ 3.490**

## EX110 ÞRÁÐLAUST
Logitech Cordless Desktop EX 110 þráðlaust svart og silfrað lyklaborð og frábær optical mús, PS2/USB2
**VERÐ 4.990**

Microsoft OneNote 2003 OEM, besta glósuforritið
**VERÐ 3.990**

Microsoft Office 2004 skólaleyfi fyrir Apple tölvur
**VERÐ 17.900**

Windows XP Pro skólauppfærsla
**VERÐ 12.900**

Trend Internet Security 2006, alhliða vírusvörn
**VERÐ 3.990**

Logitech Extreme 3D PRO, flottastur í leikina
**VERÐ 4.990**

Logitech Dialog 220, svört stereo heyrnartól
**VERÐ 1.790**

Logitech QuickCam Fusion, frábær mynd og hljóðgæði
**VERÐ 12.900**

Logitech QuickCam for Notebooks með innb. mic, USB
**VERÐ 6.990**

Vaxtalaus tilboð eru miðuð við mánaðalegar jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf með 3,5% stimpil og lántökugjaldi sem bætist við heildarupphæðina og dreifist jafnt yfir samningstímann

**TÖLVULISTINN**
SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ Í 12 ÁR

REYKJAVÍK — Nóatúni 17 — Sími 562 6730
AKUREYRI — Glerárgötu 36 — Sími 464 7400
KEFLAVÍK — Hafnargötu 90 — Sími 534 7400
EGILSSTÖÐUM — Miðvangur 2-4 — Sími 471 2400

## „ORÐRÉTT“

### Fjötur um fót

**„Ýmsir eru fjötrarnir og sumir myndu álíta að svona kristin trú væru fjötrar.“**

HRAFNHILDUR GUNNARSDÓTTIR, FORMAÐUR SAMTAKANNA 78, ER EKKI HRIFIN AF AUGLÝSINGU SAMTAKA TRÚFÉLAGA. FRÉTTABLAÐIÐ, 15. ÁGÚST.

### Ógnarstjórn

**„Þetta líkist æ meira fasistaríki, þar sem njósnað er um borgarana. Ég bíð bara eftir að þeir komi með byssurnar.“**

GUÐMUNDUR BECK HEFUR LEYFT MÓTMÆLENDUM AÐ SLÁ UPP TJÖLDUM Í GARÐI SÍNUM VIÐ REYÐARFJÖRÐ. FRÉTTABLAÐIÐ, 15. ÁGÚST.

# tilveran
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** YNGVI PÉTURSSON REKTOR MENNTASKÓLANS Í REYKJAVÍK

# *Á fjöll til að endurhlaða batteríin*

„Bara allt ljómandi gott, við erum á fullu að undirbúa skólastarfið,“ segir Yngvi Pétursson, rektor Menntaskólans í Reykjavík. „Það er verið að ganga frá stundatöflunum og niðurröðun í bekki og auk þess eru í gangi hér framkvæmdir á fullu, það er verið að endurbyggja hér Casa Nova.“ Casa Nova er viðbygging við menntaskólann sem inniheldur fleiri kennslustofur fyrir nemendur skólans. „Byggingin er á áætlun og það eru allar horfur á að húsnæðið verði tilbúið við skólabyrjun,“ segir Yngvi, en skólasetning hjá MR verður fimmtudaginn 24. ágúst og hefst almenn kennsla daginn eftir.

Að sögn Yngva eru kennarar skólans að tínast inn úr sumarfríinu þessa vikuna. „Auk þeirra þarf að taka á móti nýjum kennurum sem kenna hér við skólann á næsta ári, en hjá okkur eru að byrja fjórtán nýir kennarar,“ segir rektorinn. „Mér líst ljómandi vel á nýja mannskapinn og það er mikill hugur í fólki fyrir komandi skólaár.“

Menntaskólanum var lokað í júlímánuði og þá fór okkar maður beint á fjöll eins og hann reynir að gera hvert sumar. „Ég fór inn á hálendið og það var ljómandi gott eins og alltaf,“ segir göngugarpurinn. „Ég leita til fjalla á hverju ári til að byggja upp kraftinn fyrir komandi átök.“ Torfajökulssvæðið er í miklu uppáhaldi hjá Yngva sem göngusvæði. „Ég og fjölskyldan gistum bara í tjaldi og stílum inn á þá daga þegar það er spáð vel, það er listin,“ segir Yngvi og hlær.

Á veturna tekur starfið nær allan hans tíma en þó reynir okkar maður að fara í kvöldgöngutúra á eitthvert fjallið nágrenni Reykjavíkur. „Ég hef verið duglegur að ganga á Esjuna og á Hengilinn, mér líður best úti í náttúrunni,“ segir Yngvi sem greinilega er mikið náttúrubarn.



## SJÓNARHÓLL
**KÁRAHNJÚKAR Á VIRKU SPRUNGUSVÆÐI**



SKÚLI ÞÓRÐARSON SÖNGVARI

### *Furðuleg tíðindi*

„Maður veit nú varla hverju maður á að trúa í þessu máli, þetta er mikil hringavitleysa og svo margar staðreyndir sem virðast ekki vera uppi á borðinu að það er erfitt að mynda sér almennilega skoðun. En ef það er satt að virkjunin sé á virku sprungusvæði og allt geti farið á hreyfingu, þá segir það sig sjálft að mér líst alveg skelfilega á það. Mér finnst það bara út í hött,“ segir Skúli Þórðarson, söngvari og trúbador, aðspurður um niðurstöður úr skýrslu jarðfræðinga um að stíflurnar við Kárahnjúka séu á virku jarðhitasvæði.

„Mér heyrist þetta vera afar hroðvirknislega unnið allt saman. Svo gerist allt svo hratt og sífellt nýjar staðreyndir að koma í ljós. Það er kannski einmitt það sem er furðulegt við þetta allt saman að í svona stóru verki skulum við vera að heyra þessi tíðindi núna fyrst. Eins er skrítið að það skuli yfirleitt farið í svona risaframkvæmdir þegar það eru jafn ólíkar skoðanir á þessu. Það hefur líklega alls ekki verið farið almennilega í saumana á þessu til að byrja með. Og svo er ekkert hægt að bakka með neitt út af þessum fyrirtækjum, er ekki búið að gefa út öll blessuð leyfin?“

# Má alls ekki sjást í kjúklinginn

**Félag eigenda- og ræktenda landnámshænsna stóð fyrir fegurðarsamkeppni á Hrafnagili. Svo virðist sem íslenski stofninn sé með þeim fáu þar sem eiginleikar víkinganna hafa ekki farið forgörðum.**

Mikill mannfjöldi var saman kominn um síðustu helgi að Hrafnagili í Eyjafirði, en þar fór fram stórsýning Eigenda- og ræktendafélags landnámshænsna.

Haninn Jónsi á svörtum fötum sigraði í sérstakri fegurðarsamkeppni sem haldin var og hænan Grána var kosin sú fegursta, en það er ekki á hverra færi að vinna til þessara verðlauna. „Til að verða verðlaunahani þarf hann að vera stór og stæltur rétt eins og í hverri annarri fegurðarsamkeppni,“ segir Jóhanna Harðardóttir formaður félagsins. „Þeir þurfa líka að vera með fallegt fiður. Þeir mega ekki vera eins og reittir hanar og því mega alls ekki vera göt á þeim, eða eins og einn ungur áhorfandi sagði, „það er svo ljótt þegar sést í kjúklinginn á þeim.“ Svo er það afar mikilvægt að þeir séu með fallegan kamb og stél.“

Það er líka eins gott fyrir hana að vera stæltur og fallegur því venjulega þarf hver hani að sinna átta hænum.

„Grána var afar vel að sigrinum komin því hún er með svo afskaplega fallegar fjaðrir. Hver einasta fjöður var brydduð, svo er hún þykk og breið að aftan en það þykir gott ef þær eru svolítið mjaðmamiklar og þar að auki er hún brosmild þannig að hún



**STOLTIR EIGENDUR MEÐ VINNINGSHAFANA** Fegurðarkóngurinn Jónsi á svörtum fötum situr hér á armi eigandi síns Einars Gíslasonar og fegurðardrottningin á armi síns eiganda Atla Vigfússonar. JÓHANNA HARÐARDÓTTIR

rústaði keppninni eins og unglingarnir myndu segja.“

En hvað eru landnámshænsn? „Þetta eru gömlu íslensku hænsnin sem komið var með fyrir um þúsund árum en enginn vissi að væru til fyrr en fyrir fimm árum, þegar þetta félag kom til skjalanna. Síðan er ræktunin komin í mjög gott horf, ég fékk staðfestingu á því nú fyrir skemmstu þegar ég var á þingi úti í Danmörku þar sem saman voru komnir ræktendur gamalla stofna. Þeir voru á því að Íslendingar sköruðu fram úr í þessum efnum. Íslenska hænan er eins og villtur fugl: sjálfbjarga, dugleg, þolir kulda, litfögur og svo eru þær duglegar að verpa. Í nágrannalöndunum hafa þeir verið að reyna að rækta upp sína gömlu stofna en það gengur ekki svona vel. Það virðist bara vera komin úr þeim allur víkingurinn,“ segir Jóhanna, stolt af sínum hænsnastofni. **jse@frettabladid.is**

Kvennareið í Dölum:

# Konur ríða og karlar elda

Rúmlega hundrað konur tóku þátt í hinni árlegu kvennareið í Dölum um síðustu helgi, sem að þessu sinni var farin frá Geirmundarstöðum við Skarðsströnd. Riðið var yfir Skarð niður að Barmi og hringur tekinn að Klifmýri sem einnig er á Skarðsströnd. „Eiginmennirnir komu svo á trússbílum og spiluðu fyrir okkur á gítar og báru fram veitingar á hverjum áfangastað,“ segir Gróa Dal Haraldsdóttir reiðkona. „Að endingu grilluðu þeir svo fyrir okkur og þá var mikið húllumhæ. Og við sem vorum ekki búnar að fá nóg fórum svo á pöbbinn eftir grillið og vorum fram eftir nóttu.“

Hún segir að karlarnir skemmti sér engu síður en konurnar sem lifa eins og prinsessur þennan dag og er venjulega mánaðarlöng tilhlökkun fyrir þennan dag. „Ég er alltaf að segja körlunum að gera eitthvað svipað og við myndum þá stjana við þá en þeir hafa bara ekki rænu á því.“



**ÓLÖF EDDA EYSTEINSDÓTTIR OG GRÓA DAL HARALDSDÓTTIR** Þær stöllur nutu dagsins enda fóru þær um á fákum og eiginmenn báru þær á höndum hvar sem þær komu sér af baki. BJÖRN A. EINARSSON

Farin er ný leið á hverju ári og eru þá heimamenn á því svæði þaðan sem lagt er af stað jafnan ábyrgir fyrir skipulaginu. Sú ábyrgð var því í höndum Skarðstrendinga að þessu sinni og fórst þeim það vel úr hendi að sögn Gróu Dal. **- jse**




Bólurnar burt!
Aðalréttur - eftirréttur
ALLTAF GOTT!
FERSKJUR, ferskar og frábærar
GÓÐAR Á MILLI MÁLA!
- og í bústið, salatið, sultuna!
EKKERT BRUÐL!
FERSKJUR
159 KR.
KÍLÓVERÐ
bonus.is
Komdu í Bónus!
Bólupenni sem þurrkar upp allar bólur!
Fínkorna djúphreinsigel
Rakadagkrem fyrir óhreina húð
Nýtt í Bónus!
Hreinsigel með sinki og salisýlsýru
Djúphreinsandi andlitsvatn
NÝTT KJÖTFARS
frá Kjötbankanum
KB KJÖTFARS
129 KR.
400g
400g
FOLALDAKJÖT
Kofareykt frá Kjarnafæði
45% afsláttur við kassann
KOFAREYKT FOLALDAKJÖT
362 kg KR.
MERKT VERÐ 659 KR.
TEXASPYLSA
Sjóðið eða steikið í sneiðum á pönnu
KF TEXASPYLSA
419 kg KR.
MERKT VERÐ 699 KR.
40% afsláttur við kassann
Bónus býður betur!
ALI BJÚGU
377 kg KR.
MERKT VERÐ 539 KR.
30% afsláttur við kassann
LAMBARIF
spikfeit og bragðmikil
35% afsláttur við kassann
SPIKFEIT OG KRASSANDI RIF
259 kg KR.
MERKT VERÐ 399 KR.
HROSSAKJÖT
Úrbeinað og saltað
KF HROSSASALTKJÖT ÚRB.
441 kg KR.
MERKT VERÐ 679 KR.
35% afsláttur við kassann
Örtrefja klúturinn
ÖRTREFJAKLÚTUR
89 KR.
BEINLAUSI LAXINN
FRÁ NORÐANFISKI
FROSNIR LAXABITAR
999 KR.
KÍLÓVERÐ
SKÖTUSELUR roð- og brjósklaus, 600g
Frábær frosin afurð - frábært verð!
ROÐ OG BRJÓSKLAUS SKÖTUSELUR
998 KR.
600g
HRÍSGRJÓN
EUROSHOPPER
HRÍSGRJÓN
159 KR.
2 kíló í poka
2 kg
FRAMHRYGGJARSNEIÐAR
villibráðarkryddaðar með rifi
40% afsláttur við kassann
FRAMHRYGGJARSNEIÐAR MEÐ RIFI (VILLIKRYDD)
1199 kg KR.
MERKT VERÐ 1998 KR.
ÚRBEINAÐAR SVÍNAKÓTELETTUR
hunangsmarineraðar og léttreyktar
30% afsláttur við kassann
ALI HEINAÐAR SVÍNAKÓTELETTUR
1518 kg KR.
MERKT VERÐ 2168 KR.
Bónus hamborgarar 80g - 115g og 200g
FROSNIR OG FRÁBÆRIR
30% afsláttur við kassann
5 x 200g
909 KR.
MERKT VERÐ 1299 KR.
10 x 80g
699 KR.
MERKT VERÐ 999 KR.
10 x 115g
979 KR.
MERKT VERÐ 1399 KR.
SPAGETTÍ
EUROSHOPPER
SPAGETTÍ
69 KR.
kílóið
1 kg
Tortellini 1 kg
kílópakkning
Kjöt/ostur
TORTELLINI
399 kg KR.
SAN MARCO PITSUR
199 KR.
2 Í KASSA
SAN MARCO PITSA
2 pitsur í kassa
4 XL brauð
98 KR.
XL
4 trölla hamborgara brauð!
www.bonus.is
BÓNUS

## Fjöldi fornleifarannsókna:

> Fjöldi rannsókna sem Fornleifavernd ríkisins hefur veitt leyfi fyrir.




*það sem af er ári

# baksvið
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** ALÞJÓÐA HVALVEIÐIRÁÐIÐ

## *Sum aðildarríki liggja ekki að sjó*

Sjávarútvegsráðuneytið íhugar nú að hefja hvalveiðar í atvinnuskyni á ný eftir 17 ára hlé. Alþjóða hvalveiðiráðið er alþjóðlegt samband um skipulag á hvalveiði.

**Hvað er Alþjóða hvalveiðiráðið?**
Alþjóða hvalveiðiráðið var stofnað af Alþjóðlega sáttmálanum um hvalveiðireglugerðir 2. desember 1946, til að vernda hvalastofninn. Ráðið starfar í trausti þess að aðildarríki vilji sjálfra sín vegna viðhalda hvalastofnunum og taka upp reglugerðir til að vernda stofninn gegn ágangi. Ráðið heldur árlega fundi og færist gestgjafahlutverkið milli aðildarþjóða á hverju ári.

**Um hvað er deilt í ráðinu?**
Frá seinni hluta níunda áratugarins var tekist hart á um verndarstefnu hvalveiðiráðsins og töldu margir tímabært að hefja hrefnuveiðar, þar sem margir stofnar væru orðnir nógu fjölmennir til að leyfa takmarkaðar veiðar. Upp úr þessu hefur spunnist eitt hatramasta deilumál síðari ára, þar sem þjóðir fylgjandi hvalveiðum efast um lögmæti ákvarðana hvalveiðiráðsins.

**Hverjir eiga aðild að ráðinu?**
Ekki er skylduaðild að hvalveiðiráðinu og sögðu Íslendingar sig úr ráðinu árið 1991, þar sem þeir fengu ekki að hefja takmarkaðar veiðar. Þá hafði hvalveiðibann á landinu staðið í tvö ár. Ísland fór aftur í ráðið árið 2002 og stundar nú takmarkaðar hvalveiðar í vísindaskyni. Nú eru um 70 aðildarríki í ráðinu og stunda þau ekki öll hvalveiðar. Átta landanna liggja ekki að sjó.



## SPURT & SVARAÐ
**FRIÐARGÆSLAN Á SRÍ LANKA**



ÞORBJÖRN JÓNSSON SENDIRÁÐUNAUTUR

### *Borgaraleg sendiferð*

Íslendingar eru aðilar að norrænu vopnahléseftirlitsnefndinni á Srí Lanka, SLMM (Sri Lanka Monitoring Mission). Þorbjörn Jónsson er sendiráðunautur Íslensku friðargæslunnar.

**Hvenær hófst aðild Íslands að SLMM og hversu margir Íslendingar starfa við nefndina?**
2002, þegar henni var komið á fót. Við byrjuðum með tvo en síðastliðin tvö ár hafa fjórir til fimm verið að jafnaði. Þarna hafa verið lögreglumenn, menn með starfsreynslu frá Landhelgisgæslu, lögfræðingar, fjölmiðlafólk og fleira. Venjulega er gerður samningur til sex mánaða, sem oft hefur verið framlengdur upp í eitt ár.

**Hvað felst í starfinu?**
Þetta er borgaraleg sendiferð sem hefur ekkert hernaðarlegt hlutverk og engan búnað til þess. Þetta eru eftirlitsmenn sem fylgjast með vopnahléinu, rannsaka atvik og halda reglulega fundi með aðilum.

# Aldrei fleiri fornleifarannsóknir

**Sumarið er tími fornleifauppgraftar og aldrei hafa verið unnar fleiri rannsóknir á því sviði en í ár. Nú er unnið að rúmlega fimmtíu fornleifarannsóknum víða um land og margt merkilegt hefur komið upp úr moldinni.**



**UPPGRÖFTUR LANGHÚSS Á HRÍSBRÚ Í MOSFELLSDAL** Í sumar hefur verið unnið að uppgrefti á langhúsi og stendur hann enn. Nú þegar er búið að grafa upp 26 metra af húsinu og ljóst að það á meira eftir að koma í ljós. FRÉTTABLAÐIÐ/ÖRLYGUR HNEFILL

„Við höfum veitt leyfi til fimmtíu fornleifarannsókna í ár og það er rúmlega tvöföldun frá árinu 2002," segir Dr. Kristín Huld Sigurðardóttir, forstöðumaður Fornleifaverndar ríkisins.

„Það eru tvær tegundir fornleifarannsókna sem eru algengastar. Annars vegar rannsóknir sem framkvæmdar eru að frumkvæði rannsóknaraðilanna og hins vegar framkvæmdatengdar rannsóknir. Framkvæmdatengdar rannsóknir fara oftast fram í tengslum við virkjana- og vegaframkvæmdir og þeim hefur fjölgað mjög mikið undanfarin ár," segir Kristín.

Fornleifavernd ríkisins sér um leyfisveitingar til þeirra sem hyggjast framkvæma uppgröft og aðrar fornleifarannsóknir, en stofnunin heyrir undir menntamálaráðuneytið. Stofnunin hefur starfsstöðvar á fimm stöðum á landinu.

„Við teljum mjög mikilvægt að hafa sérstaka stofnun sem hefur umsjón með fornleifarannsóknum, sérstaklega þar sem þeim hefur fjölgað mikið undanfarin ár," segir Kristín.

### Á slóðum landnema

Jesse Byock, prófessor í norrænni fornleifafræði við Háskólann í Kaliforníu, hefur stjórnað uppgrefti í Mosfellsdal undanfarin tíu ár. Þar af hefur verið grafið í sjö ár við Hrísbrú. Ýmsar merkar fornminjar hafa fundist við uppgröftinn á Hrísbrú, meðal annars kirkja og grafir úr kristnum og heiðnum sið. Í sumar hefur verið unnið að uppgrefti á langhúsi og stendur hann enn. Nú þegar er búið að grafa upp 26 metra af húsinu og ljóst að það á meira eftir að koma í ljós.

„Með fornleifarannsóknum lærum við um hvernig fólk bjó til forna. Til eru ýmsar hugmyndir en með rannsóknunum getum við borið saman þær heimildir sem eru til og niðurstöður rannsóknanna," segir Jesse.

Hann segir fornleifarannsóknir mikilvægar svo fólk fræðist um sögu þjóðar sinnar. Hann segir Íslendinga eiga mjög merkilega sögu og það hafi verið hún sem vakti áhuga hans á að koma hingað til lands og hefja rannsóknir.

„Ég hafði lesið Íslendingasögur og aðrar heimildir og það varð til þess að ég ákvað að koma hingað í Mosfellsdal," segir Jesse.

### Merkir fundir sumarsins

Töluvert hefur fundist af merkum munum við uppgröft í sumar. Þrjár bækur fundust við uppgröft á Skriðuklaustri í Fljótsdal, en það er í fyrsta skipti sem bækur hafa varðveist frá fornleifauppgrefti hérlendis. Um er að ræða skinnhandrit frá fyrri hluta miðalda sem skrifuð eru á latínu með gotnesku letri. Bækurnar fundust í þremur gröfum og lágu þær opnar ofan á brjóstkassa beinagrindanna. Þá var unnið að uppgrefti klausturhúsanna á Skriðuklaustri og fundust ýmsir smærri munir þar.

Rústir miðaldakirkju fundust við uppgröft á Gásum í Eyjafirði.



**BÆKUR FINNAST Á SKRIÐUKLAUSTRI** Þrjár bækur hafa fundust við uppgröft á Skriðuklaustri í sumar. MYND/GUNNAR GUNNARSSON

Eru það rústir af þremur kirkjum sem stóðu á sama kirkjustæðinu á mismunandi tímabilum og er sú yngsta frá því eftir 1300. Talið er að kirkjan hafi þjónað erlendum kaupmönnum sem stunduðu viðskipti á Gásum.

Á Hólum í Hjaltadal var grafið niður á hús frá miðöldum en það var í öskuhaug. Það hús er með byggingarlagi sem ekki hefur sést áður hérlendis og verður það rannsakað nánar næsta sumar. Þá var unnið áfram að uppgrefti í prenthúsinu á Hólum en þetta er þriðja sumarið sem grafið er þar. Eftir þetta sumar verða gripirnir sem grafnir hafa verið upp orðnir um 45 þúsund, en grafið hefur verið á Hólum frá árinu 2002. Hólarannsóknin hefur verið styrkt af Kristnihátíðarsjóði fram til þessa en sveitarfélagið Skagafjörður mun frá áramótum styrkja verkefnið.

### Úrvinnsla og skráning mikilvæg

Eins og veðurfar er á Íslandi er einungis hægt að grafa hluta úr árinu. Það eru hins vegar næg verkefni yfir vetrarmánuðina því mikil vinna liggur í úrvinnslu þeirra gagna sem aflað er yfir sumartímann. Þá fer á veturna fram skipulagningarvinna fyrir uppgröft sumarsins.

### HELSTU FORNLEIFARANNSÓKNIR SUMARSINS

**RANNSÓKNIR Í VÍSINDALEGUM TILGANGI:**

**Skálholt í Bláskógabyggð**
Framhaldsrannsókn á biskupssetri.
**Kirkjubæjarklaustur í Skaftárhreppi**
Framhaldsrannsókn á nunnuklaustri.
**Reykholt í Borgarfirði**
Framhaldsrannsókn á gamla kirkjustæði Reykholtskirkju.
**Þingvellir við Öxará**
Framhaldsrannsókn á þingstaðnum.
**Bær í Öræfum, A-Skaftafellssýslu**
Framhaldsrannsókn á bæ undir Salthöfða.
**Mosfellssv. Hrísbrú, Leirvogur og Borg**. Framhaldsrannsókn á kirkju og álagahól.
**Skriðuklaustur í Fljótsdal**
Framhaldsrannsókn á munkaklaustri.
**Gásir í Hörgárbyggð**
Framhaldsrannsókn á verslunarstað.
**Vatnsfjörður við Ísafjarðardjúp**
Framhaldsrannsókn á bæjarstæði.
**Hólar í Hjaltadal**
Framhaldsrannsókn á biskupsstól.

**RANNSÓKNIR GERÐAR VEGNA FYRIRHUGAÐRA FRAMKVÆMDA:**

**Arnarnesland-Akraland, Garðabæ**
Fornleifarannsókn á tóft vegna framkvæmda við íbúðarhverfi.
**Nesstofa, Seltjarnarnesi**
Vegstæði að Nesstofusafni. Uppgröftur vegna framkvæmda.

Fornleifavernd ríkisins vinnur nú að fornleifaskrá og er búið að skrá um tuttugu prósent landsins. Kristín Huld segir skráningu fornminja með mikilvægari verkefnum stofnunarinnar. Góð skráning gagnist bæði fornleifafræðingum við frekari rannsóknir og fyrirtækjum sem undirbúa stórframkvæmdir. Skráning fornleifa getur komið í veg fyrir að framkvæmdir tefjist vegna óvæntra fornleifafunda.



FRÉTTASKÝRING
ÖRLYGUR HNEFILL ÖRLYGSSON
hnefill@frettabladid.is



**Sérblað um skóla og námskeið fylgir Fréttablaðinu 18. ágúst**

**Meðal efnis er:**

- Alþjóðaskólinn
- Nýtt háskólanám
- Tungumálanámskeið
- Dómaranámskeið
- Háskólinn á Akureyri
- Myndlistarnám
- Lesblinda
- Skólavörur
- Aukin ökuréttindi

Áhugasamir auglýsendur vinsamlegast hafið samband við Helgu Kristjánsdóttur | sími 550-5821 | helga@frett.is

FRÉTTABLAÐIÐ
– vel lesið




HÉR & NÚ / SÍA

Umboðsaðilar: Reykjanesbær, Bernhard, sími 421 7800 - Akranes, Bílver, sími 431 1985 - Akureyri, Höldur, sími 461 6020 - Vestmannaeyjar, Bragginn, sími 481 1535

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 5.403 **+0,17%** **Fjöldi viðskipta:** 193 **Velta:** 3.160 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Flaga** | +3,51% | **Össur** | -1,32% |
| **FL Group** | +3,27% | **Straumur-Burðarás** | -1,26% |
| **Vinnslustöðin** | +1,18% | **Dagsbrún** | -1,12% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 64,00 -0,47% ... Alfesca 4,22 -0,47% ... Atlantic Petroleum 555,00 +0,00% ... Atorka 5,80 +0,87% ... Avion 31,70 -0,32% ... Bakkavör 51,30 +0,98% ... Dagsbrún 5,32 -1,12% ... FL Group 15,80 +3,27% ... Glitnir 17,60 -0,57% ... KB banki 710,00 +0,57% ... Landsbankinn 21,60 +0,47% ... Marel 81,00 -0,61% ... Mosaic Fashions 17,00 +0,00% ... Straumur-Burðarás 15,70 -1,26% ... Össur 112,50 -1,32%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Segir Keops vera vanmetið

Steven Brooker, sérfræðingur sænska bankans SEB í Kaupmannahöfn, segir verðmat norræna bankans Nordea á fasteignafélaginu Keops, sem er að þrjátíu prósentum í eigu Baugs, byggjast á röngum forsendum og einkennast af svartsýni sem ekki eigi rétt á sér. Brooker metur bréf í Keops á 26 danskar krónur á hlut.

Nordea sendi á dögunum frá sér verðmat á Keops þar sem bréf í félaginu eru metin á 13,10 danskar krónur. Þar var þeirri skoðun lýst að bréf í félaginu væru allt of hátt metin. Bréf í Keops féllu snarpt í kjölfarið og fóru lægst í rúmlega 17,50 danskar krónur á hlut. Bréfin hafa síðan hækkað á ný og standa nú í rúmum nítján krónum á hlut. „Það er víða pottur brotinn í verðmati Nordea. Til að mynda er þriðjungs eignarhlutur Keops í fasteignafélaginu Capi Nordic allt of lágt metinn. Það eitt og sér ætti að hækka verðmatsgengið um þrjár danskar krónur á hlut," segir Steven Brooker og bætir við „Nordea vanmetur auk þess gildi eigna Keops og gerir ráð fyrir full erfiðum markaðsaðstæðum. Okkar verðmat hljóðar upp á 26 danskar krónur á hlut."

Keops á fasteignir sem metnar eru á tæpa 160 milljarða íslenskra króna. Bréf í félaginu hækkuðu um 650 prósent á síðasta ári og fóru hæst í 37 danskar krónur á hlut. **-jsk**



**HÖFUÐSTÖÐVAR KEOPS Í DANMÖRKU** Fasteignafélagið Keops á fasteignir sem metnar eru á 160 milljarða íslenskra króna.

# Sparisjóðabankinn slær hagnaðarmet

**Kostnaðarhlutfall sjóðsins var 16 prósent og arðsemin yfir 50 prósentum.**

Sparisjóðabanki Íslands, sem er í eigu sparisjóðanna, hagnaðist um 1.759 milljónir króna á fyrri helmingi ársins og nam arðsemi eigin fjár yfir fimmtíu prósentum á ársgrundvelli. Þetta er um 130 prósenta aukning frá sama tímabili í fyrra.

Nokkur vöxtur var í hreinum vaxtatekjum og þóknunartekjum en meginástæða þessa mikla hagnaðar er rakin til hækkunar á verðbréfaeign bankans, einkum 4,6 prósenta hlut í Exista.

Aðeins tólf milljónir króna voru gjaldfærðar vegna virðisrýrnunar útlána. Þá var kostnaðarhlutfall bankans undir sextán prósentum á tímabilinu sem er það lægsta sem þekkist hérlendis.

Eignir bankans voru um 79 milljarðar króna við lok tímabilsins og höfðu hækkað um tæpt 21 prósent frá áramótum. Eigið fé bankans nam um 8,1 milljarði króna en auk hagnaðar var hlutafé aukið í apríl á genginu 7,5. Innra virði hlutafjár er nú komið í 11,7 krónur á hlut. **- eþa**



**FINNUR SVEINBJÖRNSSON, BANKASTJÓRI** Sparisjóðabankinn meira en tvöfaldaði hagnað á fyrri hluta ársins samanborið við sama tíma í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# UBS græðir á ríkum kúnnum

Hagnaður svissneska bankans UBS, annars stærsta banka Evrópu, nam rúmum 3,1 milljarði svissneskra franka, jafnvirði 181 milljarðs íslenskrar króna, á öðrum fjórðungi ársins. Þetta er 47 prósentum meiri hagnaður en á sama tíma fyrir ári og nokkuð umfram væntingar.

Hagnaður bankans skýrist af þjónustugjöldum efnaðra viðskiptavina.

Fyrri hluti þessa árs einkenndist af útrás og yfirtökum á fjármálafyrirtækjum í Brasilíu og Bandaríkjunum. Með viðskiptunum nældi bankinn sér í auðuga viðskiptavini sem búist er við að muni auka hagnað hans á næstu árum **- jab**

# Samdráttur hjá Wal-Mart

Hagnaður bandarísku verslanakeðjunnar Wal-Mart á öðrum ársfjórðungi nam tæpum 2,1 milljarði bandaríkjadala, jafnvirði 148 milljarða íslenskra króna. Þetta er 720 milljónum dölum minna en á sama tíma fyrir ári og í fyrsta sinn í áratug sem hagnaður verslanakeðjunnar dregst saman á milli ára.

Helstu ástæður minni hagnaðar eru þær að fyrirtækið hætti við útrás á þýskan markað og ákvað að selja 85 verslanir keðjunnar til þýska keppinautarins Metro í síðasta mánuði. Talið er að tap Wal-Mart vegna þessa geti numið allt að einum milljarði dala, um 75 milljörðum króna. Þá flutti fyrirtækið sig sömuleiðis frá Suður-Kóreu með nokkrum kostnaði.

Wal-Mart, sem rekur 6.400 verslanir í 15 löndum, hefur orðið fyrir nokkrum skakkaföllum á síðustu mánuðum, meðal annars vegna minni sölu í kjölfar aukinnar samkeppni. **- jab**

# Kaupa franskt fyrirtæki

Stjórnendur Fram Foods hf. hafa náð samkomulagi við eigendur franska matvælafyrirtækisins Fjord King um kaup á öllu hlutafé félagsins. Fjord King rekur eina verksmiðju í París og sérhæfir sig í framleiðslu kældra sjávarafurða fyrir franska Kosher-markaðinn.

Í fréttatilkynningu frá Fram Foods segir að með kaupunum á Fjord King styrki félagið stöðu sína í Frakklandi verulega.



**VÖRUR FRAM FOODS**

Kaupin falli mjög vel að stefnu og framtíðarsýn Fram Foods sem er að vera leiðandi fyrirtæki í framleiðslu og sölu á kældum sjávarafurðum í Evrópu.

Fram Foods hf. kaupir nú 74 prósenta hlut í Fjord King en 26 prósent verða keypt innan nokkurra missera samkvæmt samkomulagi. Kaupverð hlutabréfanna er ekki gefið upp. **- hhs**







# „Þetta hús hefur ekki verið málað í níu ár.“

*„Við notuðum Steinvara 2000 frá Málningu hf.,*
*málningu sem ég hef sannreynt að þolir íslenskar aðstæður*
*betur en útimálning frá öðrum framleiðendum.*
*Og hér sjáið þið árangurinn.*
*Þetta hús er jafnglæsilegt og fyrir níu árum.“*
*Baldvin Már Frederiksen, málarameistari.*




**Útsölustaðir Málningar: Byko Kópavogi • Byko Hringbraut • Litaver Grensásvegi • Byko Hafnarfirði • Málningarbúðin Akranesi • Byko Akranesi • Axel Þórarinsson, málarameistari, Borgarnesi • Verslunin Hamrar, Grundarfirði • Litabúðin Ólafsvík • Núpur byggingavöruverslun Ísafirði • Vilhelm Guðbjartsson, málarameistari, Hvammstanga • Verslunin Eyri, Sauðárkróki • Byko Akureyri • Verslunin Valberg, Ólafsfirði • Byko Reyðarfirði • Verslunin Vík, Neskaupstað • Byko Selfossi • Miðstöðin Vestmannaeyjum • Byko Keflavík • Rúnar Sig. Sigurjónsson, málarameistari, Grindavík**

**málning**
*- það segir sig sjálft -*

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN EHF./SIA.IS - MAL 33606 08/2006

# skoðun

SJÓNARMIÐ
JÓN KALDAL

Skynsemin segir okkur að láta stærstu íbúa jarðar í friði.

## Hvalir og tilfinningar

Fyrir rúmlega fimm árum datt ónefndum íslenskum athafnamanni í hug að sækja um leyfi til stjórnvalda til að setja á fót bú þar sem hann hugðist rækta hunda til manneldis. Varla þarf að taka fram að hann ætlaði kjötið til útflutnings en ekki á heimamarkað. Viðbrögð þjóðarinnar voru á tvenna lund, annars vegar tók fólk þessu sem lélegum brandara, og hins vegar var hugmyndin harðlega fordæmd, eins og hundakjötsát er reyndar almennt gert á Vesturlöndum.

Í Kóreu þykja hundar hins vegar herramannsmatur. Þar bjóða mörg þúsund veitingastaðir upp á svokallaða poshintang-súpu úr hundakjöti. Þetta er vinsæll réttur, sérstaklega á heitum sumardögum enda þykir hundasúpan sérlega svalandi og auk þess mýkjandi fyrir húð kvenna.

Af hverju er um þetta ritað hér? Jú, vegna þess að samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er til skoðunar innan sjávarútvegsráðuneytisins að leyfa á nýjan leik hvalveiðar í atvinnuskyni, og að skoðanakannanir hafi ítrekað sýnt að mikill meirihluti þjóðarinnar er því fylgjandi þrátt fyrir augljósa andstöðu alþjóðasamfélagsins. Er þjóðin þar í sömu sporum og Kóreubúar sem vilja halda áfram að borða sína hunda þrátt fyrir fordæmingu þeirra sem ekki eru vanir þeirri hefð.

Hvalveiðar í atvinnuskyni eru nú til skoðunar vegna þess að ekki eru lengur í gildi skilyrði sem sett voru fyrir inngöngu Íslands á nýjan leik í Alþjóðahvalveiðiráðið fyrir fjórum árum. Með endurnýjaðri þátttöku í ráðinu átti að freista þess að vinna hvalveiðum í atvinnuskyni fylgi á þeim vettvangi en það gekk ekki eftir. Ekki dugar þótt sýnt hafi verið fram á með vísindalegum hætti að fjölmargir hvalastofnar eru ekki í útrýmingarhættu og þola því hæglega skynsamlega nýtingu.

*Rétt eins og það álit að hundaát Kóreubúa sé skepnuskapur, byggir andúð alþjóðasamfélagsins á hvalveiðum á tilfinningalegum rökum.*

Rétt eins og það álit að hundaát Kóreubúa sé skepnuskapur, byggir andúð alþjóðasamfélagsins á hvalveiðum á tilfinningalegum rökum.

Það er hins vegar dálítið kaldhæðnislegt að á sama tíma og mótspyrnu við hvalveiðar er viðhaldið á heimsvísu vegna væntumþykju í garð þessara stærstu íbúa jarðarinnar, er nánast hægt að fullyrða að sú eindregna skoðun meirihluta Íslendinga að við eigum að hefja hvalveiðar sem fyrst, er einnig mun frekar byggð á tilfinningum, og nánast þjóðrembu, en skynsemi. Þannig er viðhorfið þegar rætt er um hvalveiðar gjarnan á þá leið að öðrum þjóðum komi ekki við hvernig náttúruauðlindir eru nýttar hér á landi ef það er gert á hóflegan hátt.

Það er þó alveg morgunljóst að tekjur þjóðarbúsins af hvalveiðum yrðu óverulegar. Reynsla úr fortíð segir okkur líka að þeim fylgi mikil hætta á grimmilegum mótmælum og jafnvel verður allt sem íslenskt er sniðgengið, sem gæti haft alvarlegar afleiðingar fyrir einhæfan útflutning landsins sem og þá miklu uppbyggingu sem ferðaþjónustan hefur staðið í undanfarin ár. Skynsemin segir okkur því að láta hvalina í friði.






## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Hvað þýðir aldursforseti?

Á vef Alþingis kennir margra grasa. Þar má meðal annars sjá lista yfir þingmenn og hverjar helstu vegtyllur þeirra eru, svo sem ráðherratign, formennska eða varaformennska í þingflokki og hvort viðkomandi tilheyri fríðum flokki forseta þingsins. Einn titill sker sig úr en það er titillinn aldursforseti og það er ekki laust við að menn reki upp stór augu þegar sjá má að það er Halldór Ásgrímsson sem fær þann titil. Lausleg könnun leiðir í ljós að það eru hvorki fleiri né færri en 13 þingmenn sem eru Halldóri eldri í árum talið og nafni hans Blöndal þar efstur á blaði. Hins vegar á Halldór Ásgrímsson flest árin að baki sem þingmaður en það réttlætir varla að skrá hann aldursforseta þingsins eða hvað?



### Samsæri og plott

Miklar samsæriskenningar eru komnar á kreik fyrir flokksþing framsóknarmanna um næstu helgi, Þannig lagði RÚV mikla merkingu í það að Siv Friðleifsdóttir, Guðni Ágústsson og Birkir Jón Jónsson hefðu haldið sameiginlegan fund á Ísafirði á mánudagskvöldið. Hætt er við að þeir útvarpsmenn hefðu lent í vandræðum með að skilgreina plottið í því að Siv og Birkir Jón héldu sameiginlega fundi með Jóni Sigurðssyni bæði á Reyðarfirði og Egilsstöðum daginn áður og að Siv og Jón, keppinautarnir um formannssætið héldu saman fund á Húsavík í síðustu viku.

### Álit álitsgjafans

Andrés Magnússon, blaðamaður á Blaðinu, fór mikinn í sjónvarpsþætti á Omega í vikunni þar sem hann ræddi um fréttaflutning frá átakasvæðunum í Líbanon og Palestínu við Ólaf Jóhannsson, forsprakka félagsins Zion vinir Ísraels. Ekki skal fullyrt hér að þeir hafi verið sammála um rót vandans, en þeir virtust þó ekki geta séð annað en að fréttaflutningur af átakasvæðunum væri alltof einhliða og oftar en ekki falsaður.



**ssal@frettabladid.is**
**magnush@frettabladid.is**

## Annað en við höfum

Í DAG
STJÓRNMÁL



JÓN ORMUR HALLDÓRSSON

Einn sérstæðasti stjórnmálamaður sem ég hef hitt um ævina heitir Chamlong Srimuang. Þegar ég hitti manninn var hann borgarstjóri Bangkok. Undirsátar hans gengu í silkifötum og létu aka sér um á fínustu bílum, enda borgin vellauðug og óhemjustór. Chamlong gekk hins vegar um á lélegum sandölum og var í grófum bómullarstakk af því tagi sem hrísgrjónabændur klæðast á ökrunum. Skoðanir Chamlongs eru þannig að enginn stjórnmálafræðingur gæti flokkað þær niður í þægilega og vel merkta kassa en einlægnin í þeim var heillandi. Fólk treysti líka Chamlong og veitti honum yfirburðasigur í Bangkok. Seinna leiddi hann mótmæli milljóna manna sem enduðu með falli síðustu einræðisstjórnar Taílands fyrir röskum áratug. Chamlong var herforingi á yngri árum og aðstoðarmaður forsætisráðherra en gerðist svo munkur í óvanalegri og strangri reglu innan búddadóms. Mér var sýnt frístundahúsið hans utan við Bangkok. Það reyndist ekki hús í venjulegum skilningi því veggi vantaði. Þetta voru fjórir fermetrar af trégólfi en súlur héldu stráþaki yfir því. Þarna var ekkert enda þarfnaðist þessi maður einskis.

*Eða finnst einhverjum það einkenni á íslenska stjórnmálaheiminum hvað hann er vel mannaður af fólki sem ber af í okkar þjóðfélagi fyrir þekkingu, ósérdrægni og fagmennsku?*

Ég var minntur á Chamlong í vikunni því nú er þessi sérstæði munkur og stjórnmálamaður í hann veginn að koma núverandi forsætisráðherra frá völdum, hinum auðuga og spillta Thaksin. Það var raunar Chamlong sem kom Thaksin til valda á sínum tíma en hann segist ekki hafa áttað sig á því þá hvað maðurinn er spilltur. Það voru þó ekki taílensk stjórnmál sem fengu mig til að hugsa lengi um Chamlong, heldur stjórnmál miklu nær okkur. Stutt samtal við manninn þarna um árið og lengri fyrirlestur sem ég heyrði hann flytja leiddu í ljós að ég var Chamlong ekki sammála um margt. Ég fékk að hitta hann út á það eitt að aðstoðarmaður hans komst að því að ég borða ekki kjöt. Ég var kynntur fyrir borgarstjóranum sem grænmetisæta, búsett í Hollandi. Andúð á dýradrápi til manneldis reyndist líka ein af tiltölulega fáum veraldlegum skoðunum sem ég deildi með þessum sérstaka manni. Samt hefði ég kosið hann ef ég hefði búið í Bangkok.

Sú minning leiddi til hugsana um hvers menn leita þegar þeir kjósa stjórnmálamenn. Svarið við því var augljóst hér áður. Menn kusu þann flokk sem varði hagsmuni þeirra eða fylgdi hugsjónum þeirra. Í seinni tíð hefur þeirri kenningu vaxið fylgi víða um heim að stórfelldur ágreiningur um skipulag efnahagslífsins sé úr sögunni og því skipti mestu að kjósa fólk sem líklegt er til að reka ríkiskerfið af kunnáttusemi, heiðarleika og fagmennsku. Auðvitað er enn munur á hægri flokkum og vinstri flokkum en hann hefur greinilega minnkað og þar sem flestir flokkar virðast líka geta unnið saman segja margir að mestu skipti að finna fólk sem sameinar þekkingu, kunnáttusemi og heiðarleika og getur með þeim hætti unnið af fagmennsku.

Hvað skyldi ráða vali manna á Íslandi á stjórnmálaflokkum? Eru menn að leita að færum einstaklingum með mikla þekkingu og yfirsýn og í leiðinni að ósérplægnu fólki sem lætur ekki stjórnast af hagsmunum sínum eða vina sinna? Ef svo er virðist hafa komið upp óheppilegt misræmi á milli eftirspurnar og framboðs í íslenskum stjórnmálum. Eða finnst einhverjum það einkenni á íslenska stjórnmálaheiminum hvað hann er vel mannaður af fólki sem ber af í okkar þjóðfélagi fyrir þekkingu, ósérdrægni og fagmennsku? Eru það þá hugsjónir sem ráða vali manna? Þá væri Alþingi og ríkisstjórn væntanlega skipuð úrvali pólítískra hugsjónamanna í samfélaginu. Eða ráða kannski persónulegir hagsmunir mestu um val manna á fólki og flokkum? Sjálfsagt fyrir suma en örugglega ekki fyrir alla því ekki væri nema fyrir það að hagsmunir manna hafa orðið flóknari og ógreinilegri en áður. Líklega er verulegt misræmi á milli framboðs og eftirspurnar í íslenskum stjórnmálum.

Sem betur fer þurfum við ekki mann á borð við Chamlong sem allir treysta í gerspilltum heimi vegna þess eins að hann á ekki neitt og langar ekki í neitt. Slíkir menn eru líka nokkuð vandfundnir í samtímanum. En við þurfum eitthvað annað en við höfum. Kannski þurfum við blöndu af ólíkum hlutum. Meiri hugsjónir úr öllum áttum og meiri einlægni. Meiri þekkingu, kunnáttusemi og fagmennsku.


MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA
Sögurnar, tölurnar, fólkið.



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000



FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Björgvin Guðmundsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

## ALLT HITT

[ BÍLAR FERÐIR TÍSKA ]

**Kvennarúntur** Fornbílaklúbbs Íslands verður farinn í kvöld frá Árbæjarsafni. Sérstök áhersla verður lögð á að konur aki fornbílunum, eða í versta falli mæti með sinn eiginmann, kærasta, föður eða bróður sem bílstjóra. Farinn verður rúntur um bæinn, sem hefst kl. 21.

**Ferðaþjónusta bænda** stendur fyrir ferð til St. Pétursborgar dagana 27. september - 4. október. Um er að ræða spennandi vikuferð til borgarinnar sem var höfuðborg Rússlands á árunum 1712-1918 og hét síðar um tíma Leníngrad. Fararstjóri ferðarinnar er maður með reynslu, en Pétur Óli hefur búið árum saman í borginni og þekkir því hvern krók og kima.

**Skólaföt** eru einhver ánægjulegasta vísun í haustið sem um getur. Á útsölunum núna má gera góð kaup svo hægt sé að vera fínn í tauinu þegar skólinn byrjar. Málið er að finna það flottasta frá því í sumar í bland við sígilda strauma. 80's ökklastrigaskór, þröngar gallabuxur, skyrtur og hnepptar afapeysur handa strákunum og víðar buxur með stroffi, teygjugallabuxur, leggings og kjólar sem passa við fyrir



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er miðvikudagurinn 16. ágúst, 228. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 5.21 | 13.32 | 21.41 |
| Akureyri | 4.55 | 13.17 | 21.36 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


Smáauglýsingasími 550 5000

Auglýsingasími Allt 550 5880

Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is




Aðalheiður segir náttúrufegurðina á Snæfelli ótrúlega og finnst skömm að því hvernig farið er með svæðið.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL.

# Heilluð af ósnortinni náttúru Íslands

***Aðalheiður Halldórsdóttir dansari eyddi nokkrum dögum uppi á Snæfelli, þar sem Íslandsvinir voru með friðsamleg mótmæli gegn stóriðjustefnu stjórnvalda.***

Að sögn Aðalheiðar voru samtökin með tjaldbúðir sem hægt var að gista í, matast og hlýða á tónlist eða fyrirlestra manna eins og Andra Snæs Magnússonar rithöfundar og Gríms Björnssonar jarðfræðings. Þátttakendur nýttu síðan veðurblíðuna til þess að fara í 10-12 tíma göngu einn daginn sem lauk með tíu mínútna langri friðsamlegri mótmælastöðu.

„Það var stöðugt rennsli af fólki þessa daga, bæði Íslendingar og útlendingar, sem vildu annað hvort kynna sér málstaðinn eða styðja hann," bætir Aðalheiður við, sem gekk sjálf til liðs við Íslandsvini til að uppfræða almenning betur um þær hliðar virkjanaframkvæmda sem hún segir haldið leyndum. „Ef fólk vissi allan sannleikann, þá væru allir á móti þessari stóriðjustefnu," segir hún.

Aðalheiði finnst að Íslendingar eigi að varðveita betur einstaka ósnortna náttúruna en tekist hefur í nágrannalöndunum. „Ég vil ekki að það fari eins fyrir Íslandi og Holllandi þar sem ég bjó um tíma og fannst vera hálf sálarlaust af því að svo mikið hefur verið átt við umhverfið, eins undarlega og það kann að hljóma," segir hún með hryllingi.

„Kosturinn við að búa á Íslandi er hins vegar hversu stutt er í ósnortna náttúruna, sem er full af orku," segir Aðalheiður. „Það er góðu lagi að virkja svo hér sé hægt að búa, en þar við á að láta sitja. Eins og staðan er nú eru 80 prósent af raforku á Íslandi hins vegar framleidd fyrir stóriðju, sem nær engri átt."

roald@frettabladid.is

# Bágt í kladdann

***Camry og Caliber viðkvæmir fyrir aftanákeyrslum.***

Í niðurstöðum árekstraprófana Insurance Institute for Highway Safety í Bandaríkjunum kemur fram að tveir vinsælir bílar stóðust ekki væntingar hvað varðar öryggi farþega.

2007 árgerðin af Toyota Camry fékk góða einkunn fyrir árekstur á framenda og skipaði sér í fremstu röð þegar kom að hliðarárekstri. Þegar kom að árekstri á afturenda var einkunninn hinsvegar „á mörkunum".

Sömu sögu var að segja af 2007 árgerðinni af Dodge Caliber, sem fékk líka einkunnina „á mörkunum" fyrir hliðarárekstur. Stofnunin bendir þó á að Caliber sé engu að síður öruggari en Neon, sem hann tekur við af.



Toyota Camry kom vel út í prófunum IIHS, þar til kom að aftanákeyrslum.


HAFÐU BÁÐAR HENDUR Á STÝRI

www.rs.is



*Nú getur þú hringt og svarað símtölum með GPS tækinu!*

**Garmin nüvi 360**

Það er vit í Garmin nüvi sem ferðafélaga. Garmin nüvi er GPS leiðsögutæki með korti af allri Evrópu og stórum skjá, en fer vel í vasa. Tækið inniheldur m.a. MP3 spilara, ljósmyndarýni, reiknivél, gengisreikni, heimsklukku, orðabók, ferðahandbók og einingabreyti. Tækið er einnig með Bluetooth þannig að það nýtist sem handfrjáls búnaður við GSM í bílnum.

GARMIN Bluetooth VÉLASALAN radiomiðun

R. SIGMUNDSSON

**Umboðsmenn** **Akureyri:** Haftækni · **Blönduós:** Krákur · **Egilsstaðir:** Bílanaust · **Grundarfjörður:** Mareind · **Ísafjörður:** Bensínstöðin **Reyðarfjörður:** Veiðiflugan **Selfoss:** Hársnyrtistofa Leifs **Vestmannaeyjar:** Geisli · **Reykjavík:** Arctic Trucks, Bílanaust, Elko, Everest, Gísli Jónsson, Hlað, Intersport, Stormur, Toyota aukahlutir, Útilíf, Vesturröst, Yamaha · **Fríhöfnin**

ÁNANAUSTUM 1 | 101 REYKJAVÍK | SÍMI 520 0000 | www.garmin.is

**Það er rómantískt** að fara í litla ferð með elskunni og fá sér humar í kvöldsólinni. Það er gott úrval af humarstöðum fyrir austan fjall, til að mynda á Stokkseyri, Eyrarbakka og við ósa Ölfusár.







Nýjar upplýsingaveitur á ensku:
REYKJAVIK.COM
REYKJAVIKMAG
Allar nýjustu upplýsingar og fréttir á ensku á vefnum reykjavik.com og í blaðinu Reykjavikmag



Jónas rak áður sérhæfða ferðaþjónustu í Danmörku, Norður-Ameríku og Kanada, sem tengdist indjánum og víkingum. Honum finnst tilhugsunin spennandi að takast á við íslenska kynjaverur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Margt býr í myrkrinu

***Jónas Þorsteinsson stendur fyrir skipulögðum ferðum um Reykjavík undir yfirskriftinni „Haunted walks“. Á leiðinni eru álfar, huldufólk og afturgöngur sóttar heim.***

„Það er mikill draugagangur í Reykjavík,“ byrjar Jónas á að fullvissa blaðamann um, sennilegast vegna þess að hann er vanur því að fólk sé fullt efasemda um andaheiminn og dularfulla íbúa hans.

„Ferðirnar voru skipulagðar út frá upplifun fjögurra miðla, hvaðanæva að úr heiminum, frá svæðum þar sem reimleika hafði orðið vart en þeir ekki haft hugmynd um,“ heldur hann áfram. „Við fórum síðan með vitnisburð miðlanna til sagnfræðinga svo hægt væri að skera úr um hverjir hinir framliðnu væru. Ferðirnar byggjum við síðan á þeim niðurstöðum, það er frásögnum miðlanna í bland við sagnfræðilegan fróðleik,“ útskýrir hann.



Leiðsögumaður íklæddur lopapeysu stiklar á ýmsum sögulegum staðreyndum sem ljá ferðinni skemmtilegan blæ. MYND/ÓLAFUR TH. ÓLAFSSON

Að sögn Jónasar fer leiðsögumaður íklæddur íslenskri lopapeysu fyrir hópnum, sem hefur meðal annars viðkomu í Tryggvagarði við Alþingishúsið til að skoða lágmynd með áletruninni „griðastaður dýranna“, sem er talin sýna að garðurinn sé fullur af álfum og huldufólki. „Við Ráðhúsið er síðan sagt frá þeim öfgum sem þjóðtrúin getur farið út í, en til marks um það eru til hvorki meira né minna en 61 íslenskt heiti yfir djöfulinn,“ bætir hann við.

Með göngunni er ætlunin meðal annars að kanna dekkri hliðar Reykjavíkur, en þar ber sjálfsagt hæst frásögn af Sigvart Bruun, yfirmanni fangelsis, sem er talinn bera ábyrgð á dauða yfir 60 manns eins og fram kemur í Sögustað við Sund. „Steinunn frá Sjöundá á að vera meðal fórnarlamba hans, en um hana er fjallað í bókinni Svartfugl eftir Gunnar Gunnarsson,“ segir Jónas og tekur undir þau orð blaðamanns að Sigvart hljóti samkvæmt þessu að vera í hópi fárra raðmorðingja Íslandssögunnar.

En hefur drauga og annarra vætta orðið vart á þessum ferðum? Jónas segir ferðamenn telja sig sjá hurð á steini í Grjótaþorpinu sem liggi að öðrum heimi. „Aðrir eru þess fullvissir að íbúar kirkjugarðsins við Suðurgötu láti á sér kræla á meðan á heimsókn stendur og svona mætti halda áfram,“ bætir hann við.

Í raun skiptir það kannski ekki máli hvort menn trúa á drauga og aðra vætti eða ekki. Göngurnar hafa sagnfræðilegt gildi og svo hafa tímaritadómar um þær verið lofsamlegir. Nú er bara um að gera að slást með í för um undirheima Reykjavíkur, þar sem það eru jafnvel líkur á því að rekast á álfa, huldufólk eða afturgengna morðingja. Allar nánari upplýsingar eru á www.hauntediceland.com.

roald@frettabladid.is

# Ferðasagan þín

***Tímaritið Útivera hefur hleypt af stokkunum ferðasögusamkeppni og heitir veglegum verðlaunum fyrir bestu sögurnar og myndirnar.***

Að sögn Jóns Gauta Jónssonar, ritstjóra Útiveru hefur það ávallt verið markmið ritstjórnarinnar að birta áhugaverðar og fróðlegar sögur af ferðum fólks, enda reki alltaf eitthvað forvitnilegt á fjörur ferðalanga. Því efnir hann nú til samkeppni um sögur og dregur ekki dul á að aðalmarkmiðið sé að fá vandað og skemmtilegt efni til birtingar, að höfðu samráði við höfundana. Góð verðlaun eru líka í boði fyrir þrjár bestu sögurnar og þeim þurfa að fylgja skemmtilegar myndir. Auk þess fá allir höfundar og ljósmyndarar sem birt verður eftir, áskrift að Útiveru.

Sögurnar í samkeppninni mega gerast hvar sem er í heiminum en síðasti skiladagur þeirra er 1. október. Þær þurfa að vera á tölvutæku formi og mega vera allt að 18.000 slög að lengd.

Í dómnefndinni eru meðal annarra Kristín Helga Gunnarsdóttir og Andri Snær Magnason en bæði hafa þau skrifað greinar í Útiveru.




Nýi Íslandsatlasinn er meðal verðlaunagripa.

## Náttúra og sagnir

FEGURÐ MANNLÍFS OG NÁTTÚRU VERÐUR VIÐFANGSEFNI GÖNGU UM DJÚPADAL Í EYJAFIRÐI NÆSTA LAUGARDAG.

Þjóðsögur um reimleika munu rifjast upp þegar gengið verður að Saurbæjarseli í Djúpadal í Eyjafirði næsta laugardag en dalurinn er í um 25 kílómetra fjarlægð frá Akureyri. Fleiri sögur og sagnir ölast þar eflaust líf í sínu rétta umhverfi því í dalnum eru mörg sel og eyðibýli. Meðal annars verða býlin Kambfell og Strúgsá skoðuð. Þór Sigurðsson frá Minjasafninu á Akureyri mun leiða gönguna sem er nánast öll á jafnsléttu og tekur um fjórar klukkustundir. Lagt verður af stað kl. 13 frá Litladal en þangað kemur fólk á eigin vegum. Þátttaka er ókeypis og þarf að tilkynna fyrir kl.15 á föstudag í síma 462 4162.

## Heit máltíð án fyrirhafnar

Í Nýju skátabúðinni fást margar tegundir af frostþurrkuðum máltíðum. Að sögn starfsmanna verslunarinnar er galdurinn á bakvið frostþurkaðan mat að hann er bakaður við lágt hitastig í mjög langan tíma, þannig helst orkan í fæðunni. Þó svo bragðið af frostþurrkuðum mat sé ekki eins mikið og af venjulegum mat þá er mikil orka í honum og það er það sem mestu máli skiptir. Það er alltaf hægt að lauma kryddi með í för. Í Nýju skátabúðinni er hægt að fá um tíu gerðir af frostþurrkuðum máltíðum, meðal annars kjúkling í karríi, risotto, stroganoff, núðlur, grænmetisrétti og fleira.


Það er ekki mikil fyrirhöfn að elda frostþurrkaða máltíð, aðeins þarf heitt vatn. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN



Frostþurrkað grænmetispasta.


Bolognese-núðlur með nautakjöti.


Helga Thorberg blómasali verður annar leiðsögumanna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Eðaltré heimsótt

*Nokkur einstök eðaltré verða skoðuð í kvöld í göngu á vegum Garðyrkjufélags Íslands um Vesturbæinn í Reykjavík.*

Vesturbærinn geymir mörg söguleg, einstök og falleg tré. Nokkur þeirra verða á leið göngufólks í kvöld undir leiðsögn garðyrkjufræðinganna Helgu Thorberg og Steinars Björgvinssonar. Meðal annars hinn eini sanni Vesturbæjarvíðir. Mæting í gönguna er á Ingólfstorgi klukkan 20.

# Hvenær komum við?

***Barn í bíl hefur lítið skyn á því hvenær ferðinni mun ljúka og gæti spurt að því í Mosfellsbænum hvort ferðin sé á enda þegar leiðin liggur til Akureyrar. Til þess að allir farþegar í bílnum haldi geðheilsu er því nauðsynlegt að undirbúa afþreyingu fyrir börnin á leiðinni og sjá til þess að það fari sem best um þau.***


Gott er að hafa skipulagt afþreyingarefni fyrir börnin í löngum bílferðum.

**Svefn**

Það besta í stöðunni er að barnið sofni á löngu ferðalagi. Það þýðir þó ekki að vona of mikið eða búast við því. Það er ótrúlegt hvað pirrað barn getur haldið sér lengi vakandi! En það er allt í lagi að reyna að ýta undir það ...

■ Mett barn sofnar frekar en svangt barn. Best er að barnið borði holla og staðgóða máltíð áður en lagt er af stað. Pásur og sjoppustopp vekja barnið til lífsins og gefa því orku til að þrauka næsta klukkutímann.

■ Koddar og teppi. Látið fara vel um barnið og gerið aftursætið að huggulegu svefnbóli.

■ Mikilvægt er að barnið sé í þægilegum fötum sem þrengja hvergi að.

■ Spjall á rólegu nótunum milli þeirra sem sitja í framsætunum getur verið ótrúlega syfjandi. Það er ekkert gott að veita barninu of mikla athygli heldur leyfa því að gleyma sér smá.

**Dund**

Það er ljúft ef barnið gleymir sér við dund og gleymir að spyrja út í ferðalok í klukkustund eða svo. Hér eru nokkur dund-leynivopn.

■ Þrautabækur. Litabækur sem innihalda ýmsar léttar þrautir. Tungan út í munnvikið og einbeitingarsvipur fylgir þessu dundi.

■ Les- og myndabækur. Nógu margar og nógu litlar. Það er skemmtilegast að skipta um bók.

■ Saumadót. Eldri börnunum gæti þótt gaman að sauma í einfalda mynd. Það er hægt að kaupa alls kyns saumadót með fínum myndum. Reyndar gæti farþeginn fram í orðið svolítið bílveikur við að hjálpa til og þræða nálar.

**Leikir og hávaði**

Það getur líka stytt fullorðna fólkinu ferðalagið að taka þátt í hinum ýmsu bílaleikjum og skapa smá stemningu í bílnum.

■ Klassískir leikir. Frúin í Hamborg og Hver er maðurinn? standa alltaf fyrir sínu.

■ Litir og númer. Allir velja sér einn lit eða eina tölu og svo eru bílarnir skoðaðir sem keyra fram hjá og ferðalangarnir telja hversu oft bíll með þeirra lit eða tölu í bílnúmerinu fer fram hjá. Sá sem er með hæstu töluna vinnur.

■ Hugsunarleikurinn. Leikur sem hentar þeim yngri. Einhver hugsar um eitthvað, annaðhvort í umhverfinu sem er sjáanlegt eða bara eitthvað heima, og hinir eiga að giska á hlutinn/manneskjuna/fyrirbærið. Það má bara spyrja já- og neispurninga til þess að fá vísbendingar.

■ Útvarp Latibær og geisladiskar. Það er um að gera að hafa nógu marga geisladiska til að missa ekki vitið eftir að hafa hlustað á sömu lögin í tvo tíma. Þeir sem eru sérstaklega viðkvæmir fyrir hávaða ættu að íhuga möguleikann á ferðageislaspilara.

■ Syngja saman. Börn geta gleymt sér tímunum saman við að syngja og skemmtilegast er þegar mamma eða pabbi syngja með.

**Reglulegar bílapásur**

Það er nauðsynlegt að stansa með reglulegu millibili og leyfa barninu að teygja úr sér. (Bara ekki rétt á meðan það er að sofna!) Börn verða líka bílveik og geta orðið slöpp við að hristast í bíl í lengri tíma. Best er að stoppa á fallegum stað og njóta útiverunnar með nesti í stað þess að stoppa í sjoppu sem er full af fólki og troðningi. Hollt nesti fer líka betur í skapið á barninu en sjoppufæði og barnið á auðveldara með að una sér og jafnvel að sofna.

Góða ferð!

*erlabjorg@frettabladid.is*

Elizabeth Arden

Þessi glæsilega gjöf er þín

við kaup á tveim hlutum úr **Elizabet Arden** línunni, þar af eitt krem.



**Kynningar verða á eftirfarandi stöðum :**
17. ágúst á Melhaga & Kringlu
18. ágúst Eiðistorg & Kringla
21. ágúst Kringla
22. ágúst Kringla

Gildir á meðan birgðir endast
*Tilboðið gildir ekki á öðrum tilboðum *

Lyf&heilsa

Vika í Evrópu

Ítalía
16.600
kr. - ótakmarkaður akstur, kaskó, þjófavörn, flugvallargjald og skattar.

Spánn
13.200
kr. - ótakmarkaður akstur, kaskó, þjófavörn, flugvallargjald og skattar.

Holland
19.400
kr. - ótakmarkaður akstur, kaskó, þjófavörn, flugvallargjald og skattar.

Bretland
17.900
kr. - ótakmarkaður akstur, kaskó, þjófavörn, flugvallargjald og skattar.

Danmörk
24.200
kr. - ótakmarkaður akstur, kaskó, þjófavörn, flugvallargjald og skattar.

Bókaðu bílinn heima - og fáðu 500 Vildarpunkta

Hertz

Sími: 50 50 600 • www.hertz.is



**Stefnuljós** eru mikilvæg hjálpartæki í umferðinni. Verum tillitsöm og komum í veg fyrir misskilning með því að nota stefnuljós.


VOLVO • FORD • MAZDA • TOYOTA

BH BÍLAVIÐGERÐIR BÍLHÚSIÐ

www.bilhusid.is

Véla- og hjólastillingar.
Tímareimaskipti, bremsuviðgerðir,
smurþjónusta og allar almennar viðgerðir.

Smiðjuvegi 60 (Rauð gata) • Kópavogi • Sími 557 2540 - 554 6350



CHRYSLER • JEEP • DODGE • SKODA





BÍLAPARTAR

VIÐ HÖFUM ÞAÐ SEM ÞÚ LEITAR AÐ

TOYOTA NOTAÐIR VARAHLUTIR

GRÆNUMÝRI 3 - SÍMI 587 7659 - WWW.BILAPARTAR.IS



ALLT Á EINUM STAÐ

- SUMARDEKK
- HEILSÁRSDEKK
- OLÍS SMURSTÖÐ
- BÓN OG ÞVOTTUR
- HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
- RAFGEYMAÞJÓNUSTA
- BREMSUKLOSSAR
- PÚSTÞJÓNUSTA

SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTAN

SÆTÚNI 4, SÍMI 562 6066



allt matur

Alla föstudaga


# Vegur aðeins 23 kíló

***Nýjasta mótorsportið á Íslandi hentar jafnt fullorðnum mótorhjólamönnum, fimm ára krökkum og fimmtugum konum.***

Við fyrstu sýn virðast mini-moto-hjólin vera hálfgerður brandari, fullorðið fólk sem brunar eftir braut á alltof litlum mótorhjólum sem líta út fyrir að vera smíðuð fyrir fjögurra ára börn. Kristmundur Birgisson segir að þau séu þó að minnsta kosti jafn skemmtileg og stærri mótorhjól.

„Ég á Hondu CBR 1000-hjól líka, það er ekkert síðra að fara út á litla kvikindinu,“ segir Kristmundur. Til að gefa einhverja hugmynd um hversu lítil mini-moto-hjólin eru, þá eru aðeins 40 cm frá götu upp í sæti. Þau vega 23 kg með fullan tank af bensíni og komast upp í 60 km hraða. Þau eru ætluð í keppni og eru því á sléttum, mjúkum dekkjum með mikið veggrip. Vélarnar eru 49 rúmsentimetra tvígengisvélar sem toga 4,5 Nm á 15.000 snúningum.

„Maður þarf enga reynslu af öðrum hjólum til að ráða við þessi. Það getur auðvitað ekki gert annað en að hjálpa, en er ekki nauðsynlegt. Við höfum verið að hjóla niðri við Klettagarða og allir sem hafa komið þangað og viljað prófa hafa fengið að prófa, meira að segja fimmtugar konur sem höfðu gaman af,“ segir Kristmundur sem flutti sjálfur inn fyrsta hjólið fyrir um það bil ári.

„Þá lenti ég í veseni við tollinn því hjólið var ekki með fastanúmeri og því ekki hægt að skrá það. Ég hafði samband við framleiðandann og bað hann um að setja fastanúmer á þau og síðan hefur innflutningurinn gengið vel.“ Kristmundur byrjaði í mótorsportinu á stórum amerískum bílum í kringum 1986 og segir mini-moto-hjólin skemmtilegri að mörgu leyti. „Þetta er líka miklu ódýrara og tekur mikið minna pláss í skúrnum. Svo er hægt að henda hjólinu í skottið og fara með það hvert sem er.“

Í sumar verða haldin tvö mót fyrir mini-moto en næsta sumar verður haldin mótaröð undir merkjum GP-Ísland. Til þess að vera löglegur í keppni þarf ökumaður að vera 12 ára eða eldri. Kristmundur segir þó að börn frá 5 ára aldri ráði vel við hjólin. Og það þarf ekki að kosta mjög mikið að byrja í sportinu. „Hjólin kosta 69.000 kr. í vefverslun okkar á fingrafar.is,“ segir Kristmundur. „Svo þarf að vera í góðum galla eða með góðar hlífar og með þokkalegan hjálm. Maður kemst af með 100.000 krónur sem er ekki mikið í mótorsporti.“

Kristmundur og félagar hjóla flest góðviðriskvöld á milli Sindra og vélaverkstæðis Heklu í Klettagörðum. Áhugasömum er bent á að leggja leið sína þangað til að prófa.

*einareli@frettabladid.is*



Fimm ára mótorhjólatöffari, Óðinn Kristjánsson, fékk að hjóla í fyrsta sinn fyrir tveimur vikum og hefur vart fengist til að stoppa síðan.



Kristmundur Birgisson (til vinstri) og Kristján Hafliðason við mini-moto-hjólin sín. Kristmundur segir ekkert síðra að hjóla á þeim en stórum og kraftmiklum hjólum.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


www.velaborg.is S: 414 8600

DAF XF 95.480



Eigum á lager einn DAF XF 95.480 tveggja öxla dráttarbíl
búinn öllum hugsanlegum þægindum

Verð kr. 9.638.300 án vsk.

Innifalið í verði:
- Euro 3 vél 480 hö. 2.100 Nm
- ZF tólf gíra sjálfskipting
- ALCOA álfelgur
- Loftfjaðrir að aftan, hefðbundnar framan
- Niðurgírun út í hjól
- Þriggja þrepa "Retarder" og mótorbremsa
- 500 lítra olíutankur úr stáli
- Kojuhús með tveimur kojum, ísskáp, olíumiðstöð og fullkomnu hljómkerfi með 8 hátölurum.
- Eyðsla frá 33 - 36 lítra á hundraði.
- Litur „Flake gray“



Hafið samband við sölumenn okkar og fáið nánari upplýsingar

Vélaborg ehf.

**Reykjavík** • Krókhálsi 5F • 110 Reykjavík • Sími: 414 8600 • Fax: 414 8601 **Akureyri** • Njarðarnesi 2 • 603 Akureyri • Sími: 464 8600 • Fax: 464 8601


# Rafrænt drifkerfi

***Sparar pláss og sameinar lykilatriði út við hjól.***

Rafrásaheilarnir hjá Siemens VDO eru duglegir að finna sér eitthvað til dundurs. Nú eru þeir að fást við kerfi sem sameinar drifrás, stýringu, dempara og bremsur og verður staðsett inni í hjólum bifreiða.

Kerfið er kallað eCorner, sem ætla má að standi fyrir þátt rafmagns í því að beygja bílnum, og felst meðal annars í því að skipta út hefðbundnum hreyfanlegum hlutum í bílum, eins og kúplingsbarka, fyrir rafmagnsvíra.

Grúskararnir hjá VDO Siemens verða þó að halda vel á spöðunum, því kollegar þeirra hjá Mitsubishi eru einnig að vinna að svipuðu kerfi sem þegar hefur verið sett í nokkra hugmyndabíla. Enn einn kostur þess háttar útbúnaðar er að hönnuðir bíla eru ekki lengur bundnir af hefðbundinni uppbyggingu sem núverandi búnaður kallar á.



Svona lítur hluti af eCorner kerfinu út. Fyrirferðin ætti ekki að þvælast fyrir neinum.



Með því að nota rafmagnsvíra í stað öxla og kapla aukast möguleikar í bifreiðahönnun.



Þegar betur er gáð er eCorner flókið og fullkomið kerfi.



Framsvipurinn minnir óneitanlega aðeins á Nissan Almera, og gefur bílnum frísklegt yfirbragð.



Cee'd nafnið er tvítekin tilvísun í evrópskan uppruna bílsins og því ekki ólíklegt að hann hitti í mark þegar hann kemur á markað.

# Nýtt nafn á kunnuglegu stefi

***Skiptar skoðanir eru á því hvaðan Kia Cee'd er ættaður.***

Kia sendi nýlega frá sér fyrstu myndirnar af framleiðsluútgáfu Cee'd hlaðbaksins. Bíllinn var fyrst sýndur sem hugmyndabíll í Genf fyrr á þessu ári.

Hinu óvenjulega nafni mun ætlað að koma bílnum í umræðuna, auk þess að „vera stutt, kraftmikið, ferskt, óhefðbundið og koma á óvart". Ætli megi ekki fullyrða að það hafi tekist ágætlega. Nafnið er reyndar samsett úr „CE" (Conformité Européenne), vegna þess að bíllinn er framleiddur í Evrópu og eftir evrópskum gæðakröfum, og „ED" (European Design) vegna þess að hann er líka hannaður í Evrópu.

Burtséð frá nafninu, sem er alls ekki eins og neitt annað, þykir mörgum að bíllinn sé endurtekið stef. Bent hefur verið á sameiginleg einkenni með bílum á borð við Versa, Corolla, Legacy, Almera og Lexus IS. Kemur kannski ekki á óvart þar sem bílar 21. aldarinnar hafa óútskýranlega tilhneigingu til að líkjast hverjum öðrum. Hvað sem því líður verður gaman að sjá hvernig Cee'd verður tekið hérlendis.

## HVAÐ ER... MEÐALEYÐSLA

**Tvenns konar tölur**

Fyrir fimmtíu árum skipti nánast engu máli hvað bílar eyddu miklu. Eldsneyti kostaði ósköp lítið og engum datt í hug að olíulindir jarðar gætu einhverntíma tæmst. Útblástursmengun var að kalla óþekkt hugtak og einfaldasta leiðin til að auka vélarafl var að stækka vélina og þar með eldsneytisnotkun hennar.

Nú er öldin hinsvegar allt önnur, og ekki bara bókstaflega. Bílaframleiðendur leggja mikið á sig til að halda eyðslu og mengun niðri, enda verða nýir bílar, að minnsta kosti í Ameríku og Evrópu, að standast strangar mengunarkröfur. Forsenda þess er hófleg eyðsla.

Flestir vita að eyðsla er mæld í innanbæjar-, utanbæjar-, og blönduðum akstri. Færri vita hinsvegar að eyðslumælingum má líka skipta í mælingu eiganda og mælingu framleiðanda. Á þessum tveimur er oft verulegur munur.

Mælingu eiganda er auðvelt að framkvæma. Næst þegar þú fyllir bílinn af eldsneyti skaltu núllstilla kílómetramælinn. Svo keyrir þú bílinn eins og venjulega þar til tími er kominn á aðra fyllingu. Þá berð þú saman lítrana sem fara á bílinn og ekna kílómetra. Með formúlunni lítrar / eknir kílómetrar X 100 færð þú meðaleyðslu síðasta tanks.

Segjum að þú hafir ekið 620 km á 46 lítrum. 46 / 620 X 100 = 7,4 lítrar á hverja 100 km. Þú þarft reyndar að hafa hugfast hvort um var að ræða innanbæjar-, utanbæjar- eða blandaðan akstur, því munurinn á eyðslu getur verið umtalsverður eftir akstursvæði. Berir þú niðurstöðurnar saman við uppgefnar eyðslutölur frá framleiðanda munar líklegast töluverðu. Ástæðurnar eru nokkrar.

Í fyrsta lagi skiptir aksturslag öllu máli. Í öðru lagi eyða vélar yfirleitt meiru í köldu loftslagi, sérstaklega fyrsta spölinn. Í þriðja lagi eru aðferðir framleiðanda við mælingar yfirleitt mjög frábrugðnar mælingum eiganda.

Í Bandaríkjunum, og reyndar víðar, er stuðst við útblástursmælingu í stað raunverulegrar notkunar eldsneytis. Við það bætist að mælingin fer ekki fram í raunverulegri umferð eða á raunverulegum vegi, heldur á búnaði sem líkja má við hlaupabretti. Umhverfisáhrifa sem stuðla að aukinni eyðslu, eins og loftmótsstöðu, gætir því ekki.

Formúlan sem notuð er til að reikna eyðslu út frá útblæstri var búin til árið 1972 og síðan hefur orðið mikil framþróun í vörnum við útblástursmengun. Niðurstöðurnar eiga því lítt skylt við veruleikann og dæmi eru um allt að 200% mun á uppgefinni og raunverulegri eyðslu. Þó að hægt væri að taka upp aðrar mælingaaðferðir myndu raunsærri niðurstöður koma mjög illa út með tilliti til nýrra mengunar- og eyðslustaðla og því er sem er.

Sem dæmi um eyðsluprófun er breska aðferðin sú að í innanbæjarmælingu er bíllinn keyrður í hermi sem samsvarar 4 km leið. Hámarkshraðinn er 50 km/klst og meðalhraði 19 km/klst. Í utanbæjarmælingu er sami hermir notaður til að snúa hjólum bílsins sem samsvarar 7 km leið á 63 km meðalhraða, að hámarki 120 km/klst.



Gott getur verið að hafa meðaleyðslu bifreiðar sinnar á hreinu, til dæmis ef skipuleggja á langferð.


# Álbox á TILBOÐI

*Sterk og staflanleg álbox í mörgum stærðum*

| Stærð mm | Lítrar | Krónur |
|---|---|---|
| 400x300x245 | 29 | ~~9.600.-~~ 7.680.- |
| 550x350x245 | 47 | ~~11.300.-~~ 9.040.- |

| Stærð mm | Lítrar | Krónur |
|---|---|---|
| 750x350x350 | 91 | ~~16.600.-~~ 13.280.- |
| 750x550x380 | 157 | ~~19.600.-~~ 15.680.- |
| 750x550x590 | 240 | ~~20.600.-~~ 16.480.- |



**Þéttikantur**

**Plaststopparar** á hornum fyrir stöflun

**Handföng** með gormi sem leggjast niður

06-0027 KC

ARCTIC TRUCKS

Kletthálsi 3 | 110 Reykjavík | Sími 540 4900 | arctictrucks.is



Veldu FordTransit

Ford

Nýtt tákn um gæði





**Glitnir gerir nýtt tilboð í fjármögnun á Ford Transit**

# 24.220

Ford Transit 280S 2,0TD 85 hö. 5 gíra*

Skoðaðu nýtt tilboð Glitnis í fjármögnun sendibíla frá Ford. Gott verð og gott tilboð Glitnis í fjármögnunarleigu á Ford sendibílum gerir Transit að hagstæðum kosti fyrir fyrirtæki. Skoðaðu staðalbúnaðinn. Skoðaðu hvað þú færð aukalega þér að kostnaðarlausu.

**Sérhæfð atvinnubíladeild Ford**

Fáðu sérhæfða ráðgjöf. Skoðaðu allar forsendur, fjárfestu í rétta bílnum. Boðaðu sérhæfða söluráðgjafa atvinnubíla Ford til þín. Komdu jafnvel við í ný húsakynni Ford atvinnubíla, Bíldshöfa 6. Talaðu við Hörð Guðjónsson eða Ólaf Friðsteinsson sérfræðinga okkar í rekstri Ford atvinnubíla.

**Veldu rekstraröryggi. Komdu í Brimborg. Veldu Ford.**

**Skoðaðu tilboðskörfu Ford Transit***

- Betri kjör en áður
- Hliðarhurðir á báðum hliðum
- Meiri staðalbúnaður en áður
- Lægri útborgun, 10 prósent
- Staðgreiðsla fyrir gamla bílinn
- Lægri vextir en áður
- Engin stimpilgjöld
- Örugg og ennþá betri þjónusta

- Búnaður án aukakostnaðar:
  - Rennihurð beggja vegna
  - Gólfklæðning í hleðslurými
  - Rafknúnir, upphitanlegir hliðarspeglar

Búnaður án aukakostnaðar. Verðmæti kr. 147.000.

GLITNIR

*Glitnir býður viðskiptavinum Brimborgar betri kjör á Ford Transit*

GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

**Skoðaðu staðalbúnaðinn. Skoðaðu aukabúnaðinn sem þú færð aukalega án aukakostnaðar.**



Ford Transit 280S 2,0TD 85 hö. 5 gíra*
Hleðslurými: 2.540 x 1.762 x 1.430 m

| | |
|---|---|
| Tilboðsverð án vsk. | 1.843.000 kr. |
| Fjármögnunarleiga á mánuði án vsk.<br>10% útborgun | 24.220 kr.<br>184.300 kr. |
| Rekstrarleiga mán. (75 þús. km) án vsk. | 36.418 kr. |



Ford Transit 300M 2,0TD 85 hö. 5 gíra*
Hleðslurými: 2.905 x 1.762 x 1.745 m

| | |
|---|---|
| Tilboðsverð án vsk. | 2.122.000 kr. |
| Fjármögnunarleiga á mánuði án vsk.<br>10% útborgun | 27.826 kr.<br>212.200 kr. |
| Rekstrarleiga mán. (75 þús. km) án vsk. | 41.800 kr. |

**Gott verð. Nýttu þér tilboð Glitnis í fjármögnunarleigu á Ford Transit.**
**Þetta tilboð gildir meðan birgðir endast.**

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.ford.is



**Við staðgreiðum gamla bílinn þinn**
Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl frá Brimborg. Þú losnar við allt umstang við að selja og lækkar þinn kostnað. Komdu í Brimborg. Kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Ford Transit.





*Ford er meðal vinsælustu bílamerkja á Íslandi. Endursalan staðfestir það einnig. Vertu í hópi þeirra bestu. Veldu nýjan Ford.*

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is

* Öll verð í auglýsingunni eru án virðisaukaskatts. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Lán er fjármögnunarleiga með 10% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl.myntkarfa. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 36 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 75.000 km akstur á tímabilinu. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.



FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI 550 5000

[ **Það er smart** að hafa margar hálsfestar og hálsmen í alls kyns lengdum og litum. Það gefur skemmtilegt hippaútlit og er sumarlegt. ]



## Moss sú best klædda

Í NÝJASTA HEFTI TÍMARITSINS VANITY FAIR ER BIRTUR LISTI YFIR BEST KLÆDDA FÓLK ÁRSINS.

Kate Moss hefur heldur betur verið á milli tannanna á fólki undanfarin misseri eftir meinta eiturlyfjaneyslu. Hún hefur þó að mestu náð að hreinsa mannorð sitt og hefur hún náð hverjum risasamningnum á fætur öðrum að undanförnu. Nýjustu sönnunina um hversu mikið almenningsálitið hefur breyst á breska ofurmódelinu er að finna í nýjasta hefti tímaritsins Vanity Fair en þar var Moss kosin besta klædda kona ársins. Er þetta í 67. sinn sem Vanity Fair birtir þennan árlega lista sinn en aldrei áður hefur nokkur fengið eins mörg atkvæði og Moss fékk í ár.
Aðrar „vel klæddar“ konur sem náðu inn á lista Vanity Fair eru til dæmis utanríkisráðherra Bandaríkjanna, Condoleezza Rice og Renee Zellweger, Oprah Winfrey, Selma Blair, Sofia Coppola, Gwen Stefani og Rania, drottning Jórdaníu. Á listanum yfir best klæddu karlmennina voru frægar tískulöggur á borð við Prince William, David Beckham, George Clooney og Kanye West á toppnum. *-sha*



Það virðist alveg sama hverju Kate Moss klæðist, hún virðist alltaf vera jafn glæsileg. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

# Hlífðarföt fyrir blautt sumar

***Þótt veðurspáin sé ekki alltaf fullkomin ætti það ekki að hindra menn í að njóta sumarsins. Regngallar og hlífðarflíkur geta líka verið ansi töff.***

Mikið úrval er til af ýmiss konar regnstökkum fyrir lítinn pening. Fréttablaðið kíkti í nokkrar verslanir og skoðaði hvernig best er að verja sig fyrir hinni alræmdu íslensku regnskúr. Hvort sem um er að ræða ódýra reddingu sem þarf að duga fram yfir helgi eða vandaða útivistarflík, þá er úrvalið mikið enda ekkert annað hægt á landi þar sem allra veðra er von.



Regnstakkur úr Rúmfatalagernum á aðeins nokkur hundruð krónur.

Pollagalli úr 66° North.

Flott regnkápa úr 66° North fyrir konur.



Vandaður léttur útivistarjakki frá Cintamani. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

Léttur vatnsheldur jakki frá Cintamani sem heitir Hilmir. Vandaður jakki í alla útivist.

Góð flíspeysa frá Cintamani.




Útsölulok - allt að 70% afsláttur
miðvikudag, fimmtudag, föstudag, laugardag og sunnudag - Einnig mikið af nýjum vörum




DKNY - Kristensen du Nord - Gerard Darel - Bruuns Bazaar - Nicole Farhi - Paul et Joe - IKKS - D&G



opið
miðvikudag 11-18:00
fimmtudag 11-18:00
föstudag 11-18:30
laugardag 11-21:00
sunnudag 13-18:00

eva
laugavegi 89
s. 512 1715



Gelið er selt í 150 ml túpum.

## Kælandi og róandi

HAPPY LEGS GELIÐ FRÁ BIOTHERM ER KÆLANDI OG RÓANDI GEL FYRIR FÆTURNA. GELIÐ HENTAR ÖLLUM HÚÐGERÐUM OG SAMANSTENDUR ILMURINN AF TEI, APPELSÍNU OG PERU.

Þegar gelið er borið á húðina örvar það blóðrásina í allt að klukkutíma. Það veitir samstundis róandi áhrif og verða fæturnir léttari og þreytutilfinningin hverfur.
Gelið inniheldur plöntuseyði og virk innihaldsefni með kælandi áhrifum sem örva blóðrásina og hafa vatnslosandi áhrif. Einnig inniheldur gelið magnesíum og aspartic-sýru sem eru efni sem vinna á þreytu.

# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Miðvikudagur 16. ágúst 2006 – 31. tölublað – 2. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 vísir


**Marel**

Tekur forystuna í samkeppninni



8

**CFC-löggjöf**

Beint gegn skúffufyrirtækjum



10-11

**Bóksala stúdenta**

Ekkert bítur á Bóksölunni



14-15

## Óbreyttur afli



Heildarafli íslenskra skipa var 88 þúsund tonn í júlí síðastliðnum samkvæmt bráðabirgðatölum frá Fiskistofu. Það er sama magn af afla og í júlí í fyrra. Heildarafli íslenskra skipa nam 876 þúsund tonnum í janúar til júlí í ár en hann var 1.255 þúsund tonn í fyrra. Jafngildir það þrjátíu prósenta samdrætti sem skýrist að mestu af því að loðnuvertíðin var mun styttri en áður. Á móti kemur að mun hærra hlutfall af loðnuaflanum í ár fór til manneldisvinnslu auk þess sem afurðaverð var hátt og hærra en í fyrra.

Í Morgunkorni Glitnis segir að almennt séu ytri skilyrði fyrir sjávarútvegsfyrirtækin hagstæðari nú en í fyrra þar sem gengi krónunnar hafi lækkað frá fyrra ári og afurðaverð á erlendum mörkuðum sé nálægt sögulegu hámarki. - hhs

## Stýrivextir ákveðnir í dag

Búist er við að stýrivextir Seðlabankans hækki um 0,50 til 0,75 prósentustig í dag, að mati greiningardeilda bankanna. Í síðasta mánuði hækkaði bankinn vextina í 13 prósent.

„Í stýrivaxtaspá okkar gerum við ráð fyrir 50 punkta hækkun núna og annarri 50 punkta hækkun í september. Þar með teljum við að ljúki vaxtahækkunarferli Seðlabankans og svo taki vextir að færast niður á við á fyrsta ársfjórðungi 2007,“ segir Þóra Helgadóttir, sérfræðingur á greiningardeild Kaupþings banka.

Spár bankanna eru í samræmi við ný álit bæði OECD og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um að hér sé enn þörf aðhaldssamrar peningastefnu.

Ákvörðunin í dag er utan hefðbundinna vaxtaákvörðunardaga bankans. Næst verða vextir ákveðnir 14. september. - óká

## FRÉTTIR VIKUNNAR

**Yfir væntingum** | Hagnaður FL Group var 5.721 milljón króna eftir skatta á fyrri hluta ársins miðað við 1.933 milljóna króna hagnað á sama tímabili í fyrra.

**Eignir aukast** | Hreinar eignir lífeyrissjóðanna voru komnar í 1.358 milljarða króna í lok júní og jukust um tæp tvö prósent milli mánaða.

**Tapaði þremur** | Norska fjármálafyrirtækið Aktiv Kapital, sem FL Group á yfir tíu prósenta hlut í, tapaði þremur milljörðum króna á öðrum ársfjórðungi.



**Bæta við** | Exista hefur aukið við hlut sinn í Bakkavör um 4,1 prósent og fer nú með 30,8 prósenta hlut. Heildarvirði kaupanna nam tæpum 4,5 milljörðum króna.

**Eyrir stærst** | Eyrir Invest hefur aukið við hlut sinn í Marel og er nú stærsti hluthafinn. Landsbankinn seldi hlut til Eyris og er eftir það næststærsti hluthafinn.

**Undir spám** | Vísitala neysluverðs hækkaði um 0,34 prósent í júlí sem var undir spám greiningaraðila. Verðbólga á ársgrundvelli mælist nú 8,6 prósent.

**Sjóðurinn græðir** | Hagnaður Íbúðalánasjóðs nam rúmum 2,5 milljörðum króna á fyrri helmingi árs og jókst um tæpa tvo milljarða króna miðað við sama tímabil í fyrra.

**Mikil aukning** | Hreinn hagnaður Actavis á öðrum ársfjórðungi þessa árs nam sem jafngildir rúmum 2,7 milljörðum sem var umfram væntingar.

# Íslendingur framleiðir skyr í Bandaríkjunum

## Tilraunaframleiðsla er hafin á skyri úr amerískri mjólk í Bandaríkjunum. Bændasamtökin segja ólíku saman að jafna, íslenskri mjólk og útlendri.

**Óli Kristján Ármannsson**
skrifar

Í New York í Bandaríkjunum er hafin tilraunaframleiðsla á skyri unnu eftir íslenskum framleiðsluaðferðum en úr mjólk amerískra kúa. Sigurður Kjartan Hilmarsson heitir þrítugur Íslendingur sem að framleiðslunni stendur, en verkefnið er óháð Bændasamtökum Íslands sem unnið hafa að markaðssetningu landbúnaðarafurða héðan vestra.

„Það er mjög gaman að sjá hversu mikill árangur hefur náðst í markaðssetningu á íslenska skyrinu og ég myndi fagna samstarfi við Mjólkursamsöluna,“ segir Sigurður og kveðst ekki svo langt kominn með verkefnið að hann sé farinn að huga að markaðssetningu að ráði. Líkt og MS stefnir hann þó á að kynna vöru sína sem hágæðavarning. „Já, ég hef starfað með bónda í New York-fylki sem framleiðir mjólk með svokölluðum lífrænum hætti, það er ekki verksmiðjuframleiðslu. Kýrnar hans fá að fara út, er gefið gras og svo framvegis.“ Sigurður vill því enn ekki slá föstum tímasetningum um hvenær framleiðsla hefst í alvöru, en það verður ekki fyrr en eftir að lagst hefur verið yfir umbúðagerð og annað slíkt. Hann hefur þó tryggt sér vefinn www.skyr.com, þar sem hægt verður að fylgjast með þróuninni.

Sigurður fór upphaflega út í nám en einbeitir sér nú að skyrverkefninu og nýtur við það aðstoðar tveggja annarra Íslendinga. „Fyrst var skyrið nú eins og tómstundagaman,“ segir hann, en honum datt fyrst í hug að búa til skyr þegar hann rak sig á að jógúrt í Bandaríkjunum var honum ekki að skapi. Hann vissi að langamma hans hafði sjálf búið til skyr í sveitinni í gamla daga og datt í hug að gera eins. „Þá fór ég að prófa mig áfram upp úr uppskriftum úr eintaki af Kvennablaðinu frá 1969 sem mamma sendi mér um jólaleytið 2004,“ segir hann. Tilraunastarfsemin vatt svo upp á sig og var orðin heldur fyrirferðamikil fyrir eldhúsið þannig að hann leitaði á náðir nokkurs konar iðntækniskóla í nágrenninu og fékk að nota hjá þeim mjólkurbúið. Þar komst hann svo í kynni við bændur sem höfðu áhuga og boltinn tók að rúlla.

Baldvin Jónsson, verkefnisstjóri átaksverkefnis um framleiðslu og markaðssetningu vistvænna og lífrænna afurða hjá Bændasamtökunum, er dálítið vantrúaður þegar kemur að framleiðslu í öðrum löndum. „Stóra hættan er auðvitað að búa til eitthvað sem ekki er vottað og upprunalega frá Íslandi. Íslenska mjólkin er öðruvísi og með annað próteininnihald,“ segir hann og telur margt líkt með ostum og skyri, til sé einn upprunalegur mozzarella ostur þótt víða séu framleiddar af honum aðrar útgáfur. Hann bendir líka á að vörumerkið skyr sé eign Mjólkursamsölunnar. „Okkur tókst að fá það skráð sem *trademark* í Bandaríkjunum og víðar, þannig að önnur framleiðsla verður þar með aldrei seld sem skyr.“

# Gervifélög skráð á Guernsey

## Ríkisskattstjóri segir ólöglegt að fela tekjur og eignir í erlendum skattaparadísum.

Félög skráð á Ermarsundseynni Guernsey áttu hér eignir fyrir rúmlega 41,6 milljarða króna í árslok 2005 samkvæmt tölum Seðlabankans. Heildarfjármunaeign erlendis frá nam á sama tíma rúmum 252 milljörðum króna. Einungis kemur meiri fjárfesting frá tveimur löndum; níutíu milljarðar frá Lúxemborg og 60,3 milljarðar frá Hollandi.

Skattaumhverfi á Guernsey er hagstætt og auðvelt fyrir erlenda aðila að fá undanþágu frá greiðslu tekjuskatts á fyrirtæki. Eignamenn hafa því gjarnan stofnað þar svokölluð skúffufyrirtæki og freistað þess að komast kringum skattalöggjöf heimafyrir. Skattaumhverfi er líka hagstætt í Lúxemborg og í Hollandi.

Indriði H. Þorláksson, ríkisskattstjóri, segir Íslendinga í auknum mæli skrá félög sín á lágskattasvæðum til þess að komast hjá skatti eða lágmarka greiðslur. Félögin greiða ekki skatta á viðkomandi stað heldur bara stofn- og árgjöld. „Það hvíla engar kvaðir á þessum aðilum; engin hlutafjárlöggjöf, engin upplýsingaskylda eða skylda til að birta ársreikninga. Þetta eru í flestum tilvikum hrein gervifélög,“ segir hann.

Landsbankinn keypti á dögunum Cheshire-banka á Guernsey. Halldór J. Kristjánsson bankastjóri sagði þá nauðsynlegt að bjóða viðskiptavinum upp á þann kost að eiga bankaviðskipti á Ermarsundseyjum. Rúmlega helming tekna Guernsey má rekja til fjármálastarfsemi. -jsk


120 1886 2006

Örugg ávöxtun í þeirri mynt sem þér hentar

Peningabréf Landsbankans

Markmið Peningabréfa er að ná hærri ávöxtun en millibankamarkaður og gjaldeyrisreikningar. Enginn munur er á kaup- og sölugengi.

ISK 13,3%*

GBP 5,4%*

USD 5,3%*

EUR 3,2%*

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | landsbanki.is

Peningabréf ISK/EUR/USD/GBP eru fjárfestingarsjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðirnir eru reknir af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbankinn er vörsluaðili sjóðanna. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögunum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðina, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðanna, vísast til útboðslýsingar og útdráttar úr útboðslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbankans auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.

* Nafnávöxtun á ársgrundvelli frá 3. júlí - 1. ágúst 2006.

GOTT FÓLK McCANN

**GENGISÞRÓUN**

| | Vika | Frá áramótum |
|---|---|---|
| Actavis | 5% | 29% |
| Alfesca | 3% | 4% |
| Atlantic Petroleum | -1% | 28% |
| Atorka Group | -5% | -10% |
| Avion Group | -2% | -30% |
| Bakkavör | 7% | 0% |
| Dagsbrún | 1% | -10% |
| FL Group | -1% | -20% |
| Glitnir | 6% | 2% |
| KB banki | 1% | -5% |
| Landsbankinn | -4% | -15% |
| Marel | 10% | 25% |
| Mosaic Fashions | 1% | -10% |
| Straumur | 1% | -0% |
| Össur | 5% | 0% |

*Miðað við gengi í Kauphöll á mánudaginn*

# Dell innkallar gallaðar rafhlöður

Bandaríski tölvuframleiðandinn Dell hefur ákveðið að innkalla rúmlega fjórar milljónir rafhlaðna fyrir fartölvur um allan heim af öryggisástæðum. Aldrei fyrr hafa jafn mörg eintök af nokkrum rafeindahlut verið innkallaðar og nú.

Um er að ræða galla í rafhlöðunum, sem veldur því að þær ofhitna og getur eldur kviknað í þeim. Vitað er um sex tilvik þar sem þetta hefur komið upp en enginn fartölvunotandi mun þó hafa orðið fyrir meiðslum af þessum sökum. Flestar fartölvurnar, sem eru af gerðinni Latitude, Inspiron, XPS og Precision, voru seldar í Bandaríkjunum, en talið er að um



**EJS** Fyrirtækið flytur inn fartölvur frá Dell, sem ætlar að innkalla rúmar fjórar milljónir rafhlaðna í fjórum gerðum tölva.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

ein milljón tölva með rafhlöðu af þessari gerð hafi verið seldar í öðrum löndum. Sony framleiddi rafhlöðurnar, sem seldar voru í tölvum frá apríl árið 2004 til júlí á þessu ári.

Að sögn Halldórs Más Sæmundssonar, framkvæmdastjóra markaðssviðs hjá EJS, sem flytur inn tölvur frá Dell, er innköllunin einungis í varúðarskyni. „Við vitum ekki hversu margar af þessum rafhlöðum eru á Íslandi, ef þá einhverjar,“ segir Halldór en bætir við að fjöldi þeirra muni koma í ljós á næstu dögum.

EJS hefur sett upp leiðbeiningar á vefsíðu fyrirtækisins, ejs.is, þar sem fartölvueigendur geta kannað hvort tölva þeirra sé hugsanlega með gallaða rafhlöðu. Geta fartölvueigendur leitað til fyrirtækisins telji þeir tölvu sína vera með gallaða rafhlöðu. **- jab**

# Farsímakerfið á áætlun

Uppsetning á búnaði fyrir rekstur þriðju kynslóðar farsímakerfis hér á landi er á áætlun hjá fjarskiptafyrirtæki í eigu Novators, fjárfestingarfélags Björgólfs Thors Björgólfssonar.
Talsmaður félagsins segir tilraunarekstur hefjast öðru hvoru megin við næstu mánaðamót.

Novator fékk heimild til allt að eins árs í júní til að setja upp búnað og prófa kerfið. Félagið má hins vegar ekki selja þjónustuna fyrr en endanlegt leyfi liggur fyrir, en það gæti fyrst orðið um mitt næsta ár. **- jab**

# Einkaneyslan eykst



**ALLTAF AÐ STRAUJA** Íslendingar eru enn að auka við eyðsluna.

Íslendingar virðast ekki láta verðbólgufréttir og svartsýnisspár stöðva sig í neyslunni, ef marka má nýútgefnar tölur Seðlabanka Íslands um greiðslukortaveltu. Kreditkortavelta í júlí nam 21,3 milljörðum króna og dróst saman um sex prósent frá fyrri mánuði. Hins vegar nam raunaukning kreditkortaveltu í júlí í ár miðað við júlí í fyrra fjórtán prósentum og á sú aukning jafnt rætur í kortanotkun innanlands sem erlendis. Sterkt samband er milli raunþróunar kreditkortaveltu og þróunar einkaneyslu, samkvæmt Morgunkorni Glitnis. Þar kemur fram að það láti nærri að aukning neyslu sé tveir þriðju hlutar af raunaukningu kortaveltu. Samkvæmt því væri vöxtur einkaneyslu á öðrum ársfjórðungi nálægt tíu prósentum miðað við sama tímabil í fyrra. **- hhs**

# Stjörnurnar með fín árslaun

Bandaríski leikstjórinn Steven Spielberg trónir á toppi launahæstu manna í afþreyingargeiranum á síðasta ári, samkvæmt úttekt bandaríska tímaritsins Forbes.

Spielberg, sem á að baki myndir á borð við E.T., Jurassic Park, og sumarsmell síðasta árs, War of the Worlds, fékk 23,7 milljarða íslenskra króna í árslaun. Tekjur leikstjórans eru ekki allar komnar frá afrekum hans á hvíta tjaldinu, en hann seldi fyrirtæki sitt DreamWorks á liðnu ári.

Í öðru sæti er útvarpsmaðurinn Howard Stern. Hann skipti um útvarpsstöð gegn vænni þóknun á árinu og fékk jafnvirði



**STEVEN SPIELBERG** Leikstjórinn var tekjuhæsti launþeginn í afþreyingargeiranum á síðasta ári.

tæpra 21,6 milljarða króna í laun á árinu.

George Lucas, faðir Stjörnustríðsmyndanna, vermir þriðja sæti listans með jafnvirði 16,8 milljarða íslenskra króna í laun á árinu.

Þá riðu leikarar og sjónvarpsfólk sömuleiðis sæmilega feitum hesti á árinu en sjónvarpskonan Oprah Winfrey, sem lenti í fjórða sæti, hafði að jafnvirði rétt um sextán milljarða króna í árslaun. Fjórmenningarnir tróna langt fyrir ofan þá næstu á listanum en meðlimir írsku hljómsveitarinnar U2 og grínistinn Jerry Seinfeld fengu hvor um sig rúma sjö milljarða króna fyrir störf sín. **- jab**

**ÞEIR 10 LAUNAHÆSTU**

| Nafn | Tekjur (í mill. kr) |
|---|---|
| Steven Spielberg | 23.734 |
| Howard Stern | 21.589 |
| George Lucas | 16.728 |
| Oprah Winfrey | 16.085 |
| U2 | 7.863 |
| Jerry Seinfeld | 7.149 |
| Rolling Stones | 6.434 |
| Tiger Woods | 6.434 |
| Dan Brown | 6.291 |
| Jerry Bruckheimer | 6.005 |

# Kallar skrif Berlingske níðskrif um FL og Íslendinga

## Forstjóri FL Group telur gæta áhrifa yfirvofandi blaðastríðs í skrifum BT. Yfirtaka eigenda FL Group á félaginu komi ekki til greina þótt það standi nálægt upplausnarvirði.

**Eggert Þór Aðalsteinsson**
skrifar

„Þetta er níð og ekkert annað. Þegar þú lest þessa grein þá bera þau orð, sem eru notuð til að lýsa ákveðnum hlutum, vott um að þarna er ekki verið að lýsa ástandi heldur að búa til einhverja ímynd,“ segir Hannes Smárason, forstjóri FL Group, um skrif Berlingske Tidende um rekstur og afkomu FL á síðustu dögum.

Hannes bendir á að þegar hlutabréf lækki, eins og gerst hefur víðast hvar, þá noti blaðamenn Berlingske orðalagið að hlutabréfaverðið „sé búið að fara í skítinn.“ Svona orðalag noti menn til ná einhverjum öðrum markmiðum fram en að lýsa ástandi.

Þarna séu einnig rangfærslur og sleggjudómar eins og að Icelandair gangi illa, eins og öllum öðrum flugfélögum í heiminum. „Við vorum að sjá tölur frá Icelandair. Það gengur ekki illa.“

Hannes veltir því fyrir sér hvort barátta Berlingske fyrir sínu lífi gagnvart komandi fríblöðum geri blaðamenn svona skelkaða. „Þessi blaðamaður Eigil Evert skrifar alltaf illa um Íslendinga og hefur alltaf gert,“ segir Hannes og vísar til niðurlags í greininni þar sem standi að áreiðanleikakönnun vegna hugsanlegrar yfirtöku Baugs og FL á House of Fraser hafi tekið nokkrar vikur. Áður fyrr hafi Íslendingar keypt fyrst og spurt svo. „Mér finnst með hreinum ólíkindum að editorinn á Berlingske skuli hafa hafa hleypt þessu inn í blaðið.“

Hannes segir að það komi alls ekki til greina að svo stöddu að taka FL af markaði, þrátt fyrir að félagið standi nálægt upplausnarvirði. Markaðsvirði félagsins stóð í 125 milljörðum króna í gær en eigið fé er í um 119 milljörðum króna eftir verulega aukningu hlutafjár í tengslum við kaup á fjórðungshlut í Straumi-Burðarási. „Við erum tiltölulega ódýrir miðað við mörg önnur fyrirtæki sem við berum okkur saman við. Við erum nánast að fara á pari.“ Í bókum FL er Icelandair Group metið



**HANNES SMÁRASON, FORSTJÓRI FL GROUP** furðar sig á skrifum Berlingske og kallar þau níðskrif.

á 8,2 milljarða en Hannes telur að félagið skili fimm til sex milljörðum króna í rekstrarhagnað fyrir afskriftir (EBITDA) á þessu ári. Þannig að það er ljóst, að mati forstjórans, að markaðsvirði Icelandair er langtum meira en bókfært virði og því geti FL verið áhugavert fyrir marga fjárfesta. Stjórnendur FL Group hafa tilkynnt að á næstu fjórum til sex vikum muni koma í ljós hvort áform um skráningu Icelandair í kauphöll gangi eftir.

Aðspurður um hvort vanmat á virði FL geti stafað af því að fjárfestar átti sig ekki á eignum og fjárfestingum félagsins, segir Hannes að stjórnendur félagsins hafi ekki skynjað það þannig. „Við höfum reynt að vanda okkur eins og við getum og sýna hvað við eigum og gefa til kynna hvernig rekstur hinna ýmsu félaga er að ganga. Þetta er félag með stóran efnahagsreikning [200 milljarðar] og stendur í ýmsum fjárfestingum.“ **- esa**

HAFÐU BÁÐAR HENDUR Á STÝRI

www.rs.is



*Nú getur þú hringt og svarað símtölum með GPS tækinu!*

**Garmin nüvi 360**

Það er vit í Garmin nüvi sem ferðafélaga. Garmin nüvi er GPS leiðsögutæki með korti af allri Evrópu og stórum skjá, en fer vel í vasa. Tækið inniheldur m.a. MP3 spilara, ljósmyndarýni, reiknivél, gengisreikni, heimsklukku, orðabók, ferðahandbók og einingabreyti. Tækið er einnig með Bluetooth þannig að það nýtist sem handfrjáls búnaður við GSM í bílnum.

GARMIN Bluetooth VÉLASALAN radiomiðun

R. SIGMUNDSSON

**Umboðsmenn** **Akureyri:** Haftækni · **Blönduós:** Krákur · **Egilsstaðir:** Bílanaust · **Grundarfjörður:** Mareind · **Ísafjörður:** Bensínstöðin **Reyðarfjörður:** Veiðiflugan **Selfoss:** Hársnyrtistofa Leifs **Vestmannaeyjar:** Geisli · **Reykjavík:** Arctic Trucks, Bílanaust, Elko, Everest, Gísli Jónsson, Hlað, Intersport, Stormur, Toyota aukahlutir, Útilíf, Vesturröst, Yamaha · **Fríhöfnin**

ÁNANAUSTUM 1 | 101 REYKJAVÍK | SÍMI 520 0000 | www.garmin.is



## SKRIFSTOFAN Í VASANUM

Þú getur gert flest allt sem þú gerir á skrifstofunni þinni nánast hvar sem þú ert í heiminum.

NÝTT



BlackBerry 8700g™



BlackBerry 7290™

BlackBerry 7100g™

**BlackBerry**™

Sérhæft, þráðlaust samskiptatæki sérstaklega hannað til að vinna með gögn auk þess að vera farsími. Tækið hefur einfalt og þægilegt lyklaborð og stóran skjá.

„Í mínu vafstri er nauðsynlegt að vera alltaf í takt við það sem er að gerast“

Kári Sturluson, framkvæmdastjóri Ungfrú Uglu ehf.

Fyrir þá sem eru á ferðinni skiptir miklu máli að hafa greiðan og öruggan aðgang að hvers kyns gögnum. Því er mikilvægt að geta hreinlega verið með skrifstofuna í vasanum og hafa þar með meiri sveigjanleika í starfi og betra aðgengi að upplýsinum auk þess að nýta tímann vel.

Hjá Símanum færðu samskiptatæki, sem auk þess að vera farsími, veita þér öruggan og auðveldan aðgang að tölvupósti, dagbók, tengiliðaskrá og netþjóni þíns fyrirtækis.

Síminn býður sérhæfðar lausnir í þráðlausum samskiptum sem hjálpa þér að nálgast nauðsynlegar upplýsingar og gögn og sinna starfi þínu nánast hvar sem þú ert.

Ráðgjafar Símans hjálpa þér að velja þá lausn sem hentar þér best. Hafðu samband við viðskiptastjóra þinn eða ráðgjafa okkar í **800 4000** og sjáðu hvað við getum gert fyrir þig og þitt fyrirtæki.

800 4000 - **siminn.is**

**Síminn**

The RIM and BlackBerry families of related marks, images and symbols are the exclusive properties of and trademarks of Research In Motion - used by permission.

ENNEMM / SÍA / NM22673

# Verð á laxi lækkar

## Alfesca skoðar framvirka samninga um kaup á laxi á enn lægra verði.

Eftir látlausar verðhækkanir á ferskum laxi frá því í sumarbyrjun 2005 hefur verðið lækkað undanfarið. Hæst fór það í 48 norskar krónur á kílóið nú í júlí en stendur nú í 37-38 norskum krónum.

Kristinn Albertsson, fjármálastjóri hjá Alfesca, segir að í dag sé mögulegt að gera framvirka samninga um kaup á laxi á um það bil 32 norskar krónur miðað við afhendingu frá og með október nk. sem bendir til þess að verð á laxi fari lækkandi.



**VERÐ Á LAXI LÆKKAR EFTIR MIKLAR HÆKKANIR** Alfesca er háð verði á laxi sem fór hæst í 48 norskar krónur á kílóið.

Alfesca studdi stofnun Fish Pool, sem er alþjóðlegur afleiðumarkaður með lax, með það að markmiði að tryggja meiri stöðugleika í viðskiptum með lax. - eþa

# Styttist í tilboðið

Samkvæmt heimildum Markaðarins mun Baugur leggja fram formlegt yfirtökutilboð í House of Fraser öðru hvoru megin við næstu helgi. Er talið að tilboðið hljóði upp á 350 milljónir punda sem jafngildir 47 milljörðum íslenskra króna. Hlutabréf í félaginu hækkuðu um þrjú prósent í Kauphöllinni í London á mánudag vegna væntinga um að komið væri að því að Baugur legði fram formlegt tilboð en gáfu lítillega eftir í gær.

Fjárfestingarbankinn HBOS, fjárfestarnir Kevin Stanford og Don McCarthy og FL Group verða meðal lykilfjárfesta í kaupum Baugs á bresku keðjunni, samkvæmt heimildum Markaðarins.

Takist Baugi yfirtakan á House of Fraser verður félagið leiðandi á verslunargötum Bretlands. Meðal eigna Baugs eru Mosaic Fashions sem meðal annars reka Oasis, Coast, Whistles og Karen Millen, leikfangaverslunin Hamleys, Iceland-verslunarkeðjurnar og Whittard of Chelsea. - hhs




**HOUSE OF FRASER** Búist er við formlegu yfirtökutilboði Baugs í bresku keðjuna HoF öðru hvoru megin við helgina.

# Dregur úr sölu hjá Moss Bros

## Hitabylgja og HM ástæður samdráttar.

Herrafatakeðjan Moss Bros Group greindi frá því í síðustu viku að sala á fyrstu 26 vikum reikningsársins, fram til júlíloka, hafi dregist saman í fyrsta skipti í fjögur ár. Stjórnendur félagsins segja að hitabylgjan, sem gekk yfir Bretlandseyjar í sumar, og HM í knattspyrnu séu ástæður þessa samdráttar.



**DRÓ ÚR SÖLU VEGNA HM 2006** Moss Bros-herrafatakeðjan greindi frá samdrætti á fyrri hluta ársins. FRÉTTABLAÐIÐ/ GETTY IMAGES

Forstjórinn Philip Mountford telur að félagið hafi tapað 140 milljónum króna í veltu vegna HM en alls dróst sala saman um 0,75 prósent á milli ára.

Unity Investments ehf., fjárfestingarfélag í eigu Baugs Group, FL Group og Kevins Stanford, er stærsti hluthafinn í Moss Bros, með yfir 28 prósenta hlut. Markaðsverðmæti Moss Bros hrundi um fimmtán prósent eftir tíðindin en lækkunin gekk að öllu leyti til baka. Frá því að Unity varð stærsti hluthafinn fyrr í sumar hefur gengi Moss Bros lækkað um tíu prósent. - eþa

# Samið um IP-tækni

Landsvirkjun hefur gert samning við TM Software um uppsetningu símstöðva og búnaðar sem byggist á IP-símatækni fyrir skrifstofu Landsvirkjunar á Akureyri, í Laxárstöð og Fljótsdalsstöð, Kárahnjúkum. Í verkinu felst meðal annars forritun, uppsetning, prófanir og kennsla á IP-símstöðvarnar og símabúnaðinn sem þeim tilheyrir.

Haft er eftir Óskari H. Valtýssyni, fjarskiptastjóra Landsvirkjunar, að símakostnaður muni lækka og sveigjanleiki aukast enda sé það Netið sem sé samtengipunktur í stað símalína áður. - jab



**FRÁ UNDIRRITUN SAMNINGSINS** Landsvirkjun og TM Software hafa samið um uppsetningu símstöðva og búnaðar sem byggir á IP-símatækni.

# Íslensk lággjaldafélög tapa ekki á hryðjuverkavá

## Forsvarsmenn lággjaldaflugfélaga segja ekki búast við að fargjöld hækki vegna hertra öryggiskrafna. Íslensku félögin eru betur í stakk búin til að takast á við seinkanir.

**Jón Skaftason**
Skrifar

Birgir Jónsson, framkvæmdastjóri Iceland Express, hefur ekki áhyggjur af því að hryðjuverkaváin í Bretlandi og þær auknu öryggiskröfur sem fylgja, valdi fyrirtækinu fjárhagslegum skaða „Okkar flugleiðir eru lengri en lággjaldaflugfélaganna í Evrópu og vélarnar fljúga ekki jafn oft á dag. Við getum þar af leiðandi tekið á okkur meiri tafir. Tapið verður ekkert á þessu í heildina þótt það kunni að verða smá dagamunur.“ Birgir bætir við að ekki hafi orðið sýnilegt tap af hryðjuverkaárásunum í Lundúnum þann sjöunda júlí 2005.

Auknar öryggiskröfur á breskum flugvöllum hafa valdið miklum töfum á flugi og hefur EasyJet til að mynda þurft að aflýsa meira en fimm hundruð ferðum undanfarna viku. Sérfræðingar hafa sagt auknar öryggiskröfur og lengri bókunartíma koma afar illa niður á lággjaldaflugfélögum, sem eiga mikið undir því að öllum kostnaði sé haldið í lágmarki og að flugvélar nýtist sem allra best.



**FLUGVÉLAR ICELAND EXPRESS Í BIÐSTÖÐU** Auknar öryggiskröfur á flugvöllum víða um heim valda íslenskum lággjaldaflugfélögum ekki miklum skaða. Flugfélög með bækistöðvar á stórum alþjóðaflugvöllum verða verst úti.

Írska flugfélagið RyanAir hefur hingað til fylgt þeirri stefnu að flugvélar taki á loft á ný tuttugu mínútum eftir að þær lenda. Ómögulegt hefur reynst að fylgja því eftir síðustu daga og segja sérfræðingar að í ljósi hertra öryggiskrafna á flugvöllum sé viðbúið að félagið þurfi að sveigja frá þeirri stefnu sinni. Er jafnvel talið að lággjaldaflugfélög þurfi að hækka verð til að mæta auknum kostnaði og minni nýtni. Flugvélar Iceland Express taka á loft fjórutíu mínútum eftir lendingu.

Almar Örn Hilmarsson, forstjóri norræna lággjaldaflugfélagsins Sterling sem er í eigu FL Group, segir þau flugfélög sem hafa bækistöðvar á stórum flugvöllum á borð við Heathrow verða verst úti. „Við vorum eina flugfélagið sem flaug óraskað frá Bretlandi meðan önnur þurftu að aflýsa eða seinka.“

Almar telur ekki að umtalsverð hækkun verði á fargjöldum lággjaldaflugfélaga. Vissulega kunni kostnaður að aukast vegna hertra öryggiskrafna, hins vegar sé rétt að flugvellirnir beri þann aukakostnað. „Kastrup-flugvöllur skilaði til dæmis hálfum milljarði danskra króna í hagnað á fyrri árshelmingi. Það er ekki hægt að bjóða fólki upp á að þurfa að bíða klukkustundum saman eftir flugi. Flugvellirnir verða að bæta við fólki og setja fé í uppbyggingu og skipulag.”


PENINGAMARKAÐSSJÓÐUR

13,5%*

Tilvalinn fjárfestingarkostur fyrir þá sem vilja binda fé í skamman tíma án mikillar áhættu. Enginn munur er á kaup- og sölugengi og innstæðan er alltaf laus til útborgunar.

* Nafnávöxtun á ársgrundvelli fyrir tímabilið 30/04/06-31/07/06

Peningamarkaðssjóður er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. Fjárfestingarsjóður telst vera áhættusamari fjárfesting en verðbréfasjóður skv. lögunum. Meiri áhætta fjárfestingarsjóðs er fólgin í rýmri fjárfestingarheimildum sem geta m.a. leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóði. Nánari upplýsingar um framangreint má nálgast í útboðslýsingu eða útdrætti úr útboðslýsingu sjóðsins í útibúum KB banka eða á www.kbbanki.is.

KB BANKI
– kraftur til þín!


# Aðlögun hagkerfa er mikilvæg

Ísland er í fyrsta sæti á lista yfir samkeppnishæfustu hagkerfi Evrópu í nýrri skýrslu svissneska viðskiptaháskólans IMD og er Danmörk í öðru sæti. Efst á lista yfir samkeppnishæfustu hagkerfi heims eru Bandaríkin, Hong Kong og Singapúr. Ísland er í fjórða sæti á listanum.

Í skýrslunni, sem heitir Í leit að bestu norrænu leiðinni, og var gefin út af samtökum atvinnulífsins á Norðurlöndunum, kemur fram að Norðurlöndin státi öll af sterkri stöðu í alþjóðlegri samkeppni. En þrátt fyrir að margt sé líkt með löndunum þá sé ekkert eitt norrænt módel sem þau vinni eftir og því geti þau lært hvert af öðru.

Þá segir að Norðurlöndin eigi það sameiginlegt að þau eru lítil og samfélögin opin og því hafi alþjóðleg samkeppni þar mikil áhrif.



**REYKJAVÍK** Ísland býr yfir samkeppnishæfasta hagkerfi í Evrópu. Í nýrri skýrslu er bent á að hagkerfin verði að geta aðlagast breyttum tímum. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Skýrsluhöfundar leggja áherslu á að þótt Norðurlöndin séu á meðal samkeppnishæfustu landa heims í dag þá sé engin trygging fyrir því að svo verði um aldur og ævi. Er bent á að Þýskaland og Japan hafi verið með efstu þjóðum á listanum fyrir áratug. Því er ekki að skipta nú og segja skýrsluhöfundar það benda til að mikilvægt sé fyrir löndin að geta lagað hagkerfi sín að breyttum tímum. Það hafi Norðurlöndunum tekist fram til þessa. - jab

**lenovo**



# FORSKOT FYRIR KRÖFUHARÐA

**ThinkPad**

SJÁLFVIRK TENGING HVAR SEM ER
GAGNABJÖRGUN MEÐ EINUM TAKKA
FINGRAFARALESARI
VÖKVAÞOLIÐ LYKLABORÐ
ALLT AÐ 11 KLST. RAFHLÖÐUENDING
FALLVÖRN VERNDAR HARÐA DISKINN

**ThinkPad** er heill tölvuheimur fyrir kröfuharða notendur og býr yfir ThinkVantage tækni sem einfaldar daglega notkun og tryggir öryggi. Yfirburða tækni, gæði, lág bilanatíðni, öryggi og einfaldleiki eru höfð í fyrirrúmi. ThinkPad er sniðin að þeim sem vilja ná lengra.

Frá því ThinkPad fartölvur komu á markað hafa þær unnið til meira en 1200 verðlauna og eru því mest verðlaunuðu fartölvur sögunnar.

**Kíktu á www.lenovo.is og finndu réttu fartölvuna fyrir þig.**



| ThinkPad T60 | ThinkPad T60 | ThinkPad Z61t | ThinkPad T60 |
|---|---|---|---|
| Intel Core Solo T1300 1,66GHz | Intel Core Duo T2300 1,66GHz | Intel Core Duo T2400 1,83GHz | Intel Core Duo T2400 1,83GHz |
| 256MB minni (stækkanlegt í 4GB) | 512MB minni (stækkanlegt í 4GB) | 1GB minni (stækkanlegt í 4GB) | 1GB minni (stækkanlegt í 4GB) |
| 40GB 5400sn harður diskur | 60GB 5400sn harður diskur | 80GB 5400sn harður diskur | 80GB 5400sn harður diskur |
| 14,1" skjár / 1024x768 upplausn Intel GMA 950 allt að 128MB | 14,1" skjár / 1024x768 upplausn Intel GMA 950 allt að 128MB | 14,1" breiðtjaldsskjár / 1440x900 Intel GMA 950 allt að 128MB | 14,1" skjár / 1400x1050 upplausn ATI Radeon X1300 64MB skjákort |
| CD-RW / DVD combo / WiFi / Bluetooth / 3x USB 2.0 | DVD-RW / WiFi / Bluetooth / 3x USB 2.0 | DVD-RW / WiFi / Bluetooth / FireWire / 3x USB 2.0 | DVD-RW / WiFi / Bluetooth / 3x USB 2.0 |
| Fingrafaralesari | Fingrafaralesari | Fingrafaralesari & minniskortalesari | Fingrafaralesari |
| Þyngd frá 2.3 kg | Þyngd frá 2.5 kg | Þyngd frá 2.1 kg | Þyngd frá 2.5 kg |
| 3 ára ábyrgð, 1 ár á rafhlöðu | 3 ára ábyrgð, 1 ár á rafhlöðu | 3 ára ábyrgð, 1 ár á rafhlöðu | 3 ára ábyrgð, 1 ár á rafhlöðu |
| Windows® XP Pro stýrikerfi | Windows® XP Pro stýrikerfi | Windows® XP Pro stýrikerfi | Windows® XP Pro stýrikerfi |
| Mánaðarlegar greiðslur*: 5.500 kr. | Mánaðarlegar greiðslur*: 6.876 kr. | Mánaðarlegar greiðslur*: 6.876 kr. | Mánaðarlegar greiðslur*: 8.252 kr. |
| Verð: 159.900 kr. | Verð: 199.900 kr. | Verð: 199.900 kr. | Verð: 239.900 kr. |




## Plantronics Explorer 320

Bluetooth þráðlaust heyrnartól

Tengjanlegt við tölvusíma eða GSM

Ef þú kaupir Lenovo 3000 eða ThinkPad fartölvu hjá Nýherja **færðu Plantronics heyrnartól frítt með.**

## Canon MP500 fjölnota prentari

Prentar / skannar / ljósritar

Litaskjár - einfalt að skoða og prenta

Tilboðsverð**: **21.900 kr.**

Listaverð: **26.900 kr.**

Verið velkomin í verslun Nýherja, Borgartúni 37, þar sem við aðstoðum við val á réttu fartölvunni. **Söluaðilar um land allt.**

**NÝHERJI**

www.lenovo.is

Nýherji hf. | Borgartúni 37 | 105 Reykjavík | Sími 569 7700 | www.nyherji.is

* Mánaðarlegar greiðslur miðast við tölvulán til 36 mánaða hjá Landsbankanum, miðað við upplýsingar af www.landsbanki.is 18. júlí 2006. / ** Tilboð gildir aðeins fyrir þá sem kaupa ThinkPad eða Lenovo 3000 fartölvu.

## Mikill hagvöxtur á evrusvæðinu

Hagvöxtur jókst um 0,9 prósent á evrusvæðinu á öðrum fjórðungi ársins, samkvæmt útreikningum Eurostat, hagstofu Evrópusambandsins (ESB). Þetta jafngildir 2,4 prósenta hagvexti á árs grundvelli og hefur hann ekki verið meiri síðastliðin fimm ár.

Til samanburðar jókst hagvöxtur um 0,6 prósent á sama tíma í Bandaríkjunum en um 0,2 prósent í Japan.

Framkvæmdastjórn ESB spáir nokkuð minni hagvexti á yfirstandandi ársfjórðungi eða 0,7 prósentum, og 0,65 prósentum á síðasta fjórðungi ársins. **- jab**



**EVRUR** Hagvöxtur hefur ekki mælst meiri á evrusvæðinu í fimm ár.

## Sekt Enron-stjóra hækkuð

### Fyrrverandi forstjóra Enron verður gert að greiða hærri sekt í kjölfar fráfalls félaga hans.

Jeffrey Skilling, fyrrverandi forstjóri hins fallna bandaríska orkurisa Enron, þarf að greiða rúma þrettán milljarða króna í sekt fyrir sinn hlut í málinu. Sektin var hækkuð á dögunum í kjölfar fráfalls Kenneths Lay, sem gegndi starfi forstjóra á undan Skilling. Skilling verður nú einnig gert að greiða hluta Lays.

Báðir voru þeir fundnir sekir um fjársvik í maí síðastliðnum, dæmdir til fangelsisvistar og gert að greiða háar sektir. Lay féll hins vegar frá þann fimmta júlí.

Enron varð gjaldþrota árið 2001. Skuldir fyrirtækisins námu þá tvö þúsund og þrjú hundruð milljörðum króna. Fjögur þúsund manns misstu vinnuna í kjölfar gjaldþrotsins.

Skilling, sem fundinn var sekur í nítján af tuttugu og átta ákæruliðum, hyggst áfrýja dómnum. **-jsk**



**KÓNGUR Í RÍKI SÍNU** Jeffrey Skilling var á sínum tíma hampað sem einu af óskabörnum bandarísks viðskiptalífs. Hann á yfir höfði sér langa fangelsisvist og þarf að greiða milljarða í sektir.

## Stærsta farsímafyrirtæki heims í Kína

Sætaskipti hafa orðið á stærstu farsímafyrirtækjum í heimi. Breska farsímafyrirtækið Og Vodafone, sem fram til þessa hefur vermt fyrsta sætið, hefur nú vikið fyrir kínverska keppinautnum China Mobile. Viðskiptavinir kínverska farsímafyrirtækisins eru 200 milljón talsins, eða 14 milljónum fleiri en þeir sem kaupa þjónustu sína hjá Og Vodafone.

Talsmaður Og Vodafone segir fyrirtækið ekki einblína á það að verða stærst í heimi heldur einbeiti það sér að gæðum þjónustunnar.

China Mobile hefur 40 prósenta markaðshlutdeild í Kína en reiknað er með að fyrirtækið hafi í hyggju að færa kvíarnar út til annarra landa á næstunni.



**FARSÍMI** Kínverska farsímafyrirtækið China Mobile er orðið stærsta fyrirtæki heims á sínu sviði. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

# Ellis víkur úr sæti

### Tilboð bandarísks auðkýfings í Aston Villa hefur verið samþykkt. „Deadly“ Doug Ellis hættir afskiptum af félaginu.

**Jón Skaftason**
skrifar

Stjórn enska knattspyrnufélagsins Aston Villa hefur samþykkt tilboð bandaríska auðkýfingsins Randys Lerner í félagið. Nú þarf einungis samþykki meirihluta hluthafa til þess að kaupin verði að veruleika. Fjárfestingafélag Lerners, RAL, greiðir 8,5 milljarða króna fyrir 56,85 prósenta hlut í Aston Villa.

Öldungurinn Doug Ellis, sem verið hefur meirihlutaeigandi auk þess að gegna starfi stjórnarformanns frá árinu 1982, mun hætta afskiptum af félaginu. Ellis hefur alla tíð verið gríðarlega óvinsæll hjá áhangendum Aston Villa; hann hefur þótt halda fremur fast um budduna og að auki sýna aðdáendum félagsins lítilsvirðingu.

„Það hefur verið gríðarlega ánægjulegt að starfa hjá Aston Villa. Ég hef bæði verið stjórnarformaður og meirihlutaeigandi í meira en tvo áratugi og starfað hjá félaginu síðan 1968. Ég lít til baka með stolti,“ sagði Ellis.

Fjögur fjárfestingafélög sýndu Aston Villa áhuga en stjórn félagsins taldi tilboð Lerners fýsilegast. Litið hafði út fyrir að ekki næðist samkomulag um kaupin þar sem Ellis setti það skilyrði að fá nafnbótina heiðursforseti. Lerner tók það ekki í mál og svo virðist sem Ellis hafi að lokum látið undan.

Lerner hefur lofað nýjum knattspyrnustjóra Aston Villa, Martin O'Neill, fjármagni til leikmannakaupa. Þá hyggst Lerner afskrá félagið af hlutabréfamarkaði.



**„DEADLY“ DOUG ELLIS** Bandaríski auðkýfingurinn Randy Lerner greiðir 8,5 milljarða króna fyrir tæplega sextíu prósenta hlut í Aston Villa. Aðdáendur félagsins eru ánægðir með brotthvarf Dougs Ellis.

**SÖGUHORN**

## Faðir sjónvarpsins fæðist

Á sunnudag voru liðin 118 ár frá fæðingu skoska uppfinningamannsins Johns Logie Bairds, en hann fann upp sjónvarpið árið 1926, eða fyrir sléttum 80 árum.

Baird fæddist í strandbænum Helensburgh í Skotlandi hinn 13. ágúst árið 1888 og var fjórða barn foreldra sinna. Snilligáfa Bairds í tengslum við rafmagn kom snemma í ljós. Þegar hann var um 10 ára gamall kom hann á símasambandi við heimili sitt og heimili bestu vina sinna sem bjuggu í nágrenninu. Líftími símkerfisins varð hins vegar skammvinnur því ekill á hestvagni rakst í eina af símasnúrunum sem héngu milli húsanna og voru þær teknar niður í kjölfarið. Baird litli dó hins vegar ekki ráðalaus og notaði bæði vírana, tækjabúnaðinn og tækniþekkinguna sem hann bjó yfir til að búa til litla rafstöð í garðinum á bak við hús foreldra sinna. Rafstöðin virkaði sem skyldi og varð húsið það fyrsta í Helensburgh sem lýst var upp með rafmagni. Þá reyndi hann meðal annars að búa til vélknúna svifflugu. Árangurinn lét hins vegar á sér standa. Mótor svifflugunnar splundraðist þegar Baird hugðist þreyta jómfrúrflugið og hlaut hann við það meiðsli sem áttu eftir að hrjá hann til æviloka auk þess sem hann varð flughræddur fyrir lífstíð.

John Logie Baird gekk hinn hefðbundna menntaveg. Hann hóf fornám í rafmagnsverkfræði við iðnskólann í Glasgow, sem er í um 40 kílómetra fjarlægð frá heimabæ hans, og innritaðist að því loknu í sömu grein við háskólann í Glasgow árið 1914. Fyrri heimsstyrjöldin braust út sama ár. Það setti stein í götu Bairds er hann var kallaður í herinn og lauk hann aldrei námi.

Baird reyndist líkamlega óhæfur til að gegna herþjónustu og var hann gerður að yfirverkfræðingi hjá Clyde Valley Electrical Power Company, raforkufyrirtækinu í Skotlandi. Að stríðinu loknu setti hann á laggirnar fyrirtæki sem framleiddi sápu í Trínidad í Karíbahafinu.

Baird gaf sápuframleiðsluna upp á bátinn árið 1922 og ári síðar ákvað hann að láta draum sinn rætast og þróa frekar hugmyndir þýska uppfinningamannsins Pauls Nipkows, sem hafði búið til frumstætt sjónvarp árið 1884. Þeir sem fjallað hafa um ævi og störf Bairds eru hins vegar ekki sammála um hvenær hann byrjaði að dufla við sjónvarpsgerð. Sumar heimildir herma að hann hafi byrjað á því 15 ára í foreldrahúsum með þeim afleiðingum að hann brenndist á höndum, en aðrir segja að tilraunastarfsemin hafi byrjað á árunum 1912 til 1915.

Hvað sem því líður þá kom Baird sér upp vinnuaðstöðu í breska strandbænum Folkestone á suðausturströnd Bretlands árið 1923 og fékk hann tvo unga tæknimenn til liðs við sig. Ári síðar fór starf Bairds loks að skila árangri er honum tókst meðal annars að varpa mynd af starfsmanni sínum á skjá.

Fyrsta formlega sjónvarpsútsendingin átti sér svo stað 26. janúar árið 1926. Baird bauð 50 vísindamönnum á vinnustofuna og horfðu þeir á stutta sjónvarpsútsendingu. Sýningin vakti mikla lukku og hélt Baird sleitulaust áfram þróun sjónvarpsins. Tveimur árum síðar stofnaði hann eigið fyrirtækið, Baird Television Development Company Ltd., sem meðal annars tókst að sýna beint frá Derby-veðreiðunum í Bretlandi árið 1931.



**JOHN LOGIE BAIRD** Fyrri heimsstyrjöldin varð til þess að maðurinn sem fann upp sjónvarpið lauk aldrei háskólaprófi í rafmagnsverkfræði.

## Lögbann á verðhækkanir

### Verðbólga í Simbabve mælist 1.200 prósent. Seðlabankastjóri landsins á ekki sjö dagana sæla.

Lögbann hefur verið sett á verðhækkanir í Afríkuríkinu Simbabve. Ætlunin er að stemma stigu við gríðarlegri verðbólgu í landinu. Simbabve er réttnefndur heimsmethafi í verðbólgu en hún mælist nú um 1.200 prósent á ársgrundvelli.

Gideon Gono seðlabankastjóri tilkynnti nýlega að simbabveski dalurinn yrði gengisfelldur og þrjú núll skorin af. Verslanir í landinu brugðust við með því að hækka verð upp úr öllu valdi.

Gono brá því á það ráð að mæla með þriggja vikna lögbanni á verðhækkanir við Robert Mugabe, forseta landsins. Lögbannið tók gildi fyrsta ágúst síðastliðinn og stendur til þess tuttugasta og fyrsta.

Gono seðlabankastjóra hafa borist fjöldamargar hótanir um líkamsmeiðingar síðan lögbannið tók gildi. „Ég vil vara þá við sem standa í vegi fyrir efnahagslegum framförum í Simbabve. Það eigið frelsissviptingu yfir höfði ykkar,“ sagði Didymus Mutasa öryggismálaráðherra. **- jsk**



**GIDEON GONO** Gidon er seðlabankastjóri í Simbabve.

## Hærra hrávöruverð

Hrávöruverð til framleiðenda hækkaði um 1,1 prósent í síðasta mánuði, samkvæmt útreikningum bresku hagstofunnar. Hækkunin skrifast fyrst og fremst á tíðar hækkanir á hráolíuverði.

Hráolíuverðið hækkaði um 6 prósent í júlí í kjölfar átaka Ísraelshers og Hizbollah-skæruliða í suðurhluta Líbanon og fór þegar hæst lét í 78 bandaríkjadali á tunnu um miðjan mánuðinn en það er sögulegt hámarksverð á olíunni.

Vísitala framleiðslukostnaðar í Bretlandi hækkaði við þetta um 0,2 prósent. **- jab**



**Í STÁLBRÆÐSLU** Hrávöruverð í Bretlandi hækkaði um 1,1 prósent í síðasta mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/AP





# Fundar- og veisluþjónusta að hætti Jóa Fel

Ekta ítalskar snittur, skáskornar og grillaðar. Eingöngu hjá Jóa Fel!






## - allt eftir óskum viðskiptarvinarins

Kleppsvegi 152
Smáralind

Mán. - föst. 7 - 18. Laug. - sun. 7 - 16.
Mán. - föst. 9 - 19. Laug. 10 -18. Sun. 12 -18.

Pantanir í síma:
588 8998

# Marel tekur forystuna í kapphlaupinu

**Markmið Marels um að þrefalda veltu á næstu þremur til fimm árum eru á góðri leið með að nást eftir kaup þess á Scanvægt. Með tveimur stórum yfirtökum á þessu ári styrkist Marel á seinni stigum virðiskeðjunnar þar sem mesti vöxturinn liggur. Framleiðsla á hátæknibúnaði fyrir matvælaiðnað vex hraðar en almennur hagvöxtur og Marel er langt umfram þann vöxt. Eggert Þór Aðalsteinsson kynnti sér framtíðarsýn Marels.**

Í febrúar mörkuðu stjórnendur Marel nýja og metnaðarfulla stefnu um vöxt þess á komandi misserum, sem fól í sér að veltan yrði þrefölduð á næstu þremur til fimm árum með kraftmiklum innri sem ytri vexti. Þótt aðeins hálft ár sé liðið frá því að markmiðin voru kynnt er Marel nú komið í þá stöðu að sterkur innri vöxtur myndi duga því að ná í restina, miðað við þá fjárfestingu sem fyrirtækið leggur í vöruþróun og markaðsstarf. Þar er vísað til þess að velta félagsins hafi tvöfaldast á árinu 2006 vegna kaupa á samkeppnisaðilunum AEW Delford í Bretlandi og Scanvægt í Árósum, Danmörku.

Hingað til hefur Marel vaxið fyrst og fremst á eigin vexti en félagið hefur stækkað að meðaltali um 26 prósent á ári sem er að stærstum hluta að þakka miklum innri vexti. Þetta er mjög mikill vöxtur þegar haft er í huga að sjálfur iðnaðurinn vex um 5,5 prósent árlega.

**TÍU STÆRSTU HLUTHAFAR MARELS ÞANN 14. ÁGÚST***

| Hluthafi | Eignarhlutur í % |
|---|---|
| Eyrir Invest | 33,49% |
| Landsbanki Íslands | 32,62% |
| Ingunn Sigurðardóttir | 1,98% |
| Helga Sigurðardóttir | 1,98% |
| Súsanna Sigurðardóttir | 1,96% |
| Tryggingamiðstöðin | 1,73% |
| Egill Vilhjálmur Sigurðsson | 1,58% |
| Traustfang ehf. | 1,44% |
| Eignarhaldsfélag Hörpu ehf. | 1,39% |
| Líftryggingafélag Íslands hf. | 1,06% |

** Samþykki hluthafar aukningu hlutafjár fá seljendur Scanvægt 17 prósenta hlut og hlutur annarra minnkar sem því nemur.*

## MARGIR TIL SÖLU EN FÁIR ÚTVALDIR

Hörður Arnarson, forstjóri Marels, sagði á afkomu- og kynningarfundi í síðustu viku að útrás Marels á síðustu mánuðum hafi ekki verið byggð á einnar nætur vinnu en fyrirtæki í geiranum og markaðurinn sjálfur voru kortlögð í þaula. Marel fór fyrr á árinu í sex milljarða skuldabréfaútboð til að undirbúa fyrirtækið undir ytri vöxt og yfirtökur. „Margir hafa bankað á dyrnar og boðið fyrirtæki til sölu sem eru ekki á þessum lista. Við höfum yfirleitt vísað þeim frá okkur.“ Höfuðáherslan, að sögn Harðar, er að kaupa réttu fyrirtækin sem falla inn í framtíðarsýn Marels en ekki endilega ódýrustu félögin. „Við fórum af stað og skoðuðum 140 fyrirtæki og völdum úr sex til átta fyrirtæki sem við töldum myndu styrkja okkur mest að ná leiðandi stöðu. Við höfum farið mjög ákveðið í viðræður með góða fjármögnun þannig að við hefðum slagkraft og trúverðugleika og keyptum þessi tvö fyrirtæki.“

Í byrjun sumars var greint frá kaupum þess á AEW Delford fyrir 1,8 milljarða króna og var svokallaður EV/EBITDA margfaldari 6,8. Kaupin á Scanvægt fara fram á töluvert hærri margfaldara, eða tólfföldum. Stjórnendur Marels réttlæta hærra verð á Scanvægt en AEW Delford með því að mikil samlegðaráhrif hljótist með kaupunum, auk þess sem frumkvæðið hafi komið frá Marel, sem gerir verðið kannski hærra en ella. Hörður segir það vera mikilvægt að líta á þessi kaup með hliðsjón af þeirri stefnu sem kynnt var í febrúar.

## GRUNDTVIG-FJÖLSKYLDAN HAGNAST

Marel kaupir Scanvægt skuldlaust fyrir 109 milljónir evra eða tæpa tíu milljarða króna. Félagið rekur verksmiðjur í Árósum, Borgundarhólmi og einingu í Brasilíu. Greiðsla fer annars vegar fram með því að Marel tekur yfir vaxtaberandi skuldir félagsins og greiðir með peningum og hins vegar fá seljendur greitt í nýjum hlutabréfum í Marel sem gefin eru út á genginu 72. Hluthafar í Scanvægt, sem er fjölskyldufyrirtæki undir forystu Lars Grundtvig, barnabarns stofnanda fyrirtækisins og mikils frumkvöðuls í greininni, fá sem samsvarar sautján prósentum útgefins hlutafjár. Þeir geta vel við unað því gengi Marels hefur hækkað skarpt eftir kaupin og stóð í 81,5 krónum á hlut á mánudaginn. „Ég held að það sé nokkuð langt síðan að íslenskt fyrirtæki hefur í þessu magni notað sitt hlutafé á markaðsverði til þess að kaupa erlent fyrirtæki,“ segir Hörður.

Á síðasta reikningsári, sem lauk í apríl, velti Scanvægt 8,3 milljörðum króna og skilaði um 550 milljóna króna rekstrarhagnaði fyrir afskriftir (EBITDA) sem var nokkru lægri upphæð en árið áður. Scanvægt hefur vaxið mun hægar en Marel, eða um eitt prósent á ári. Þó verður að hafa það í huga að félagið hefur selt frá sér einingar og þá hefur mikil samkeppni við Marel dregið úr arðsemi þess. Hörður segir að áætlanir núverandi starfsárs geri ráð fyrir helmingi meiri „EBITDA“ en árið áður, en verkefnastaða Scanvægt var góð í byrjun árs. Hörður er þeirrar skoðunar að sú framtíðarsýn sem stjórnendur Marels hafa falli vel að hugmyndum seljenda um vöxt og viðgang Scanvægt.

Hörður vonar að Marel og Scanvægt vaxi hraðar sameiginlega en í sitt hvoru lagi.

## STYRKJA SIG Í FULLVINNSLU

Með áðurnefndum yfirtökum styrkir Marel sig á öllum sviðum virðiskeðjunnar en einkum þó á seinni stigum hennar, það er nær pökkuninni þar sem mesti vöxturinn hefur átt sér stað. Miklar breytingar hafa orðið í framleiðslu á matvælum sem hefur verið að færast úr eldhúsum í verksmiðjur. Marel hefur þess vegna viljað vaxa meira á sviði fullvinnslu og ber að skoða yfirtökur félagsins á árinu í því ljósi. „Það gerir það að verkum að þarna eru miklu meiri fjárfestingar en sem nemur hagvexti,“ bendir forstjórinn á. Auk þess hefur Carnitech, dótturfélag Marels, styrkt sig í fullvinnslu fyrir kjötiðnaðinn.

Meginhagræði sem fæst með þessum samruna við Scanvægt felst í því að vöruþróunarstarf félaganna styrkist og nýjar vörur komast hraðar inn á markað. „Fyrirtækin hafa þótt mikið vera að þróa sömu vörurnar. Með því að sameina hópana teljum við okkur geta náð miklu meira út úr vöruþróuninni,“ bætir Hörður við. Forstjórinn tekur það skýrt fram að engar áætlanir séu á borðinu um að draga úr vöruþróun og áfram verði varið fimmtán til sautján milljónum evra á ári til slíkra verkefna.

Þá sér hann fram á tækifæri til að efla þjónustustigið og auka þjónustutekjur. Scanvægt er framar en Marel í því að skapa þjónustutekjur. Með stærðinni næst fram hagræðing í framleiðslu og möguleikar á að setja á fót verksmiðjur í Asíu og Suður-Ameríku opnast. Þá bendir Hörður á að félögin geti selt framleiðslu í gegnum sölu- og dreifikerfi hvors annars og gerir víðfemt dreifikerfi Scanvægt fyrirtækið enn betra. Fyrirtækin reka hvort um sig fimmtán til tuttugu dótturfyrirtæki og þar sem þau eru í sömu löndum þá megi samnýta ýmsa þætti án þess að það bitni á þjónustu eða sölu. „Þá eru einnig verulegir möguleikar í innkaupum og einnig í föstum kostnaði, þá sérstaklega í föstum kostnaði dreifikerfa.“

## SAMRUNI KEPPINAUTA

Það er ekki ólíklegt að samkeppnisaðilar Marels og Scanvægt bregðist við samrunanum með því þjappa sér saman. Stjórnendur Marels hafa þá sýn að samþjöppun muni einkenna iðnaðinn á næstu árum og tvö til þrjú fyrirtæki verði leiðandi fyrirtæki.

Stærstu fyrirtækin í framleiðslu á búnaði fyrir matvælavinnslu eru með markaðshlutdeild á bilinu átta til níu prósent. Það er ætlun stjórnenda Marels að félagið verði með markaðshlutdeild á bilinu fimmtán til tuttugu prósent og má reikna fastlega með því að félagið hafi fleiri fyrirtæki í sigtinu, enda hefur stjórn félagsins óskað eftir heimild til að auka hlutafé félagsins um allt að sjötíu prósent, sem meðal annars verði nýtt til kaupa á öðrum félögum.

Þá hafa í liðinni viku orðið breytingar á hluthafahópnum. Eyrir Invest er orðinn stærsti eigandinn eftir að hann keypti fjögurra prósenta hlut af Landsbankanum á genginu 85, sem var vel yfir markaðsgengi. Þegar hlutafé félagsins eykst á næstunni munu Eyrir og Landsbankinn fara með 25-26 prósent hlutafjár.



**HÖRÐUR ARNARSON, FORSTJÓRI MARELS, KYNNIR UPPGJÖR MARELS OG KAUP FÉLAGSINS Á SCANVÆGT. VIÐ HLIÐ HANS SITUR ÁRNI ODDUR ÞÓRÐARSON, STJÓRNARFORMAÐUR MARELS OG FORSTJÓRI EYRIS, SEM ER STÆRSTI HLUTHAFINN.** Útrás Marels er byggð á mikilli forvinnu en ekki tilviljunum. „Margir hafa bankað á dyrnar og boðið fyrirtæki til sölu sem eru ekki á þessum lista. Við höfum yfirleitt vísað þeim frá okkur,“ segir forstjórinn. MARKAÐURINN/GVA



Humarhúsið
HUMARHÚSIÐ RESTAURANT
Humarhúsið • Amtmannstíg 1 • 101 Reykjavík • Sími: 561 3303 • humarhusid.is

útsala útsala útsala útsala útsala útsala útsala útsala útsala útsala útsala útsala útsala

# Stórútsala á húsgögnum





**Ótrúlegt verð, já nú á allt að seljast td. Sófasett, hornsófar, tungusófar borðstofuborð, borðstofustólar, skenkir, skápar, sófaborð, hornborð, körfuskenkir, stakir stólar, kommóður, skinn-mottur, lampar, hillur, speglar, kertastjakar, Innskotsborð og margt fleira...**

**Opið virka daga frá 10-18 og laugardaga frá 11-16**





GP gæðahúsgögn

**Dalshrauni 1** **Sími 565 1234**

# Einn angi alþjóðava

Maríanna Jónasdóttir, skrifstofustjóri tekju- og lagasviðs í fjármálaráðuneytinu, hefur kyr
vanda til verka eigi að koma upp slíkri löggjöf hér á landi enda sé oft erfitt að greina á mi
við Maríönnu og komst að því að mikil rannsóknar- og undirbúningsvinna hefur farið fram

Geir H. Haarde forsætisráðherra skipaði í fjármálaráðherratíð sinni sérstakan starfshóp sem falið var að skoða hvort CFC-löggjafar væri þörf hér á landi. Maríanna Jónasdóttir, skrifstofustjóri tekju- og lagaskrifstofu fjármálaráðuneytuneytisins, fór fyrir starfshópnum. „Með alþjóðavæðingunni vakna ótal spurningar og þar á meðal sú hvernig megi koma í veg fyrir að fyrirtæki flytjist úr landi í þeim eina tilgangi að komast hjá eða lágmarka skattgreiðslur,“ segir Maríanna.

Hún segir mikið um það að fyrirtæki flytji starfsemina úr landi að nafninu til. Ákvarðanataka, yfirráð og eignarhald séu hins vegar enn hér á landi. „Þetta er í sjálfu sér eðlileg þróun. Við göngum í EES og í kjölfarið dynur alþjóðavæðingin á okkur. Það má segja að þetta sé einn angi hennar.“

Maríanna segir hins vegar að CFC-reglunum sé langt í frá beint gegn útrásarfyrirtækjum. Mikilvægt sé að greina á milli fyrirtækja sem flytji raunverulega starfsemi úr landi og hinna sem fyrst og fremst vilja lágmarka skattgreiðslur með sýndargerningum. „CFC-reglunum er ætlað að koma í veg fyrir að menn stofni skúffufyrirtæki úti í heimi í skattalegum tilgangi og engum öðrum. Reglurnar eiga ekki að refsa mönnum sem sjá viðskiptatækifæri erlendis og grípa þau.“

### BEINT GEGN SKÚFFUFYRIRTÆKJUM

Maríanna telur að lýsa megi tilgangi CFC-reglna best með dæmi: Jón Jónsson, sem á ráðgjafarfyrirtæki á Íslandi, ákveður að stofna fyrirtæki á Ermarsundseynni Guernsey. Ráðgjafarfyrirtækið á Íslandi selur því næst fyrirtækinu á Guernsey alla þjónustu á kostnaðarverði. Fyrirtækið á Guernsey selur síðan þjónustuna áfram.

Þannig er fyrirtækið á Guernsey einungis milliliður. Þjónustan og verðmætin verða öll til heima á Íslandi. Skráning sölunnar fer hins vegar fram á Ermarsundseyjunum og virðisaukinn verður þar með eftir á eynni.

## Hvað eru CFC-reglur?

Meginmarkmið CFC reglna er að koma í veg fyrir óeðlilegan tilflutning skatta frá einu ríki til annars í þeim tilgangi að komast undan eða lágmarka skattgreiðslur. Reglunum er einkum beint gegn sýndarfyrirtækjum sem stofnuð eru á lágskattasvæðum án þess að fylgi virk starfsemi.

CFC-reglur lúta að skattlagningu svokallaðra óvirkra tekna eða fjármagnstekna, svo sem arði, vöxtum og þóknunum. CFC er skammstöfun á „Controlled Foreign Company“, eða erlent félag í eigu innlends aðila.

Flest vestræn ríki, þar á meðal öll Norðurlöndin utan Íslands, hafa lögfest CFC-reglur. Hér á landi eru lagaleg úrræði gegn skattalegum sýndargerningi takmörkuð þótt í tekjuskattslögum frá 2003 sé að finna ákvæði almenns efnis.



**FRÁ GUERNSEY** Á Ermarsundseynni Guernsey er auðvelt fyrir félög í eigu erlendra aðila að fá skattaundanþágu. Alþjóðlegir fjárfestar sækja enda þangað í miklum mæli. Landsbanki Íslands keypti nýlega banka á eynni.

„Í þessu ímyndaða tilviki er verið að færa verðmætin sem verða til á Íslandi til þessa tiltekna lágskattasvæðis. CFC-reglunum er ætlað að sækja þessi verðmæti aftur og færa þau til skattlagningar hér á landi.“

Velflest lönd í kringum okkur hafa komið sér upp CFC-löggjöf. Maríanna segir oft erfitt að greina á milli sýndarfyrirtækja og annarra sem hafa raunverulega starfsemi, þess vegna sé CFC-löggjöf óhjákvæmilega stór í sniðum og flókin. Algengt sé að hún sé felld inn í tekjuskattslöggjöf viðkomandi ríkja en aðrir hafi farið þá leið að búa til sjálfstæða lagabálka. „Þessi löggjöf er þannig byggð

# Mikið um hrein gervifélög

Ríkisskattstjóri telur nauðsynlegt að taka CFC-löggjöf í gagnið hér á landi enda fjölgi erlendum sýndarfélögum í eigu Íslendinga hratt. Íslenskum ríkisborgurum beri að greiða ríkinu skatt af tekjum sínum og eignum, hvar sem þær eru í heiminum.

Indriði H. Þorláksson ríkisskattstjóri telur engan vafa á því að CFC-löggjafar sé þörf hér á landi. Hann segist sjá aukin merki þess að menn notfæri sér glufur í skattalögum til að lágmarka skattgreiðslur.

„Þetta er allútbreitt. Hjá mörgum fjármálafyrirtækjum er stór hluti hlutafjárins í höndum félaga sem skráð eru erlendis. Þessi félög eiga síðan hlutafé í íslenskum félögum að nafninu til en telja ekki fram hér á landi.“

Indriði segir íslensk félög skráð víða um heim, í Lúxemborg, á Ermarsundseyjunum og í Kyrrahafinu. Yfirleitt borgi menn engan skatt á viðkomandi stað heldur greiði einungis stofnárgjöld. „Það eru engar kvaðir sem hvíla á þessum aðilum; engin hlutafjárlöggjöf, engin upplýsingaskylda eða skylda til að birta ársreikninga. Þetta eru í flestum tilvikum hrein gervifélög.“

CFC-löggjöf hefur reynst vel í baráttunni gegn gervifélögunum, segir Indriði. Væri slíkri löggjöf komið á hér á landi yrði það til mikilla bóta. „Íslenski aðilinn verður þá tilkynningaskyldur um starfsemi, tekjur og eignir þessara félaga með nákvæmlega sama hætti og um innlend félög væri að ræða.“

Indriði segir Ísland skera sig frá nágrannalöndunum að þessu leyti. Flest ríki hafi lagt mikla áherslu á að þrengja snöruna um háls sýndarfélaga. „Nánast öll þróuð ríki eru með CFC-löggjöf. Það er orðin leitun að Evrópuríki sem hefur ekki svona löggjöf og hún hefur verið til staðar í Bandaríkjunum í nokkra áratugi. Flest ríki hafa reynt að gera þessum félögum eins erfitt fyrir og mögulegt er.“

Ákvæði skattalaga frá 2003 sem ætlað er að taka á óeðlilegum tilflutningi skatta eru of veik og flókin að mati Indriða. Jafnframt sé erfitt og kostnaðarsamt að beita þeim. Til að mynda þurfi að höfða mál í hvert skipti sem grunur leikur á ólöglegum undanbrögðum. „Til að beita megi þeim úrræðum sem við höfum þarf að sýna fram á að raunveruleg framkvæmdastjórn og daglegur rekstur sé hér á landi. Hins vegar fela þessi félög erlendum endurskoðunarskrifstofum eða lögfræðistofum að sjá um framkvæmdastjórn og komast þannig kringum reglurnar.“

Íslendingum er vissulega heimilt að stofna félög erlendis, eða eiga bankareikninga. Hins vegar er ólöglegt að gefa eignirnar ekki upp hér á landi. „Það sem er ólöglegt er að telja ekki fram til skatts. Íslenskir ríkisborgarar eiga að borga skatt af öllum eignum sínum og tekjum, hvar sem þær eru í heiminum.“

Indriði segir mun erfiðara að hafa hendur í hári þeirra sem svíkja undan skatti gegnum sýndarfélög erlendis en þeirra sem beita rótgrónari aðferðum. „Þau lönd sem um er að ræða veita ekki upplýsingar til annarra landa nema í undantekningartilvikum, og þá einungis sé um það beðið. Upplýsingaflæðið er ekkert.“

Indriði segist ekki trúa öðru en að CFC-löggjöf verði komið á hér á landi fyrr en seinna. „Ég er á því að þetta sé nauðsynlegt skref að taka. Flest nágrannalanda okkar hafa tekið upp slíka löggjöf og ég sé ekki að önnur lögmál gildi hér á landi.” - jsk



**INDRIÐI H. ÞORLÁKSSON, RÍKISSKATTSTJÓRI** Mun erfiðara er að hafa hendur í hári þeirra sem svíkja undan skatti gegnum sýndarfélög erlendis en þeirra sem beita hefðbundnari aðferðum.

**„Þau lönd sem um er að ræða veita ekki upplýsingar til annarra landa nema í undantekningartilvikum, og þá einungis sé um það beðið.“**

# ðingarinnar

## t sér CFC-löggjöf víða um lönd. Hún telur nauðsynlegt að i skúffufyrirtækja og raunverulegra. *Jón Skaftason* spjallaði í fjármálaráðuneytinu.



## Smáríki áberandi

**Erlendir aðilar fá skattaundanþágu á Guernsey. Hvorki upplýsingaskylda né krafa um birtingu ársreikninga hvílir á erlendum félögum.**

Smáríkið Guernsey á Ermarsundi er í þriðja sæti þegar listi yfir fjármunaeign erlendra aðila hér á landi er skoðaður. Það vekur athygli í ljósi þess að á eynni, sem lýtur breskum yfirráðum, búa einungis 65 þúsund manns.

Við nánari skoðun þarf þessi staðreynd þó ekki að koma á óvart; skattaumhverfi á eynni hefur löngum verið eignamönnum hagstætt. Á eynni er flatur tuttugu prósenta skattur en þó auðvelt fyrir útlendinga að fá undanþágur frá skattgreiðslum. Einungis þarf að standa skil á áttatíu þúsund króna skráningargjaldi sem greiðist árlega. Hlutafélagalöggjöf eyjarinnar nær ekki til félaga í eigu erlendra aðila; engin upplýsingaskylda hvílir á eigendum og engin krafa er gerð um birtingu ársreikninga. Félögunum er heimilt að halda stjórnarfundi á Guernsey en að öðru leyti er ekki mikið um að raunveruleg starfsemi fari fram á eynni. Rúmur helmingur tekna eyjarinnar kemur af fjármálastarfsemi.

Einnig vekur athygli að aðilar staðsettir á bresku Jómfrúreyjum eiga eignir á Íslandi fyrir 1,3 milljarða króna. Eyjarnar eru líkt og Guernsey þekkt athvarf eignamanna. Þá hefur skattaumhverfi löngum þótt hagstætt í furstadæminu Lúxemborg enda er það í efsta sæti þegar uppruni fjárfestinga erlendra aðila hér á landi er skoðaður.

Athyglisvert er að skoða lista yfir tuttugu stærstu eigendur í félögum í Kauphöll Íslands. Mörg félagana eru skráð erlendis og hægara sagt en gert að nálgast upplýsingar um uppruna þeirra. Leiða má að því líkur að mörg þessara félaga séu skráð á Guernsey eða öðrum lágskattasvæðum. - jsk

## Úrræði tekjuskattslaga

Í lögum um tekjuskatt frá 2003 er að finna ákvæði sem ætlað er að sporna gegn skattalegum sýndargerningum með almennum hætti.

9. töluliður 31. greinar: Í greininni er meðal annars kveðið á um frádráttarbærni arðs frá erlendum hlutafélögum hjá innlendu félagi - svo fremi sem hagnaður hins erlenda félags hafi verið skattlagður með sambærilegum hætti og gert er hér á landi.

1. málsgrein 57. greinar: Ef skattaðilar semja um skipti sín í fjármálum á hátt sem er verulega frábrugðinn því sem almennt gerist í slíkum viðskiptum skulu verðmæti, sem án slíkra samninga hefðu runnið til annars skattaðilans en gera það ekki vegna samningsins, teljast honum til tekna.



**MARÍANNA JÓNASDÓTTIR, SKRIFSTOFUSTJÓRI TEKJU- OG LAGASVIÐS Í FJÁRMÁLARÁÐUNEYTINU** Maríanna fór fyrir starfshópi sem nú hefur lokið störfum. Hún segir mörg álitaefni uppi varðandi CFC-löggjöf í nágrannalöndum okkar og að nauðsynlegt sé að fylgjast vel með þróun mála áður en næsta skref verður tekið.

upp að hún setur upp ákveðið próf. Fyrst þarf að komast að því hvort viðkomandi land sé lágskattasvæði. Þá þarf fyrirtækið í heimalandinu að eiga tiltekinn hluta í erlenda fyrirtækinu. Í þriðja lagi er spurt hvers konar tekjur séu á ferðinni. Eru þetta af raunverulegri starfsemi eða eru þetta óvirkar tekjur? CFC-reglum er beint gegn þessum óvirku tekjum, til að mynda arði, söluhagnaði, þóknanatekjum og vöxtum.“

Maríanna telur einn helsta kost CFC-reglna þann að leikreglurnar verða skýrari. Í tekjuskattlöggjöf í dag sé að finna almenn, huglæg ákvæði þar sem sönnunarbyrðin er erfið. CFC-reglur séu skýrari og einfaldari og geri fólki auðveldara að fara að lögum auk þess sem hægara verður að framfylgja þeim.

### ÍSLAND LÁGSKATTASVÆÐI Í NOREGI

Maríanna segir þó mörg álitaefni uppi varðandi CFC-löggjöf. Ein ástæða þess að frumvarp um slíka löggjöf hafi enn ekki verið lagt fram sé sú að nauðsynlegt hefur verið talið að standa á hliðarlínunni og fylgjast með þróuninni í nágrannalöndum okkar. Til að mynda hafi komið upp mál fyrir Evrópudómstólnum þar sem CFC-löggjöf var talin stangast á við grundvallarmarkmið Rómarsáttmálans, stofnsáttmála Evrópusambandsins, um fjórfrelsið. Þá skapist óhjákvæmilega vandamál þegar eitt ríki seilist inn á skattalögsögu annars og geri tilkall til skattekna. „Með CFC-reglum er eitt ríki í raun að seilast inn á yfirráðasvæði annars og gera tilkall til skattstofns á þeirri forsendu að um sýndargerning sé að ræða. Viðkomandi ríki verður oft á tíðum ekki sátt og kannski ekki reiðubúið að gefa þessar tekjur eftir.“

Sú leið sem mörg lönd hafa farið til að forðast slíka togstreitu er að skilgreina einfaldlega hvaða ríki teljast til lágskattasvæða. Mörg ríki ganga jafnvel skrefinu lengra og útbúa svokallaða „svarta lista“ þar sem lágskattaríki eru talin upp. Með því er þeim sem hyggja á stofnun fyrirtækja á lágskattasvæðum gert ljóst á gagnsæjan hátt að þeir geta átt á hættu að CFC-löggjöfin nái til þeirra.

Samkvæmt sænskri CFC-löggjöf er lágskattasvæði skilgreind sem ríki þar sem tekjuskattshlutfall fyrirtækja er innan við fimmtíu og fimm prósent af skatthlutfalli Svía, sem í dag er tuttugu og átta prósent. Í Noregi er tekjuskatturinn sá sami og í Svíþjóð, en hlutfallið 2/3. Samkvæmt norskri CFC-löggjöf teljast því öll ríki þar sem tekjuskattur á fyrirtæki er undir 18,6 prósentum til lágskattasvæða. Þar á meðal Ísland, en hér er skattprósentan átján prósent. „Þau grínast nú oft með þetta norræn starfsystkini mín og spyrja hvers vegna Íslendingar ættu að koma sér upp CFC-löggjöf, þar sem landið telst nú einu sinni til lágskattasvæða,“ segir Maríanna.



**NOKKUR LÁGSKATTASVÆÐI**

| Land | Íbúafjöldi | Tekjuskattur á fyrirtæki |
|---|---|---|
| Bahamaeyjar | 323 þús | 0% |
| Bermúdaeyjar | 66 þús | 0% |
| Jómfrúreyjar | 22 þús | 0% |
| Caymaneyjar | 45 þús | 0% |
| Gibraltar | 28 þús | Allt að 15% |
| Jersey | 91 þús | Allt að 10% |
| Guernsey | 65 þús | 0% til 20% |

**FJÁRMUNAEIGN ERLENDRA AÐILA Á ÍSLANDI – EFTIR UPPRUNA**

| | |
|---|---|
| 1. Belgía/Lúxemborg | 90,1 |
| 2. Holland | 60,3 |
| 3. Guernsey | 41,6 |
| 4. Bandaríkin | 24,8 |
| 5. Sviss | 9,5 |
| 6. Bretland | 7,6 |
| 7. Noregur | 6,0 |
| 8. Danmörk | 5,3 |
| 9. Svíþjóð | 3,8 |
| 10. Jómfrúreyjar | 1,3 |

**Heimild: Seðlabanki Íslands*
***Allar tölur í milljörðum króna*

MARKAÐURINN
Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Sterkt lífeyrissjóðakerfi fæst við krefjandi verkefni:

# *Sameiningar lífeyrissjóða næstu skref*

**Eggert Þór Aðalsteinsson**

Hrein eign lífeyrissjóðanna nam 1.345 milljörðum króna í lok júní og benda sérfræðingar hjá KB banka á að þetta samsvari 120 prósent af vergri landsframleiðslu. Ótrúlegur árangur hefur náðst við að byggja upp lífeyrissjóðina á undanförnum árum þegar haft er í huga að árið 1997 var sama hlutfall 62 prósent. Þessi glæsti árangur er einstakt veganesti inn í komandi framtíð og vekur eflaust upp öfund annarra þjóða sem munu lenda í miklum erfiðleikum við að fjármagna eftirlaunakerfi sitt.

Tvennt skýrir þessa miklu auðsöfnun okkar Íslendinga. Annars vegar er þjóðin ung, sem þýðir að innstreymi iðgjalda er langt umfram útstreymið. Verður varla breyting á þessu á komandi árum. Hins vegar hefur raunávöxtun íslensku lífeyrissjóðanna verið framúrskarandi á síðustu þremur árum sem helgast af mikilli ávöxtun á innlendum hlutabréfamarkaði og í seinni tíð af góðri ávöxtun á erlendum hlutabréfum og gengislækkun krónu. Ánægjulegt hefur verið að sjá þann mikla vöxt sem hefur orðið í erlendum eignum lífeyrissjóðanna að undanförnu og styttist óðum í það að þriðja hver króna sé bundin í erlendum eignum. Erlend eignasöfnun dreifir áhættu lífeyrissjóðanna og gerir þá minna háða efnahagsþróun innanlands.

**Ósennilegt er að fjárfestar horfi upp á annan eins vöxt á hlutabréfamarkaði og þann sem við höfum orðið vitni að... Þetta þýðir að langtímafjárfestar, eins og lífeyrissjóðirnir, munu eiga erfiðara með að sýna sömu raunávöxtun og sést hefur og vakna þá spurningar hvernig þeir bregðist við lækkandi arðsemi.**

Hafrót á fjármálamörkuðum á þessu ári veldur því hins vegar að lítið er um örugg skjól nú um stundir. Ósennilegt er að fjárfestar horfi upp á annan eins vöxt á hlutabréfamarkaði og þann sem við höfum orðið vitni að. Þetta þýðir að langtímafjárfestar, eins og lífeyrissjóðirnir, munu eiga erfiðara með að sýna sömu raunávöxtun og sést hefur og vakna þá spurningar hvernig þeir bregðist við lækkandi arðsemi. Telja verður augljóst að stjórnendur lífeyrissjóða skoði í enn ríkari mæli kosti þess að sameina og fækka sjóðum í því augnamiði að skila sjóðsfélögum betri langtímaávöxtun en ella. Nokkrir meðalstórir lífeyrissjóðar hafa þegar runnið saman og hafa þrjár sameiningar gengið í gegn í ár. Tína má til ýmsar ástæður fyrir því að stærri og færri lífeyrissjóðir séu betur í stakk búnir til að takast á við næstu verkefni. Með stærðinni næst til dæmis fram áhættudreifing í eignasafni, kostnaður við rekstur sjóðanna minnkar og sérþekking starfsmanna verður fyrir bragðið meiri. Þrír stærstu lífeyrissjóðirnir hafa náð, ef eitthvað er, betri ávöxtun en aðrir sjóðir á síðustu árum og meiri vexti fyrir vikið. Eflaust munu þeir leika stóra rullu í sameiningarferli lífeyrissjóðanna.

Full ástæða er til þess að ætla að athygli fari vaxandi á starfsemi sjóðanna og frammistöðu þeirra með aukinni fjölmiðlaumfjöllun, almennri vitund um mikilvægi og stærð sjóðanna í íslensku efnahagskerfi og vaxandi séreignarsparnaði almennings. Þetta kallar á það að stjórnendur lífeyrissjóða haldi vöku sinni eftir ævintýri síðustu ára.

eggert@markadurinn.is | haflidi@markadurinn.is | holmfridur@markadurinn.is | jonab@markadurinn.is | jsk@markaðurinn.is | olikr@markadurinn.is

**Betri leið til að vinna á tímaskorti**

"Hópurinn mjög ánægður með námskeiðið og allir sáu greinilegar framfarir á lestrarhraða. ...mun nýtast okkur vel í starfi."
**Hópur frá Upplýsingatæknisviði Landsbankans.**

"...hvergi áður náð jafn hárri ávöxtun á tímasparnað ..."
**Fylkir Sævarsson, 39 ára Iðnfræðingur.**

**Meiri tími - Aukið forskot – Sterkari sérstaða**
**Hvað segja nemendur okkar um námskeiðið:**
Frábært, markvisst, hnitmiðað, krefjandi, mikil aðstoð, árangursríkt, góð þjónusta.

**NÝTT!!** 6 vikna námskeið hefst **22. ágúst**
...næsta 6 vikna námskeið **12. september**
**AKUREYRI 31. ágú. & SUÐURNES 12. okt.**

**Skráning hafin á www.h.is og í síma 586-9400**
**Gerum föst verðtilboð í fyrirtækjanámskeið**

HRAÐLESTRARSKÓLINN

**VR** og fleiri stéttarfélög styrkja þátttöku félagsmanna sinna á námskeiðinu.

# Skattar, hagvæmni og réttlæti

ORÐ Í BELG



**Gylfi Magnússon**
forseti viðskipta- og hagfræðideildar Háskóla Íslands

Í flestum löndum er skattkerfið eitt af því sem harðast er tekist á um á vettvangi stjórnmála. Umræðan um íslenska skattkerfið og áhrif þess á tekjudreifingu landsmanna undanfarið kemur því ekki á óvart.

Eitt af því sem greinir ríkustu lönd heims frá þeim fátækustu er að þau fyrrnefndu hafa náð að byggja upp skattkerfi sem aflar verulegs fjár án þess að lama atvinnulíf eða leggja óþolandi byrðar á þegnana. Gott skattkerfi uppfyllir ýmis skilyrði. Það þarf að afla nægilegs fjár til að standa undir allnokkrum umsvifum hins opinbera, það má ekki í of ríkum mæli gefa kost á eða ýta undir skattsvik og enn síður hrekja fólk, fyrirtæki eða starfsemi úr landi. Þá þarf það að teljast sanngjarnt þannig að sæmileg sátt sé um það hvernig byrðunum er skipt á þegnana. Einna erfiðast er þó að byggja upp skattkerfi sem dregur ekki um of þrótt úr efnahagslífinu.

Íslenska skattkerfið, eins og raunar öll skattkerfi í nágrannalöndum okkar, ber þess merki að þegar reynt er að ná mörgum markmiðum í einu þá nást þau aldrei öll. Þannig er kerfið að sumu leyti ósanngjarnt, a.m.k. að margra mati, það er engin leið að koma alveg í veg fyrir skattsvik í því og að einhverju marki er það vinnuletjandi og truflandi fyrir efnahagslífið.

Sem dæmi má nefna að margir telja ósanngjarnt að þeir sem hafa einkum tekjur af fjármagni skuli einungis greiða 10% skatt af þeim tekjum á meðan aðrir greiða nær ferfalt hærra hlutfall af launatekjum í skatt. Þetta hlýtur að teljast sérkennilegt fyrirkomulag, jafnvel þótt horft sé til þess að fjármagnstekjuskattur er lagður á nafnávöxtun en ekki raunávöxtun og skatthlutfallið á raunvexti því hærra en 10% ef verðbólga er einhver.

Fyrir þessu hafa þó verið færð ýmis rök. Þau byggja einkum á því að mun auðveldara er að færa eignir á milli landa og fela þær eða tekjur af þeim en það er fyrir launþega að flytja til útlanda eða fela launatekjur. Því er hætt við að fjármagnstekjustofninn myndi rýrna mikið ef skatthlutfallið væri hækkað verulega.

Þessi niðurstaða endurspeglar eitt einkenni flestra skattkerfa. Það er tilhneiging til að leggja á skatta sem erfitt er að komast undan að greiða og auðvelt er að innheimta, þótt álagningin standist ekki alltaf ýtrustu kröfur um sanngirni. Há gjöld á bíla og bensín í flestum löndum eru önnur birtingarmynd þessa. Það sama má segja um mikið vægi virðisaukaskatts í tekjuöflun íslenska ríkisins.

Mörg lönd keppa um hylli atvinnurekenda með lágum sköttum á fyrirtæki og þjóna konar ívilnunum. Skýringin er einkum það hve auðvelt getur verið að flytja fyrirtæki eða starfstöðvar þeirra á milli landa. Vel hefur tekist að byggja upp efnahagslíf á Norðurlöndum, þrátt fyrir mikil ríkisútgjöld sem kalla á mikla skattheimtu. Ein skýring þess er að sumra mati að löndin hafa lagt talsverða áherslu á að skattleggja einstaklinga frekar en fyrirtæki.

Það er þó auðvitað hægt að ganga of langt í skattlagningu einstaklinga, jafnvel svo langt að það dregur hreinlega úr skattekjum. Þetta ráku Svíar sig á þegar skatthlutföll á þá tekjuhæstu voru orðin um eða yfir 90%. Þá flúðu auðkýfingarnir úr landi. Ellefu öldum fyrr sá Haraldur hárfagri líka á bak ýmsum þegnum sínum til Íslands vegna skattheimtu. Það var íslenskum skólabörnum a.m.k. kennt til skamms tíma, þótt skýringar fólksflutninganna hafi vitaskuld verið fleiri.

Samanlagt tekjuskatts- og útsvarshlutfall einstaklinga er nú tæp 37%, aðeins mismunandi eftir sveitarfélögum. Það hvetur út af fyrir sig sjálfsagt ekki til dáða að halda einungis eftir ríflega þremur krónum af hverjum fimm sem er aflað umfram skattleysismörk. Staðan getur þó orðið enn verri en þetta fyrir þá sem njóta bóta sem eru tekjutengdar, fá t.d. vaxtabætur eða barnabætur. Þannig geta við ákveðnar aðstæður barnabætur lækkað um 9 krónur og vaxtabætur um 6 krónur fyrir hverjar 100 sem bætast við tekjur.

Fyrir þá sem eru með tekjur yfir skattleysismörkum en ekki það háar að þeir fái ekki vaxta- og barnabætur getur sú staða því komið upp að þeir halda eftir innan við helmingi þeirra tekna sem þeir bæta við sig. Hjá þessum hópi getur virkt skatthlutfall af viðbótartekjum, jaðarskattur, sem sagt orðið yfir 50%.

Þeir sem hafa það háar tekjur að þeir njóta ekki vaxta- og barnabóta búa hins vegar við lægra skatthlutfall af viðbótartekjum og þeir ríkustu, sem einkum lifa á fjármagnstekjum, enn lægra skatthlutfall. Það er óneitanlega umhugsunarvert að jaðarskatthlutfallið sé hærra fyrir tekjulítið barnafólk en þá sem hæstar tekjur hafa.

Þetta segir þó ekki alla söguna. Þrátt fyrir það sem að framan segir um jaðarskatta felst enn talsverð tekjujöfnun í íslenska skatt- og bótakerfinu. Þar skipta skattleysismörk miklu. Þau vega miklu þyngra fyrir láglaunafólk en hálaunafólk og valda því að meðalskatthlutfallið hækkar alla jafna eftir því sem launatekjur eru meiri. Á sama hátt skipta hinar ýmsu bætur sem hið opinbera deilir út til þegnanna meiru fyrir lágtekjufólk en hátekjufólk.



**Gott skattkerfi uppfyllir ýmis skilyrði. Það þarf að afla nægilegs fjár til að standa undir allnokkrum umsvifum hins opinbera, það má ekki í of ríkum mæli gefa kost á eða ýta undir skattsvik og enn síður hrekja fólk, fyrirtæki eða starfsemi úr landi. Þá þarf það að teljast sanngjarnt þannig að sæmileg sátt sé um það hvernig byrðunum er skipt á þegnana.**

STARFSMANNAMÁL

## Starfsþrot starfsmanna

Vanlíðan og deilur á vinnustöðum eru þættir sem hafa fylgt mannkyninu frá fornu fari en á sjöunda áratugnum hófust rannsóknir á fyrirbærinu burnout sem á íslensku hefur verið kallað starfsþrot eða kulnun.

Starfsþrot lýsir sér í því að starfsmaður sem er undir stöðugu vinnuálagi dregur sig smátt og smátt frá vinnu. Starfsþrot getur komið fram í lélegri mætingu, minni árangri og minni gæðum verkefna.

Helstu tilfinningalegu einkenni starfsmanns sem finnur fyrir starfsþroti eru svartsýni, þungt skap, hryggð og tilfinningasveiflur. Minnkandi samkennd er og vinnufélögum sem leiðir til meiri einangrunar og dregur úr starfsánægju. Líkamleg einkenni geta birst sem hraður hjartsláttur, aukinn sviti, svimi, höfuðverkur og vöðvaverkir og ennfremur er starfsmaðurinn viðkvæmur fyrir pestum og sýkingum. Hann fær auðveldlega kvef og álagið sem hann er undir dregur úr virkni ónæmiskerfisins. Starfsmaðurinn sér ekki tilgang með starfi sínu og sér ekki fram á að ná árangri. Eldmóður og hvatning hverfa og í stað kemur leiði og vanmáttarkennd. Í samskiptum við viðskiptavini kemur þetta fram sem áhugaleysi og lítil eftirtekt.

Til þess að koma í veg fyrir starfsþrot er nauðsynlegt að starfsmenn hafi fengið viðeigandi þjálfun. Þeim sem ekki hafa fengið undirbúning fyrir starf sitt er hættara við að finna fyrir starfsþroti. Ef hæfur starfsmaður sýnir merki um starfsþrot er ráðlegt að skoða starfslýsingu hans og jafnvel endurhanna starfið þar sem verkefnum og ábyrgð er komið á fleiri.

Þá þurfa stjórnendur að hafa í huga að hrós fyrir vel unnin verk, hvatning, sveigjanlegur vinnutími, betri kynning nýliða á störfum og fjölbreytileiki starfa getur haft mikið að segja í baráttu gegn kulnun.



**Sif Sigfúsdóttir**
**M.A. í mannauðsstjórnun.**

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Hafliði Helgason RITSTJÓRN: Eggert Þór Aðalsteinsson, Hólmfríður Helga Sigurðardóttir, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, Jón Skaftason, Óli Kristján Ármannsson AUGLÝSINGASTJÓRI: Anna Elinborg Gunnarsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@markadurinn.is** og **auglysingar@markadurinn.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

# Vaxtahækkanir í Evrópu snerta Ísland

Á öðrum ársfjórðungi þessa árs uxu hagkerfi evrusvæðisins að meðaltali um 0,9 prósent frá fyrri ársfjórðungi, heldur meira en á þeim fyrsta þegar vöxtur á milli ársfjórðunga var 0,6 prósent.

Miðað við sama tíma í fyrra er hagvöxturinn á tímabilinu 2,4 prósent. Að sögn greiningardeildar Kaupþings banka er hagvöxturinn sá mesti sem mælst hefur á evrusvæðinu í sex ár og í þeim mæli að ýti stoðum undir þá skoðun að frekari vaxtahækkana sé að vænta. „Á sama tíma og þessi mikli vöxtur einkennir evrusvæðið auka hærri vextir,

ÞJÓÐARBÚSKAPURINN

hátt olíuverð og sterkt gengi evrunnar hættuna á hægari vexti seinna á þessu ári og fram á það næsta. Aukinn hagvöxt má að miklu leyti rekja til þess að vöxtur í Þýskalandi, stærsta hagkerfis Evrópu, hefur verið talsvert umfram væntingar. Jafnframt jókst hagvöxtur í Frakklandi og á Spáni á fjórðungnum.

Að því er fram kemur hjá greiningardeildinni náðu væntingar Evrópubúa til efnahagslífsins fimm ára hámarki í síðasta mánuði. Greiningardeildin bendir jafnframt á að framleiðsluvöxtur á evrusvæðinu sé nú nálægt sex ára hámarki og hafi framleiðsla aukist þrettán mánuði í röð. Á sama tíma sé atvinnuleysi á evrusvæðinu í fimm ára lágmarki. „Verðbólga í júlí mældist enn yfir verðbólgumarkmiði evrópska seðlabankans eða 2,5 prósent, en markmið bankans er að halda verðbólgunni í kringum tvö prósent. Síðustu átján mánuði hefur verðbólga á evrusvæðinu mælst yfir verðbólgumarkmiði bankans og eru helstu áhrifavaldar hækkandi olíuverð ásamt aukinni eftirspurn.“

Þannig er evrópski Seðlabankinn sagður vera í nokkuð erfiðri stöðu og þurfa að taka til þess afstöðu hvort herða beri enn tökin á efnahagslífinu með hækkun vaxta til að ná niður verðbólgu í álfunni, eða bíða með frekari vaxtahækkanir til þess að varðveita hagvöxtinn. „Evrópski Seðlabankinn tilkynnti um stýrivaxtahækkun 3. ágúst síðastliðinn og standa vextir nú í þrem prósentum. Markaðsaðilar gera almennt ráð fyrir að vextir verði komnir í 3,5 prósent fyrir lok árs. Hækkun vaxta á evrusvæðinu mun að öllum líkindum koma verulega við kaunin á Íslendingum



**SEÐLABANKI EVRÓPU** Vaxtahækkanir í Evrópu geta haft haft nokkur áhrif hér enda vegur evran einna þyngst í erlendu skuldasafni þjóðarbúsins. MARKAÐURINN/AFP

enda er evran atkvæðamest í erlendu skuldasafni íslenska þjóðarbúsins.“ **- óká**

SPÁKAUPMAÐURINN

## Fengsæll veiðimaður

Jæja, loksins er maður kominn í bæinn. Það var farið að vera hálfleiðinlegt að hanga í öllum þessum laxveiðitúrum í boði KB banka og Lansans. Ég var farinn að líta út eins og viðrini þar sem það gekk svo erfiðlega að fylla stangirnar. Ætli maður taki samt ekki nokkra túra í viðbót þegar strákarnir í markaðsviðskiptunum hringja í mig. Það er svo sem fátt um fína drætti á markaðnum.

Þótt ég segi sjálfur frá þá er ég fengsæll í veiðinni sem og í fjárfestingum. Innlendu hlutabréfin þurfa nefnilega ekki að vera alvond. Þetta hefur sannast síðustu daga þar sem framleiðslufyrirtækin hafa verið að gera það gott. Ég keypti smáslatta í Marel eftir að félagið sagði frá kaupum á erkifjendunum í Scanvægt. Þetta var bara svo gargandi kauptækifæri. Maður hefði svo sem getað sagt sér það sjálfur að Marel færi í þessa yfirtöku. Stjórnendur Scanvægt voru ekki að fara lengra með fyrirtækið og Marel tilbúið að kaupa gott félag á háu verði.

Þetta er sko ekki í fyrsta skipti sem ég tek stöðu í Marel. Ein besta fjárfesting mín frá upphafi var þegar ég keypti í þeim á þrettán árið 1996 og seldi aftur í 58 árið 2000, rétt áður en bréfin féllu harkalega. Ég náði þarna í 350 prósenta ávöxtun. Á sama tíma voru vinir og vandamenn að kaupa í deCode, Netverk, Oz og Íshug þrátt fyrir varnaðarorð mín.

Alltént hugsaði ég mér gott til glóðarinnar og stökk hæð mína í fullum herklæðum þegar tilkynnt var um að Eyrisfeðgar og aðrir stórir hluthafar í Marel, að Lansanum undanskildum, höfðu verið að bæta við sig bréfum. Það voru góðar fréttir, enda hélt gengið áfram að hækka. Mér skilst að Eyrisfeðgar hafi keypt á genginu 85 þannig að maður á von á meiri hækkunum og eflaust meiri fréttum. Maður getur alveg elt Árna Odd og Þórð Magg í ljósi fyrri fjárfestinga. Nú ætlar Marel að auka hlutafé í þremur skömmtum og fá inn nýja fjárfesta til liðs við sig. Ætlunin er að ráðast í fleiri yfirtökur.

Ég veit ekki hvað er að gerast þarna í Garðabænum. Það mætti bara halda að hallarbyltting hafi orðið í Marel, að fjárfestarnir hafi tekið völdin af teknókrötunum.

Nú spái ég því að einhver greiningardeildin komi fljótlega með suddalegt verðmat á Marel og kæmi mér ekki á óvart að sjá verðmatsgengi á bilinu 90-100.

**Spákaupmaðurinn á horninu.**




# Ekkert bítur á Bóksölu stúdenta

**Þrátt fyrir að Bóksala stúdenta starfi á erfiðum markaði býður hún í mörgum tilfellum betur en samkeppnisaðilarnir og jafnvel internetið sjálft. *Hólmfríður Helga Sigurðardóttir* tók hús á Bóksölunni.**

Sumir segja sérstöðu Bóksölu stúdenta fyrst og fremst felast í sérfræðiþekkingu starfsfólks. Starfsaldur starfsfólks í búðinni styður við þessa kenningu, en búðinni helst vel á starfsfólki og er þekkt fyrir það. Reynsla starfsfólksins og áratugalangt samstarf Bóksölunnar við erlend bókaforlög hefur áreiðanlega stuðlað að því að Bóksala stúdenta heldur velli þrátt fyrir erfið markaðsskilyrði og sterka samkeppnisaðila.

Bóksala stúdenta hefur það að meginmarkmiði að útvega stúdentum við Háskóla Íslands kennslubækur og önnur námsgögn á sanngjörnu verði. Hún á sér þó fleiri hliðar. Verslunin sinnir ekki einungis stúdentum við Háskóla Íslands heldur þjónustar hún jafnframt Háskólann í Reykjavík, Kennaraháskólann og Viðskiptaháskólann á Bifröst, auk þess sem hún á stóran hóp fastakúnna sem vill hvergi annars staðar kaupa bækur. Bóksalan er nefnilega ekki bara námsbókabúð heldur alhliða bókaverslun.

Af erlendu bókunum fer mest fyrir titlum á ensku en einnig er nokkuð úrval bóka á Norðurlandamálunum, sem og á þýsku, frönsku og spænsku, jafnvel forn-grísku og latínu. Íslenskar bækur skipa veglegan sess í Bóksölunni og þar er jafnframt gott úrval tölvubóka, fræði- og vísindarita, tímarita og umfangsmikil sérpöntunarþjónusta.

**„Við leggjum ekki endilega allt undir til að vera ódýrust heldur höfum við frekar lagt áherslu á að verðstefnan sé skýr og þannig höfum við skapað okkar trúverðugleika.“**

**TRAUST VERÐSTEFNA FRAMAR VERÐSTRÍÐI**

Bóksala stúdenta er ein af rekstrareiningum Félagsstofnunar stúdenta sem er sjálfseignarstofnun með sjálfstæða fjárhagsábyrgð. Að FS standa stúdentar innan Háskóla Íslands, Háskólinn og menntamálaráðuneytið. Stofnunin byggir upp og rekur margháttaða þjónustu svo sem stúdentagarða, bóksölu, kaffistofur, stúdentamiðlun og leikskóla.

Sigurður Pálsson, rekstrarstjóri Bóksölu stúdenta, segir bóksöluna lúta sömu lögmálum og annar rekstur. „Við leggjum ekki endilega allt undir til að vera ódýrust heldur höfum við frekar lagt áherslu á að verðstefnan sé skýr og þannig höfum við skapað okkur trúverðugleika.“

Þrátt fyrir að við nokkra stóra laxa sé að etja í samkeppninni um bóka- og ritfangasölu hefur Bóksölu stúdenta tekist að halda sínum sessi og býður í mörg-




**SIGURÐUR PÁLSSON, REKSTRARSTJÓRI BÓKSÖLU STÚDENTA** Bóksölu stúdenta hefur vel tekist að halda velli í erfiðu samkeppnisumhverfi. Velgengni verslunarinnar byggist meðal annars á mikilli sérfræðiþekkingu starfsfólks og skýrri verðstefnu.

Markmál
Þýðingar og skjalagerð
Aðsetur í ReykjavíkurAkademíunni - Hringbraut 121
www.markmal.is - markmal@markmal.is - S: 660 5003


VOLVO S40 VOLVO V50 VOLVO S60 VOLVO V70 VOLVO S80 VOLVO XC70 AWD VOLVO XC90 AWD

VELDU VOLVO S40. FALLEG STÆRÐFRÆÐI.

Volvo S40 er hátækni. Gott dæmi um fallega stærðfræði og verkfræðilega snilld. Fullur af orku. Búinn fádæma akstursеiginleikum. Þú finnur ekki fyrir hreyfingu Volvo S40 á jöfnum hraða. Aðeins fyrir veginum. Afstætt lögmál. Þú sérð umhverfið líða framhjá; hefur kannski á tilfinningunni að bíllinn sé kyrr og jörðin á hreyfingu. Draumabíll.

Reynsluaktu draumabíl bílablaðamanns Morgunblaðsins: „Volvo hefur nefnilega tekist það sem margir hafa áður reynt og flestir án árangurs; að smíða gæðabíl án þess að slá nokkuð af kröfunum en um leið að stilla verðinu í hóf.“ Komdu í Brimborg. Skoðaðu fallegt dæmi um áratuga umhyggju Volvo fyrir öryggi fjölskyldunnar. Öryggi er lúxus. Veldu Volvo.

Verkfræðileg snilld einkennir Volvo S40

Berðu saman verð og gæði. Berðu saman staðalbúnað Volvo S40 við staðalbúnað í öðrum lúxusbílum. Þú finnur WHIPS bakhnykksvörn, SIPS hliðarárekstrarvarnarkerfi og spólvörn með stöðugleikastýringu í Volvo S40. Einnig ABS hemlakerfi með EBD hemlajöfnun, 4 loftpúða auk hliðarloftpúða, tölvustýrða loftkælingu með hitastýringu, hágæða hljómflutningstæki með 8 hátölurum, rafdrifnar rúður, upphituð sæti, 16" álfelgur og margt fleira. Sjö hátæknivélar standa þér til boða. Bensín eða dísil. Komdu í Brimborg.

EuroNCAP öryggisstofnunin verðlaunaði Volvo S40 með bestu einkunn (5 stjörnur), sama gerði US NCAP. Breska bílablaðið Auto Express mat Volvo S40 sem besta bílinn í sínum flokki lúxusbíla; betri en BMW 3 series og Jaguar X-type. Volvo S40 er besti kosturinn að mati bandaríska vegaöryggiseftirlitsins (IIHS) og sænska tryggingafélagið Folksam verðlaunaði Volvo S40 fyrir að vera með bestu háls- og bakhnykksvörnina. Öryggi er lúxus. Veldu Volvo!

Komdu í Brimborg. Spurðu söluráðgjafa Volvo á Íslandi um verð og gæði. Við gerum þér gott tilboð um staðgreiðsluverð fyrir gamla bílinn.



*Finndu fegurðina sem býr í gæðum einfaldleikans. Skoðaðu nýtt stjórnborðið sem ekki átti að vera hægt að framleiða.*

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.volvo.is



GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

Volvo S40 bensín.
Verð frá 2.595.000 kr.*

Volvo S40 dísil.
Verð frá 2.965.000 kr.*



* Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

um tilfellum lægra verð en samkeppnisaðilarnir. Samkeppni bókaverslana á milli er sérstaklega hörð þegar kemur að verðlagningu á ritföngum. Virkir á markaðnum eru Penninn, sem rekur meðal annars Bókabúð Máls og menningar, Eymundsson og Griffil, Oddi sem rekur tvær verslanir og keypti nýverið Skólavörubúðina, S.Á. Egilsson sem rekur Office One verslanirnar, auk stórmarkaðanna og annarra verslana. Sigurður segir Bóksöluna vel samkeppnishæfa þar þótt ómögulegt sé að keppa við tilboð eins og „allt á krónu“ sem séu þar að auki villandi og samræmist ekki stefnu Bóksölunnar.

**SAMKEPPNISHÆF VIÐ INTERNETIÐ**
Þegar talið berst að íslenskum bókum segir Sigurður samkeppnina á smásölumarkaði ekki svo harðvítuga þótt innkoma Hagkaupa og Bónuss í jólavertíðinni hafi vissulega breytt ýmsu. Hann segir Bóksöluna hafa haldið sínum hlut og jafnvel aukið hann í jólabókasölunni eftir innkomu þeirra, þótt bitinn af kökunni sé ekki stór, enda leggi Bóksalan ekki allt undir í þeirri baráttu og haldi verði frekar jöfnu yfir árið. Hann segir jafnframt lítið svigrúm til verðsamkeppni á markaði íslenskra bóka þar sem staða útgáfufélagsins Eddu sé afar sterk.

Bóksalan tekur einnig þátt í framhaldsskólamarkaðnum en hefur að mestu staðið ein að háskólabókamarkaðnum hér á landi. Áratugalangt samstarf Bóksölunnar við erlendar bókaútgáfur stuðlar ábyggilega að þeirri styrku stöðu sem hún er í. Það má þó ekki gleyma stærsta samkeppnisaðilanum – internetinu. Sigurður segir bóksöluna hafa leitast við að bjóða bækurnar á sambærilegu verði og erlendar bókaverslanir á netinu. Þessu markmiði hafi hún náð, sem hafi aftur orðið til þess að hún njóti trausts og velvildar viðskiptavina.



**SITUR EIN AÐ HÁSKÓLABÓKAMARKAÐI** Bóksala stúdenta hefur stækkað í beinu hlutfalli við vöxt háskólastigsins á Íslandi og bætir við sig ár frá ári.

**FLYTUR Á HÁSKÓLATORG AÐ ÁRI**
Bóksala stúdenta hefur vaxið í beinu hlutfalli við vöxt háskólastigsins á Íslandi og aukast umsvif hennar ár frá ári. Þann 1. desember árið 2007 mun Bóksalan flytjast búferlum í fyrsta skipti og verða hluti af nýju Háskólatorgi sem er í byggingu á háskólalóðinni. Háskólatorg er samheiti tveggja bygginga á háskólasvæðinu, sem verða um 8.500 fm að stærð með tengibyggingum. Ætlað er að Háskólatorg hýsi á þriðja hundrað starfsmenn auk þess sem 1.500 stúdentar verði þar við nám og störf daglega. Sigurður vonast til að breytingin verði til þess að bæta þjónustuna við námsmenn. Viðbúið er að einhverjar breytingar verði á skipulagi Bóksölunnar við þetta. „Búðin mun klárlega þróast út frá eftirspurninni í húsinu,“ segir Sigurður. „Háskólabækurnar verða þó alltaf í brennidepli og við munum áfram leitast við að útvega námsfólki þær bækur sem það þarfnast og langar í á sanngjörnu verði.“









Framkvæmdastjóri

**Totus, dótturfélag Eignarhaldsfélagsins Portusar, verðandi eigandi og byggingaraðili tónlistarhúss og ráðstefnumiðstöðvar við Austurhöfnina í Reykjavík óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra.**

**Starfssvið**
- Ábyrgð, yfirumsjón, framkvæmdastjórn og verkefnastjórnun við byggingu tónlistarhússins og ráðstefnumiðstöðvarinnar. Í því felst m.a. samskipti við opinbera aðila, verktaka, hönnuði, eigendur o.fl.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Byggingaverkfræði.
- Einungis þeir koma til greina sem hafa umfangsmikla reynslu af stjórnun verklegra framkvæmda við stór mannvirki.

Umsóknir óskast fylltar út á **www. hagvangur.is** fyrir 19. ágúst nk. Númer starfs er **5796**.
Ferilskrá ásamt skrá yfir verkefni við mannvirkjagerð fylgi umsókninni.
Upplýsingar veitir Þórir Þorvarðarson. Netfang: thorir@hagvangur.is

HAGVANGUR
- við ráðum

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700
Fax 520 4701 • www.hagvangur.is



**VIÐ UNDIRRITUN SAMNINGS** Benedikt Gíslason frá Straumi-Burðarási, Bernhard Þór Bernhardsson, forseti viðskiptadeildar, og Haukur Oddsson frá Glitni við undirritun samstarfssamningsins.

# Styðja við meistaranám

Nýverið var undirritaður samningur milli Viðskiptaháskólans á Bifröst og fjármálafyrirtækjanna Glitnis og Straums-Burðaráss um styrk fyrirtækjanna við meistaranám í bankastarfsemi, fjármálum og alþjóðaviðskiptum. Fyrirtækin leggja hvort um sig fram tvær og hálfa milljón á ári í þrjú ár, eða samtals 15 milljónir króna, sem varið verður til þess að styrkja prófessorsstöðu í bankaviðskiptum við viðskiptadeild skólans.

Í fréttatilkynningu frá Viðskiptaháskólanum á Bifröst segir að gert sé ráð fyrir að MS-nám í bankastarfsemi, fjármálum og alþjóðaviðskiptum verði mjög stefnumiðað nám sem einkum muni höfða til þeirra sem hafa áhuga á að starfa í fjármálafyrirtækjum eða við fjármál í fyrirtækjum í miklum alþjóðaviðskiptum. Við ákvörðun um innihald námsins hafi verið litið til sambærilegs náms við erlenda háskóla, enda um alþjóðlega atvinnugrein að ræða í eðli sínu. Mun töluverður hluti kennslunnar fara fram á ensku og áhersla lögð á að fá öfluga erlenda kennara. Þar má helst nefna kennara frá Edinborgarháskóla og State University of New York. Einnig eru fengnir kennarar frá þekktum erlendum fjármálafyrirtækjum, svo sem Bear Stearns fjárfestingabankanum og Dow Jones Corporation en einnig munu að sjálfsögðu sérfræðingar íslenskra fjármála- og ráðgjafafyrirtækja koma að náminu. **- hhs**



**GLAÐIR Á GÓÐRI STUNDU** Haraldur Úlfarsson, framkvæmdastjóri R. Sigmundssonar, Sævar Freyr Þráinsson, framkvæmdastjóri hjá Símanum, og Einar Óskarsson, stjórnarformaður R. Sigmundssonar.

# R. Sigmundsson og Síminn í samstarf

Fyrsta skóflustungan í nýjum höfuðstöðvum R. Sigmundssonar var tekin fyrir skömmu en húsnæðið mun hýsa R. Sigmundsson, Vélasöluna og Radíómiðun. Við sama tækifæri skrifuðu Sævar Freyr Þráinsson, Haraldur Úlfarsson framkvæmdastjóri R. Sigmundssonar og Einar Óskarsson, stjórnarformaður R. Sigmundssonar, undir samstarfssamning um Radíómiðun ehf. sem verður í eigu Símans og R. Sigmundssonar.

Radíómiðun ehf. mun sérhæfa sig í fjarskiptalausnum fyrir sjávarútveginn og verður staðsett í húsakynnum R. Sigmundssonar. Fyrirtækin hafa í gegnum árin unnið mikið saman og styrkja það samstarf enn frekar með stofnun Radíómiðunar.

SONATA
Sigurvegari í alþjóðlegum gæðakönnunum

- ESP stöðugleikastýring
- TCS spólvörn
- ABS með EBD bremsujöfnun
- 6 loftpúðar
- Hiti í framsætum
- 16" álfelgur
- Þvottakerfi fyrir framljós
- Öryggisstilling fyrir barnabílstól
- 40/60 afturbekkur með armpúða
- 462 lítra farangursrými

B&L
Með bílinn handa þér

Lúxusbíll á fólksbílaverði
1. sæti í IQS gæðakönnun JD Power



Nýr Hyundai SONATA GSL 2.0l
kr. 2.290.000

HYUNDAI hefur gæðin

B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • www.bl.is
Keflavík 421 4444 Selfoss 575 1460 Akranes 431 2622 Akureyri 461 2533 Egilsstaðir 471 2524


STÓRÚTSALA Í ÁGÚST
20-70% AFSLÁTTUR
LÁGT VERÐ
Nýtt kortatímabil
Vínrekki 65x35x85
Verð áður 17.800
Verð nú 14.200
Bekkur 116x46x80
Verð áður 29.800
Verð nú 23.800
Consola 120x40x80
Verð áður 28.000
Verð nú 23.000
Borð 135x90x80
Verð áður 36.000
Verð nú 28.800
Diskarekki 62x24x76
Verð áður 9.900
Verð nú 7.900
Hilluhengi 70x20x40
Verð áður 5.800
Verð nú 4.600
Skápur á borð eða vegg
71x22x52
Verð áður 9.900
Verð nú 7.900
Veggskápur 50x21x69
Verð áður 13.900
Verð nú 11.000
Kommóða 85x40x96
Verð áður 39.000
Verð nú 31.000
Speglar
3 stærðir
verð frá 2.960.- kr
Glerskápur 49x39x180
Verð áður 39.000
Verð nú 31.000
CD standur 26x20x107
Verð áður 13.000
Verð nú 10.400
Kommóða 60x38x100
Verð áður 34.000
Verð nú 27.000
Hornskápur 67x40x180
Verð áður 33.800
Verð nú 27.000
Bókahillur tvær stærðir
64x33x181 og
90x38x185
Verð frá 28.000
Tvöfaldur glerskápur
107x40x184
Verð áður 68.000
Verð nú 54.500
### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Hetjurnar með í skólann!



Marvell Heroes fyrir gaura
og grallara



Barbie fyrir pæjurnar



Barbapabbi fer
líka í skóla



Prinsessulínan
fyrir alvöru prinsessur



Þegar þú kaupir skólavörur
fyrir **3.000 kr.** eða meira
færðu flottan sundpoka í kaupbæti!

ODDI
SKRIFSTOFUVÖRUR

www.oddi.is

hönnun Oddi vob_5320

Borgartúni 29 • Reykjavík
Sími 515 5170 • Opið virka daga
kl. 8-18 • laugardaga kl. 11-16

Höfðabakka 3 • Reykavík
Sími 515 5105
Opið virka daga kl. 8-18

Glerárgötu 34 • Akureyri
Sími 515 5160
Opið virka daga kl. 8-18

**!** **Kl. 19.30**
*Sögusigling um Eyjafjörð á eikarbátnum Húna II. Lagt verður af stað frá Torfunefsbryggju undir leiðsögn Harðar Geirssonar, safnvarðar Minjasafnsins á Akureyri.*

# menning

menning@frettabladid.is

# Nýtir staði með sál og gott sánd

Kvartett Andrésar Þórs leikur nýja tónlist á tvennum tónleikum í Reykjavík og á Akureyri í vikunni. Ásamt Andrési Þór leika þeir Sigurður Flosason á altósaxafón, Þorgrímur Jónsson á kontrabassa og Scott McLemore á trommur. Á efnisskránni verður tónlist eftir Andrés Þór af spánýrri plötu hans, Nýr dagur. „Þetta er svona míní-túr," segir Andrés Þór um tónleikana sem verða haldnir á morgun í Djúpinu, Hafnarstræti 15, og á fimmtudaginn í Deiglunni á Akureyri. Djúpið er í Hafnarstræti, fyrir neðan veitingahúsið Hornið, og er Andrés Þór spenntur fyrir að halda þar tónleika. „Í Djúpinu voru oft djasstónleikar hérna í gamla daga. Í minni minningu eru þeir margir góðir tónleikar sem hafa verið þarna," segir Andrés Þór sem bætir við að honum þyki sérstaklega skemmtilegt að geta haldið tónleika með sína eigin tónlist. „Mér finnst gott að geta nýtt þessa staði sem hafa sál og gott sánd," bætir hann við.
Tónleikarnir á Akureyri eru á vegum Listasumars á Akureyri og hefjast báðir tónleikarnir klukkan 21.30.



**„MÍNÍ-TÚR"** Kvartett Andrésar Þórs heldur tvenna tónleika í vikunni.

## > Ekki missa af

Sýningu **Stellu Sigurgeirsdóttur** í **Galleri Boxi** í Kaupvangsstræti 10, Akureyri, þar sem hún vinnur úr óvenjulegum minningum sínum um Akureyrarbæ.

Tékkneska tónlistarhópnum **Musica ad Gaudium** sem heldur tónleika í **Salnum í Kópavogi** í kvöld **klukkan tuttugu**.

Sýningu alþjóðlega listahópsins **Distill, Tíminn tvinnaður**, í **Listasafni Reykjanesbæjar** í Duushúsum.


Footloose
17. ágúst - kl.20:00 - Uppselt
18. ágúst - kl.20:00 - Örfá sæti
24. ágúst - kl.20:00 - Örfá sæti
25. ágúst - kl.20:00 - laus sæti
31. ágúst - kl.20:00 - laus sæti
01. sept - kl.20:00 - laus sæti
Miðasalan er í síma 568 8000
www.borgarleikhus.is
www.minnislikus.is/footloose



PENETREITOR
Þri. 15 ágúst
Mið. 16 ágúst
Sun. 20 ágúst
allra síðustu sýningar
Sýningartími er kl 21:00
**** Glæsilegur Penetreitor - DV
Hvergi að finna veikan punkt - Mbl
miðapantanir í síma:699-0913
vermordingjar.blogspot.com


# Stígur á svið í fæðingarbænum

**Leikfélag Akureyrar kemur af krafti inn í haustið með aukasýningum á Fullkomnu brúðkaupi í Reykjavík og Litlu hryllingsbúðinni norðan heiða.**

Vegna mikillar eftirspurnar hefur Leikfélag Akureyrar ákveðið að gefa leikhúsgestum kost á að sjá vinsælustu sýningar síðasta leikárs áður en nýtt leikár hefst. Fullkomið brúðkaup verður sýnt í Austurbæ út ágústmánuð en sýningin er fyrir löngu orðin sú vinsælasta sem leikfélagið hefur sett upp. Litla hryllingsbúðin snýr aftur heim til Akureyrar eftir stopp í Íslensku óperunni nú í vor og verða þrjár sýningarhelgar í september.

Þrjár nýjar leikkonur hafa bæst í leikhópinn til að fylla í skörð Estherar Thalíu Casey, sem er barnshafandi, og Arndísar Ólafar Víkingsdóttur sem flyst af landi brott. María Þórðardóttir er ein þeirra, en hún tekur við hlutverki Estherar Thalíu í Litlu hryllingsbúðinni.

„Ég er svakalega spennt og hlakka mikið til að fara norður og byrja á þessu verkefni. Ég er fædd á Akureyri og skemmtilegt að stíga á svið í fæðingarbænum," segir María. Hún hefur aldrei áður unnið með Leikfélagi Akureyrar og í rauninni er þetta fyrsta verkefnið hennar hér heima á Íslandi síðan hún hóf nám erlendis. „Það er alveg frábært að fá smá reynslu hérna heima áður en ég kem útskrifuð aftur til Íslands."

María er við nám í Skotlandi og þarf að seinka skólabyrjuninni lítillega til að ná að vera með í sýningu Leikfélags Akureyrar. „Þau gefa mér smá svigrúm í skólanum til að koma seinna. Svo þegar ég er búin hérna fer ég bara á fullt aftur í október," bætir hún við.

María og Birna Hafstein, sem einnig er ný leikkona í Litlu hryllingsbúðinni, hittu leikhópinn í júní og segist María hafa fundið góðan anda í hópnum. „Ég er alveg viss um að þau taka vel á móti okkur Birnu," segir María.

„Það var troðfullt á öllum sýningum hérna í vor og mikið rokk og ról svo húsið nötraði," segir Magnús Geir Þórðarson, leikhússtjóri LA, sem hlakkar augljóslega mikið til þegar Litla hryllingsbúðin verður sýnd aftur á Akureyri. „Við sýndum allt upp í sjö sinnum í viku og komust færri að en vildu, en það var þess vegna sem við reyndum að ná þessum sýningum hérna að hausti," bætir hann við. Þrjár sýningarhelgar verða í september og ítrekar Magnús Geir að þær verði einungis þrjár, enda taki við önnur verkefni hjá leikurunum að þeim loknum.

Nýtt leikár hjá Leikfélagi Akureyrar verður kynnt í næstu viku en þar verða fjórar frumsýningar auk gestasýninga og annarra viðburða.

annat frettabladid.is



**SNÝR AFTUR HEIM** Leikkonan María Þórðardóttir er fædd á Akureyri og tekur við hlutverki Estherar Thalíu Casey í Litlu hryllingsbúðinni í september, þegar sýningar á þessu sívinsæla verki verða teknar upp á ný norðan heiða. RÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**VINSÆLASTA SÝNING LA** Síðustu forvöð eru nú að sjá Fullkomið brúðkaup í ágúst.



**HÚSIÐ NÖTRAR Á NÝ** Þrjár sýningarhelgar verða á Litlu hryllingsbúðinni í september.


Gleðilegar ræstingar
– og farsælan vinnudag!
Á tilboði í ágúst 2006
Liprir ræstivagnar frá Filmop

23.902 kr.
Arka 25 ræstivagn
Rekstrarvörur
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is



**Tónlistarkennarar athugið!**
Námskeið í Skapandi Tónlistarmiðlun verður haldið á sal Nýja Tónlistarskólanns við Grensásveg dagana 19.-20. ágúst. Áhersla verður lögð á spuna og tónsmíðar sem eru nýjir liðir í aðalnámskrá tónlistarskólanna.
Kennari verður Sigrún Sævarsdóttir-Griffiths sem kennir við Guildhall School of Music and Drama.
Skráning fer fram á netfangi sigrunsae@yahoo.co.uk eða í síma 421 1582.
Örfá pláss laus!


# Mitchell líklegur til verðlauna

Talið er að breski rithöfundurinn David Mitchell sé líklegastur til að vinna Booker-verðlaunin, virtustu bókmenntaverðlaun Breta. Líkurnar á því að bók Mitchell, Black Swan Green, verði metin öðrum fremri eru taldar einn á móti fimm.

Nítján bækur hafa hlotið tilnefningu til verðlaunanna en þann fjórtánda september verður listinn styttur til muna. Tilkynnt verður um vinningshafann snemma í október og hlýtur hann bæði peningaverðlaun og auglýsingu sem ávallt skilar sér í aukinni sölu verðlaunabókarinnar.

David Mitchell er því enn langt frá að vera með pálmann í höndunum. Hann keppir við skærar stjörnur bókmenntaheimsins og þar af eru nokkrir af Booker-verðlaunahöfum síðustu ára. Peter Carey, sem hlaut verðlaunin 1998 og 2001, er einn þeirra sem nefndir eru fast á hæla Mitchell en Carey er tilnefndur fyrir bókina Theft: A Love Story. Á eftir honum koma svo höfundar á borð við Nadine Gordimer og Barry Unsworth sem bæði hafa hlotið verðlaunin.

Athygli vekur að bók verðlaunahafa síðasta árs, John Banville, er ekki í hópi þeirra nítján hljóta tilnefningu í ár. Einnig sjá margir eftir því að Mark Haddon, höfundur bókarinnar Furðulegt háttalag hunds um nótt, sé ekki tilnefndur fyrir nýjustu bók sína, A Spot of Bother.



**STYTTIST Í BOOKER-VERÐLAUNIN** Birtur hefur verið listi yfir þá nítján sem eru tilnefndir til bresku Booker-bókmenntaverðlaunanna í ár.



Aðsóknarmesta sýning síðasta leikárs!
Drepfyndinn gamanleikur í Reykjavík!
Miðasala er þegar hafin!
Næstu sýningar:
Föstudaginn 18. ágúst kl. 20:00
Laugardaginn 26. ágúst kl. 19:00
Laugardaginn 26. ágúst kl. 22:00
Á ÞAKINU
LEIKFÉLAG AKUREYRAR
Miðasala í síma 551 4700 // opið 13:00-17:00 // www.midi.is //Austurbæjarbíó – Snorrabraut 37

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

ÁGÚST

13 14 15 **16** 17 18 19

**Miðvikudagur**

### LEIKLIST

☐ 22.00 Sviðslistahátíðin **ArtFart** í húsi **Ó. Jónsson & Kaaber.** Leikhópurinn **B8** sýnir grátbroslega söguleikinn **Íslenzk fyndni LOL djók.** Höfundur og leikstjóri er **Árni Kristjánsson.**

### ÚTIVIST

☐ 19.30 **Sögusigling um Eyjafjörð** á eikarbátnum **Húna II**. Lagt verður af stað frá **Torfunefsbryggju** og siglt í um eina og hálfa klukkustund. Leiðsögumaður um borð verður **Hörður Geirsson**, safnvörður á **Minjasafninu á Akureyri**. Skoðaðar verða byggingar og önnur kennileiti í landi, auk þess sem rennt verður fyrir fisk í leiðinni. Siglingin er ókeypis og veiðistangir um borð.

### DANSLIST

☐ 18.00 Sviðslistahátíðin **ArtFart** í húsi **Ó. Jónsson & Kaaber**. Listhópurinn **Sarent** sýnir **RE:RE:RE:RE:RE:RE:RE:RE:No Subject.**

☐ 20.00 Listahátíðin **Art Fart** í húsi **Ó. Jónsson & Kaaber**. **Íslenska hreyfiþróunarsamsteypan** sýnir dansverkið **Meyjarheftið**.

### SÝNINGAR

☐ 10.00 **Helena Hansdóttir** sýnir í **Sögusetrinu Hvolsvelli.** Sýningin ber heitið **Éta** og samanstendur af vídeógjörningi, ljósmyndum og innsetningu. Sýningin stendur til 3. september. **Sögusetrið** er opið alla daga frá 10 til 18.

☐ 11.00 Sumarsýning **Listasafns Íslands**, **Landslagið og þjóðsagan** er opin frá kl. 11-17. Fríkirkjuvegur 7.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

# Kötturinn át tvær myndir

**Í Gallerí Tukt sýna menntaskólanemarnir Sölvi Snæbjörnsson og Viktor P. Hannesson eigin verk undir yfirskriftinni Ekki borða gulan snjó!**

Litríkar og skemmtilegar myndir prýða veggi Gallerí Tuktar fram til 25. ágúst. Menntaskólanemarnir og vinirnir Sölvi Snæbjörnsson og Viktor P. Hannesson settu þar um sýningu um síðstu helgi sem hefur fengið góðar viðtökur.

Verk ungu listamannanna tveggja hanga í bland á vegjunum þótt þau séu í rauninni ekkert skyld innbyrðis. „Það er samt mjög skemmtilegt hvað þetta passar vel saman þegar maður setur þetta upp, eins ólík og þessi verk í rauninni eru,“ segir Viktor sem vinnur verkin sín alfarið í tölvu. Grunnur þeirra eru ljósmyndir sem hann leikur sér með. Sölvi vinnur aftur á móti mikið með blek, klippir út og stenslar.

„Vinnslan hjá mér hefur dreifst yfir lengri tíma svo vinnan hefur meira jafnast út, þótt ég hafi nú gert held ég þrjár af þessum myndum í sumar,“ segir Viktor aðspurður um hvernig undirbúningi að sýningunni hafi verið háttað. Sölvi vinnur hlutina þó með öðrum hætti og segist varla hafa sofið dúr í tveggja vikna aðdraganda sýningarinnar, þar sem hann hafi verið upptekinn við að klára myndirnar sínar. „Þetta er í fyrsta sinn sem ég geri eitthvað svona stórt,“ segir Sölvi og bætir við þeirri ólánssögu af undirbúningnum að kötturinn hans hafi étið tvær af myndunum sem áttu að fara á sýninguna.

Aðspurðir segjast þeir fátt hafa lært í listunum, ef frá eru taldir myndlistartímarnir í Menntaskólanum við Hamrahlíð þar sem þeir eru báðir að ljúka námi. Sölvi segist þó hafa kynnt sér myndasögugerð í Myndlistarskólanum og Viktor minnist á að hafa unnið í ljósmyndaverslun og lært þar nokkur trikk í ljósmyndavinnslu. Þeir stefna þó báðir á listnám eftir að menntaskólanum lýkur, jafnvel erlendis.

Ljóst er að viðtökur við sýningu félaganna eru góðar, því margar myndanna eru merktar með rauðum depli. Aðspurðir um hvort þeir séu búnir að selja mikið segjast þeir svo vera. „Aðallega hann samt, ég er bara búinn að selja eina,“ segir Sölvi svo, hlær og bætir við að Viktor hafi verið að selja eina mynd rétt í þann mund sem blaðamaður steig í sýningarsalinn. „Mamma á svo þessa,“ segir Viktor og bendir á eina mynd sem enn á eftir að merkja með rauðum depli.

Sýning Sölva og Viktors er opin alla virka daga milli klukkan níu og sautján í Gallerí Tukt, Pósthússtræti 3-5, en gengið er inn í gegn um skrifstofu Hins hússins. Síðasti sýningardagur er 25. ágúst. **annatfrettabladid.is**



**ÓLÍK VERK SEM ÞÓ PASSA VEL SAMAN** Sölvi og Viktor segja að þeim hafi komið á óvart hversu vel verkin þeirra pössuðu saman.



**UNGIR LISTAMENN Í GALLERÍ TUKT** Félagarnir Sölvi Snæbjörnsson og Viktor P. Hannesson eru með samsýningu í Gallerí Tukt en félagarnir eru menntaskólanemar og sjálflærðir listamenn. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN





3
DAGAR
Í FYRSTA LEIK

ENSKI BOLTINN Á SKJÁSPORTI:
5 LEIKIR SAMTÍMIS Í BEINNI!

SKEMMTILEGASTI FÓTBOLTI Í HEIMI Á
AÐEINS 1.990 KR. Á MÁNUÐI

FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT NÚNA Í SÍMA 800 7000
EÐA Í NÆSTU VERSLUN SÍMANS

SKJÁRSPORT




# Kate Moss og Pete Doherty trúlofuð

Rokkarinn Pete Doherty og fyrirsætan Kate Moss eru trúlofuð samkvæmt breska blaðinu The Sun. Skötuhjúin komu saman í sjónvarpsþátt á Channel 4 í Bretlandi þar sem þau kysstust opinberlega í fyrsta sinn og lýsti Doherty yfir ást sinni á Moss. Ofurfyrirsætan bar risastóran demantshring sem talinn er vera trúlofunarhringur.

Parið hætti saman fyrir ári í kjölfar myndbirtingar af eiturlyfjanotkun Moss í breskum blöðum og virtust þær ætla að binda enda á hennar glæsta fyrirsætuferil. Hún náði að snúa við blaðinu en ekki er það sama að segja um Doherty sem hefur verið mikið í fjölmiðlum vegna eiturlyfjafíknar sinnar. Fjölmiðlar hafa farið mikinn í umfjöllun sinni um Doherty. Virtust þeir leggja sig í líma við að hrekja hann út úr tónlistarbransanum en lengi vel var talið að Doherty væri ein bjartasta von Breta. Hann mun þó hafa náð að fullvissa Moss um ágæti sitt og segja nánir vinir skötuhjúanna þau vera ástfangin upp fyrir haus. Jade Jagger, fyrirsæta og góð vinkona Kate, ætlar að halda trúlofunarveislu til heiðurs parinu á Ibiza.

Parið fékk á sínum tíma ekki frið fyrir ljósmyndurum sem kepptust við að ná af þeim myndum í annarlegu ástandi. Breskir fjölmiðlar hugsa sér því væntanlega gott til glóðarinnar nú þegar parið hefur ákveðið að trúlofa sig.


**DOHERTY OG MOSS** Skötuhjúin hafa gengið í gegnum súrt og sætt en hafa nú fundið hamingjuna á ný og eru trúlofuð. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES


**P DIDDY** Rapparinn Sean Combs ætti að breyta nafni sínu úr Diddy í „Daddy“ því nú á hann von á sínu þriðja barni. FRÉTTABLAÐIÐ/REUTERS

# Faðir í þriðja sinn

Rapparinn Sean Combs, sem er betur þekktur undir nafninu P Diddy. er að verða faðir í þriðja sinn. Kærasta hans, Kim Porter, er ólétt af öðru barni þeirra hjóna en fyrir eiga þau níu ára son. Combs á enn fremur úr fyrra sambandi 12 ára gamlan strák sem heitir Justin.

# Lesbískar löggur í Bláa lóninu

Ísland og þá fyrst og fremst Reykjavík er sögusvið bandarísku myndasögunnar Umbra sem fjallar um rannsókn lögreglunnar á dularfullu morðmáli.

Sagan hefst árið 1999 þegar beinagrind finnst í helli úti á landi. Meinafræðingurinn Askja fær það verkefni að rannsaka beinin og kemst fljótlega að því að ekki er allt með felldu þar sem beinin virðast vera af einhvers konar frummanni sem hefur verið ráðinn bani með byssukúlu.


**ÁST Í LÓNINU** Valkyrjan Freyja dregur hina hlédrægu og taugaveikluðu Öskju á tálar í kísilgumsinu.

Umbra er eftir myndasöguhöfundinn Murphy sem hefur helst unnið sér það til frægðar að skrifa myndasögur um stökkbreyttu bardagaskjaldbökurnar Teenage Mutant Ninja Turtles en hann hefur heldur betur skipt um gír og yrkisefni.

Sagan skiptist í þrjá hluta og tvö fyrstu blöðin eru komin til landsins. Pétur Yngvi Yamagat hjá myndasöguversluninni Nexus segist ekki þekkja vel til fyrri verka Murphys en hann hafi einfaldlega ekki getað stillt sig um að kaupa Umbra. „Það er eitthvað ómótstæðilegt við bandaríska sakamálasögu sem gerist á Íslandi.“

Askja vinnur náið með rannsóknarlögreglukonunni Freyju að rannsókn málsins og samstarfið er svo farsælt að þær enda saman í eldheitum ástarleik í Bláa lóninu að næturlagi.

Leikurinn æsist svo enn frekar þegar rannsóknarstofa Öskju er sprengd í loft upp og byssumaður sýnir henni banatilræði í kjölfarið. Freyja skerst þá í leikinn, skiptist á skotum við misindismanninn á götum Reykjavíkur þar til eltingarleikur hennar við skúrkinn nær hámarki í Hallgrímskirkju.

Það er því engin lognmolla í henni Reykjavík þegar Murphy leyfir hinni vösku Freyju að leika þar lausum hala og það er ljóst að höfundurinn þekkir ágætlega til staðhátta. Varla er þó hægt að segja að íslenskur raunveruleiki blasi við á síðum myndasögunnar þó að persónurnar sjáist drekka „brenevin“.


**HALGRIMUR´S CHURCH** Það hitnar heldur betur í kolunum í Hallgrímskirkju þegar Freyja króar skotglaðan morðingja af í turninum fræga.

Þessi hildarleikur sem hófst á götum Reykjavíkur verður til lykta leiddur í þriðja hefti Umbra en allt útlit er fyrir að lokauppgjörið muni fara fram á Grænlandi en Murphy segir skilið við Öskju innan um ísjakana við Grænlandsstrendur í lok annars hluta.



A&Ú
Anna & útlitið
&
The Academy of Colour and Style
ALÞJÓÐLEGT NÁM Í ÚTLITSRÁÐGJÖF
ÚTLITS- OG FÖRÐUNARSKÓLI

The Academy of Colour and Style er alþjóðlegur skóli sem kennir útlitsráðgjöf. Námið byggir á helstu atriðum útlitshönnunar og er meðal annars tekið fyrir litgreining, fatastíll og textill. Eftir nám fá nemendur alþjóðlegt diplóma í útlitsráðgjöf (fashion consultant).

Starfsmöguleikar eftir nám eru margir og spennandi og geta nýst á ýmsum sviðum og atvinnugreinum.

Hver önn tekur þrjá mánuði og fylgja öll kennslugögn með náminu. Kennsla fer fram í Iðnskólanum í Reykjavík einu sinni í viku frá 18-22.


Anna F. Gunnarsdóttir

| Stundaskrá | 1. Önn | 2. Önn | Starfsmöguleikar: |
|---|---|---|---|
| | | | Innkaupastjóri |
| | Litgreining | Fatastíll | Útlitsráðgjafi |
| | Förðun út frá litgreiningu | Fatasamsetning | Stílisti |
| | Litasamsetning | Textill | Verslunarstjóri |

Kristín, *ráðgjafi*



*Ég hef mikin áhuga á að starfa með fólki, veita ráðgjöf varðandi fatnað, liti og förðun sem hentar hverjum og einum. Mér finnst námið bæði lifandi og skemmtilegt sem einnig hefur opnað margar dyr til frekari náms á þessu sviði.*

Birna, *verslunareigandi - Stílistinn*



*Það hefur alltaf verður draumur hjá mér að stofna verslun með fatnað. Námið gaf mér það sjálfstraust sem ég þurfti til að fara út í reksturinn. Einnig nýti ég námið til þess að ráðleggja viðskiptavinum mínum hvaða snið og litir hentar þeim í val á fatnaði.*

Skjöldur Mio, *tískuráðgjafi*



*Ég taldi mig vita flest allt um tísku og útlit áður en ég fór í skólann. En annað kom á daginn. Ég hef lært heilmikið um fatasamsetningu, textil, litafræði, líkamsbyggingu og flest allt um útlit. Námið nýtist mér frábærlega í því sem ég er að gera.*

UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Í SÍMA 533-5101

INNRITUN ER HAFIN FYRIR HAUSTÖNN


# Sólarhringur á Íslandi

„Helstu viðskiptavinir okkar eru útlendingar og búðin er búin að vera stútfull síðan við opnuðum síðasta sumar. Því kemur þetta mér ekki á óvart,“ segir Katrín Kristjánsdóttir sölumaður í 66°North búðinni í Bankastræti en búðin er talin vera nauðsynlegt stopp í sólarhringsferð um landið í heilsíðu grein um Ísland í nýjasta hefti tímaritsins GQ-Magasine. Þar er stiklað á stóru um hvað er skemmtilegast og mest spennandi að gera á Íslandi og ber nafnið „24 hours in Iceland“. Ísland er sagt vera land andstæðnanna og er lesendum blaðsins ráðlagt að leggja leið sína hingað vegna þess að íslenska þjóðin getur drukkið, næturlífið sé frábært og íslenskar stúlkur eru með þeim fallegri í heiminum og því gott að getað látið þær hlýja sér því ekki er meðalhitastigið á landinu hátt.

Í skemmtanalífinu eru Nasa og Kaffibarinn nefndir sem heitustu staðirnir ef maður vill dansa og fá sér drykk í góðra vina hópi. Apótekið er nefnt sem góður matsölustaður ásamt Café Rósenberg sem virðist hafa heillað blaðamann tímaritsins með góðum mat á ódýru verði. Bláa lónið er auðvitað nefnt sem staður til að sjá og er lesendum ráðlagt að skella Sigurrós og Hjálmum í spilarann á meðan á dvöl stendur til að fá íslenska tónlist beint í æð. Af þessu má dæma að Ísland sé komið í hóp eftirsóttustu ferðamannastaða í heiminum í dag. **-áp-**




**SKEMMTILEGA ÍSLAND** Greinin er stór í blaðinu og gefur hún lesendum blaðsins mynda af landinu ásamt því að ráðleggja þeim hvert er best að fara og hvað ber að gera í stuttu stoppi á landinu.


**SIGURJÓN SIGHVATSSON** Eigandi 66°North og að vonum ánægður með sinn hlut í greininni.

# 3X pottur

## 240 milljónir

170 + 70

1. vinningur Ofurpottur

ENNEMM / SIA / NM21432

Þrefaldur pottur

# Hugsaðu stórt – stökktu á miða

Potturinn stefnir í 170 milljónir. Ofurpotturinn stefnir í 70 milljónir.

Vertu með fyrir kl. 16.

VÍKINGA LOTTÓ

Alltaf á miðvikudögum!

lotto.is

# *Pönkaður kvenleiki frá Ástralíu*

Á síðasta ári skaust ástralska fatamerkið Sass & Bide upp á stjörnuhiminn vegna þess að tvær best klæddu konur heims, Kate Moss og Sienna Miller klæddust gráum niðurmjóum gallabuxum frá þeim. Þetta er að sjálfsögðu draumur hvers hönnuðar enda lét salan ekki á sér standa eftir að myndir birtust í hverju einasta blaði af skvísunum í buxunum.

Merkið var stofnað af þeim stöllum Sarah-Jane Clark og Heidi Middleton árið 1997 en það var ekki fyrr en árið 2002 sem þær tóku fyrst þátt í bresku tískuvikunni. Fatnaði þeirra er lýst sem „pönkuðum kvenleika“ og segjast stöllurnar aðeina hanna fatnað sem þær sjálfar myndu klæðast.

Fatalína Sass & Bide fyrir komandi haust og vetur ´06 einkennist af daufum litum, léttum efnum og klæðilegum sniðum. Breið belti í mittið ásamt flottum sokkabuxum, leggings og berum öxlum verður áberandi í vetur ef marka má stöllurnar í Sass & Bide sem ber að fylgjast vel með í vetur.

alfrun@frettabladid.is



**FLOTTUR** Geggjaður svartur kjóll og hvítar leggings.



**„VICTORIAN“** Húðlitaður verður áberandi í haust og hér er léttur skyrtukjóll sem er hnepptur upp í háls.



**KÁPA** Flott ljósbrún kápa með skemmtilegu sniði



**VIÐUR** Sniðlaus og víður en fallegur.



**FRÁBÆR** Ekki væri amalegt að snúa sér í hringi í þessum kjól á börum bæjarins.



**HANNA BARA ÞAÐ SEM ÞEIM FINNST FRÁBÆRT** Sarah-Jane Clark og Heidi Middleton eiga heiðurinn að þessu flotta og klæðilega merki.



**BLÚSSA** Blússur hafa verið á undanhaldi síðustu ár en eru greinilega að verða vinsælar aftur. Flott blanda af húðlituðu og svörtu.



**PÖNKAÐUR** Flottur stuttur kjóll út léttu kvenlegu efni.



**GLÆSILEGT** Kvenlegur kjóll sem er einkar klæðilegur og takið eftir ermunum.



**FALLEG BLANDA** Gegnsær kjóll með fallegu munstri ásamt belti í mittið.



**BREIÐ BELTI** Hafa verið að læðast inn í tískuna undanfarið en koma sterk inn á komandi vetri.






# Enn bætist við á Airwaves

Dagskrá tónlistarhátíðarinnar Iceland Airwaves verður sífellt kræsilegri og kræsilegri. Í gær tilkynntu aðstandendur hátíðarinnar um 30 listamenn og flytjendur sem koma fram á hátíðinni, til viðbótar við þá 70 sem áður hafði verið sagt frá. Stærsta nafnið í þessum pakka er bandaríska hljómsveitin We are Scientists sem notið hefur töluverðrar hylli eftir útgáfu plötunnar With Love and Squalor. We are Scientists hafa verið á tónleikaferðalagi með sveitum á borð við Arctic Monkeys en eru nú á leið í fyrsta túrinn þar sem þeir verða aðalnúmerið. Erlend Øye úr Kings of Convenience mætir með nýja hljómsveit sína sem ber heitið The Whitest Boy Alive.

Norðmenn munu eiga sér fleiri fulltrúa á hátíðinni því hingað kemur einnig poppsveitin Datarock sem virðist afar áhugaverð, sér í lagi þar sem henni hefur verið líkt við ekki ómerkari bönd en Talking Heads, Happy Mondays og Devo. Auk þeirra kemur bandaríska elektródúóið Walter Meego og The Handsome Public frá New York.

Þær íslensku hljómsveitir og listamenn sem hafa auk þess bæst við eru Hafdís Huld, sem gefur út fyrstu sólóskífu sína október, Dýrðin, Cynic Guru, Morðingjarnir, Æla, Nine Elevens og Original Melody svo einhverjir séu nefndir. Airwaves-hátíðin verður haldin 18.-22. október næstkomandi.



**WE ARE SCIENTISTS** Frábær bandarísk rokksveit sem bæst hefur við dagskrá Airwaves-hátíðarinnar í október.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES



**HAFDÍS HULD** Sendir frá sér fyrstu sólóplötu sína í október og fagnar því með því að spila á Airwaves.


SKÓLA TILBOÐ
Opið til kl. 20 virkadaga í ágúst
og til kl. 18 um helgar í Skeifunni 17
STÍLABÓK
Office1
5 stílabækur
Aðeins
399.-
5
í pakka
AIRIS Fartölva
Vörunúmer: N930
• Örgjörvi: Intel Pentium M 740 1,73 GHz 2MB cache
• Skjár: 15,4 SXGA Widescreen (1280x800)
• Vinnsluminni: 512 MB DDR2-SDRAM, 533 MHz
• Harður diskur: 75 GB (5400 RPM)
• Skjákort: Mobile Intel 915 Express
• Drif: DVD+/-RW (+R duallayer)
• Netkort:
-Netkort Broadcom 10/100
-Intel pro þráðlaust 802.11 b/g (54 Mbps)
• Rafhlaða: 6 cell Lithium-Ion
• Rafhlöðuending: Allt að 3,5 tímar
• Tengi: 4x USB2.0, 1x Firewire(1394), Jack og Mic, 1x VGA, 1x SVHS, 1x RJ11, 1x RJ45
• Annað: Minniskortalesari fyrir 4 gerðir minniskorta
• Stýrikerfi: Microsoft Windows XP pro
• Fartölvutaska
• Ábyrgð: 2 ára ábyrgð
TASKA FYLGIR
AIRIS
Vinnsluminni:
512 MB DDR2-SDRAM, 533 MHz
Harður diskur:
75 GB (5400 RPM)
Ábyrgð
Tveggja ára ábyrgð.
Office1
99.990.-
Skiptibóka
markaður
Office1
SUPERMAN
CONVERSE ALL STAR
Office 1 er líka í Húsasmiðjunni
Office 1
og Húsasmiðjan
Office 1 opnar skólamarkað í völdum verslunum Húsasmiðjunnar.
Afgreiðslutímar
Office 1 Skeifunni 17
Virka daga frá 9-20
Laugardaga frá 10-18
Sunnudaga 10-18
Office 1 Smáralind
Virka daga frá 11-19
Fimmtudaga 11-21
Laugardaga 11-18
Sunnudaga 13-18
Office 1 Akureyri
Virka daga frá 10-18
Laugardaga frá 11-16
Sunnudaga 13-16
Office 1 Egilsstöðum
Virka daga frá 9-18
Laugardaga frá 10-16
Sunnudaga 13-17
Office 1 Ísafirði
Virka daga frá 10-18
Föstudaga 10-19
Laugardaga frá 11-16
Office 1 Vestmannaeyjum
Virka daga frá 9-18
Laugardaga frá 10-16
Sunnudaga 13-17
Allt fyrir skólann
undir 1 þaki!
HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál
Skútuvogur 525 3160
opið: mán - fös 8 - 19,
lau 9 - 19, sun 10 - 19
Grafarholt 520 3900
opið: mán - fös 8 - 19,
lau 9 - 19, sun 10 - 19
Keflavík 421 6500
opið: mán - fös 8 - 18, lau 9 - 13
Selfoss 4 800 800
opið: mán - fös 8 - 18,
lau 9 - 16, sun 12 - 16
Akureyri 460 3500
opið: mán - fös 8 - 18, lau 10 - 16
Office1 Superstore







# Farrell aftur á skjáinn



**COLIN FARRELL** Leikur aðalhlutverkið í Miami Vice en útilokar ekki endurkomu í sjónvarpið.

Colin Farrell hefur ekki útilokað að hann muni taka að sér hlutverk í sjónvarpsþáttunum Ballykissangel sem skutu leikaranum írska upp á stjörnuhimininn fyrir nokkrum árum en í undirbúningi eru nú framhaldsþætttir af þessari vinsælu þáttaröð. Farrell er á fullu við að kynna kvikmyndina Miami Vice sem fengið hefur frábæra dóma en það breytir víst ekki þeirri staðreynd að Farrell virðist tilbúinn að leggja framleiðendum þáttanna lið ef þeir óska eftir nærveru hans. „Ef hlutverkið er rétt myndi ég slá til. Ég byrjaði í Ballykissangel og naut þess að leika í þáttunum," sagði Farrell.

# Framsækið en hlýlegt popp frá Guillemots

**[ TÓNLIST ]**

**UMFJÖLLUN**




**GUILLEMOTS**

THROUGH THE WINDOWPANE

**Niðurstaða:** Ein áhugaverðasta plata sem komið hefur frá Bretlandseyjum í dágóðan tíma. Virðist vera einföld og jafnvel einhæf við fyrstu hlustun en er í raun framsækin og frumleg og jafnframt aðgengileg og þægileg.

Loksins virðist eitthvað nýtt vera að gerast í bresku popp/rokki. Bylgjan sem Chris Martin og félagar komu af stað fyrir of mörgum árum er orðin frekar þreytt og því hlaut að koma að breytingu. Hér er þó ekki um neina byltingu að ræða. Hljómsveitin Guillemots hefur ekki verið starfandi lengi en aðalmaðurinn á bak við hana, Fyfe Dangerfield, ásamt félögum í hljómsveitinni hefur tekist að skapast einhverja aláhugaverðustu popplötu sem komið hefur út í Bretlandi í nokkuð langan tíma. Stór orð en engu að síður sönn.

Platan Through the Windowpane þarf reyndar smá tíma í spilaranum áður en hún almennilega nær til hlustandans. Melódíurnar eru einfaldar og áreynslulausar og þrátt fyrir að mörg laganna séu skreytt með ýmiss konar aukahljóðum, hefðbundnum og óhefðbundnum, falla þau vel að laglínunum þannig að úr verður skemmtileg heild, ómmikil en samt yfirveguð. Guillemots fara ekki ótroðnar slóðir en þó skynjar maður samt að hér er eitthvað nýtt á sveimi. Þú þarft ekki annað en að hlusta á kontrabassaleik Aristazabals Hawkes til að fá þá tilfinningu. Tala nú ekki um ef lokalagi plötunnar, hinu rúmlega ellefu mínútu langa São Paulo, er gefinn gaumur.

Aðalmaðurinn, Dangerfield, hljómar reyndar á tímum hættulega líkt David Gray en í laginu Blue Would Still Be Blue heldur rödd Dangerfields laginu algjörlega uppi við lágt og minimalískt undirspil og sannar þar sönghæfileika sína. Þannig er með margt annað á plötunni, margt sem við fyrstu sýn er öðruvísi en það reynist vera. Platan er þannig aðgengileg en samt framsækin. Poppslagarnir Made Up Lovesong #43 og Annie, Let's Not Wait grípa hlustandann um leið og titillag plötunnar er án efa eitt af lögum ársins. Inn á milli má þó heyra tóna sem mér finnst að eigi ekki að vera þar en þeir eru sem betur fer fáir.

Guillemots eru ekki nýir Radiohead, Oasis eða Coldplay og hún er svo sannarlega ekki að finna upp hjólið en Guillemots tekst hins vegar að senda frá sér plötu þar sem heildarsvipurinn er frábrugðinn flestu öðru sem komið hefur frá Bretlandi á undanförnum misserum. Einfaldlega hin fínasta plata.

Steinþór Helgi Arnsteinsson

# Fyrirsætustríð í uppsiglingu

**Fyrirsætubransinn er með þeim allra hörðustu því daglega þurfa stúlkurnar að leggja ýmislegt á sig til að ná augum þeirra sem öllu ráða. Þegar fyrirsæturnar hafa komið ár sinni vel fyrir borð bíður þeirra frægð og frami þar sem tískuhönnuðirnir leggja sig í líma við að fá þær til sín. Enginn vill hins vegar verða á milli þegar slær í brýnu með fallegustu konum heims.**




**HVOR ER LÍKAMINN?** Heidi Klum og Elle Macpherson eru komnar í hár saman vegna starfstitilsins The Body en þær segjast báðar geta borið nafnið með stolti.

Nú eru tvær af frægustu og „bestu" fyrirsætum heims komnar í hár saman og ágreiningsefnið: Jú, hver þeirra er „Líkaminn". Fréttavefur Sky News er með fréttaúttekt á þeirri stöðu sem komin er upp. Hingað til hefur „Íslandsvinkonan" Elle Macpherson borið nafnið „The Body" eða „Líkaminn" vegna nánast fullkomins vaxtar. Macpherson hefur náð langt með þessa atvinnuheiti sínu síðastliðin tuttugu ár en nú virðist sem arftaki hennar sé fundinn, þýska ofurfyrirsætan Heidi Klum. Í auglýsingu fyrir nýjasta brjóstahaldara Victoria's Secret, The Body Bra, segir Heidi. „Ég er kölluð „Líkaminn" og nú er kominn með brjóstahaldari nefndan í höfuðið á mér."



**NÝJA HERFERÐIN** Mikið er gert út á nafnið The Body í auglýsingaherferð Victoria's Secret sem skartar sjálfri Heidi Klum.

Þessi setning hefur farið heldur betur fyrir brjóstið á undirfatalínu Elle Macpherson og talsmaður fyrirtækisins segir að þegar þau hafi séð umrædda auglýsingu hafi allir sopið hveljur. „Við erum með heilan helling af auglýsingum sem tengja Elle við nafnið „The Body"," sagði talsmaðurinn við fjölmiðla. „Tískutímarit og verslanir tengja Elle McPherson við nafnið The Body," bætti talsmaðurinn við.

Fulltrúi Victoria's Secret gaf hins vegar lítið fyrir ásakanir um stuld og sagði að Heidi hefði borið þetta starfsheiti í tíu ár í auglýsingum fyrirtækisins. „Það hafa alltaf verið til fyrirsætur sem hafa borið þennan titil og nægir þar að nefna Brigitte Bardot og Ursulu Andress og einhverjar fyrirsætur framtíðarinnar koma til með verða þessa heiðurs aðnjótandi."



**BRIGETTE BARDOT** Var oft nefnd The Body á árum áður. FRÉTTABLAÐIÐ / GETTY IMAGES

# Kevin stofnar plötuútgáfu

Kevin Federline, sem þekktastur er fyrir að vera eiginmaður söngkonunnar Britney Spears, hefur neyðst til að stofna eigið plötuútgáfufyrirtæki. Drengurinn þráir ekkert heitara en að vera rappari en eftir að öll stóru útgáfufyrirtækin höfnuðu tilraunalagi hans „PopoZao" ákvað hann að fara þá leið að gefa út nýjustu plötuna sína á eigin vegum. Útgáfufyrirtækið hefur fengið nafnið Federation Records og er í eigu Federlines og umboðsmanns hans, Dans Dymtrow.

Undirbúningur fyrir útgáfu nýju plötunnar er kominn á fulla ferð, en búist er við að hún komi út í október. Er Federline meðal annars búinn að taka upp myndband við lagið „Lose Control" sem hann kynnir á Teen Choice verðlaunanum í næstu viku.

Segja heimildarmenn sem þekkja til parsins að Kevin Federline sé sannfærður um að efni hans nái stórkostlegum vinsældum, enda sé hann staðráðinn í að verða vinsælli en eiginkonan.



**KEVIN FEDERLINE ÁSAMT FRÚNNI** Federline er farinn að rappa og þráir að verða frægari en eiginkonan, Britney Spears.




ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| MIAMI VICE | KL. 5-8-11 | B.I. 16 |
| MIAMI VICE VIP | KL. 2-5-8-11 | |
| PIRATES OF THE CARIBBEAN 2 | KL. 2-5-7-8-10-11 | B.I. 12 |
| THE LONG WEEKEND | KL. 6:15-8:15-10:30 | B.I. 14 |
| OVER THE HEDGE ísl. tal | KL. 2-3-4 | LEYFÐ |
| OVER THE HEDGE enskt. tal | KL. 11 | LEYFÐ |
| SUPERMAN RETURNS | KL. 2-5-8 | B.I. 10 |
| BÍLAR ísl. tal | KL. 1:45-4 | LEYFÐ |

SAMBÍÓIN SÍMI: 575-8900

KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| MIAMI VICE | KL. 5-8-10:45 | B.I. 16 |
| *PIRATES OF THE CARIBBEAN 2 | KL. 5-8-11 | B.I. 12 |
| THE LONG WEEKEND | KL. 8-10 | B.I. 14 |
| *OVER THE HEDGE ísl. tal | KL. 4 | LEYFÐ |
| *OVER THE HEDGE enskt. tal | KL. 6 | LEYFÐ |

*SÝNDAR Í STAFRÆNNI ÚTGÁFU. MYND OG HLJÓÐ

www.sambioin.is

KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| MIAMI VICE | KL. 7-10 | B.I. 16 |
| PIRATES OF THE CARIBBEAN 2 | KL. 7-10 | B.I. 12 |

AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| PIRATES OF THE CARIBBEAN 2 | KL. 6-9 | B.I. 12 |
| OVER THE HEDGE ísl. tal | KL. 6 | LEYFÐ |
| THE LONG WEEKEND | KL. 8-10 | B.I. 14 |

| | | |
|---|---|---|
| PIRATES OF THE CARIBBEAN 2 | KL. 6-9-9:30-10:30 | B.I. 12 |
| HALF LIGHT | KL. 5:30-8-10:30 | B.I. 16 |
| SUPERMAN RETURNS | KL. 5:30-8:30 | B.I. 10 |
| THE BREAK UP | KL. 5:30-8 | LEYFÐ |

HÁSKÓLABÍÓ S: 530-1919




**HUDSON OG ROBINSON** Eru skilin eftir sex ára hjónaband en Robinson er tólf árum eldri en Hudson.

# Hudson skilin

Leikkonan Kate Hudson og rokkarinn Chris Robinson er skilin samkvæmt talsmanni leikkonunnar, Brad Cafarelli. Hudson og Robinson giftust á gamlárskvöld árið 2000 og eiga saman tveggja ára gamlan son, Ryder Russell. Kate Hudson er dóttir leikkonunnar Goldie Hawn og fósturdóttir leikarans Kurt Russell en Robinson er söngvari Black Crowes. Hudson var tilnefnd til Óskarsverðlauna fyrir leik sinn í kvikmyndinni Almoust Famous og leikur á móti þeim Owen Wilson og Matt Dillon í You, Me and Dupree.

Hudson vann í síðasta mánuði mál sem hún höfðaði gegn National Enquirer sem höfðu birt fréttir þess efnis að hún ætti í erfiðleikum með að halda niðri mat. Birtu þeir myndir af leikkonunni og sögðu að hún væri „hrikalega grönn“ auk þess sem haft var eftir móður hennar að hún ætti að borða eitthvað. Þetta reyndist allt byggt á sandi, blaðið baðst afsökunar og greiddi Hudson bætur.

# Þekkja Potter betur en Blair

Bandaríkjamenn þekkja betur til heimkynna Ofurmennisins en eigin sólkerfis og fleiri vita hver Harry Potter er en Tony Blair. Þetta kemur fram í könnun Zogby International sem framkvæmd var á netinu.

Rúmlega helmingur þeirra sem tóku þátt vissi hver töfrastrákur J.K.K. Rowling var en aðeins færri höfðu hugmynd um hver forsætisráðherra Breta væri sem stutt hefur dyggilega við stríðsrekstur Bandaríkjanna í Írak. „Niðurstöðurnar sýna ekki hversu heimskir Bandaríkjamenn eru,“ sagði Robert Thompson, prófessor við sjónvarps- og afþreyingarmiðstöðina í New York. „Þetta sýnir eingöngu hversu áhrifamikil poppmenningin er og hversu vel henni er dreift,“ útskýrði hann.

Fleiri skemmtilegar niðurstöður komu í ljós í þessari könnun því sex af hverjum tíu vissu hvað sonur Hómers Simpson hét en færri gátu nefnt aðra Hómerskviðuna. Rúmlega sextíu prósent vissu að Ofurmennið er frá Krypton en aðeins einn af hverjum sjö vissi að Merkúr væri sú pláneta sem væri næst sólu. Þá áttu þátttakendur ekki í erfiðleikum með að segja hverjir væru The Three Stooges en aðeins fjörutíu prósent vissu hverjar væru þrjár megin-stoðir stjórnkerfisins í bandaríski stjórnsýslu. Könnunin var haldin í tilefni af opnun netleiksins Gold Rush sem AOL stendur fyrir.



**OFURMENNIÐ** Sextíu prósent þeirra sem tóku þátt í könnunni vissu að Ofurmennið væri frá Krypton. Færri vissu hins vegar að Merkúr væri sú pláneta sem væri næst sólu.



**HARRY POTTER** Fleiri vita hver hann er en breski forsætisráðherrann Tony Blair.

# Prinsinn grípur í brjóst

Harry prins er að öllum líkindum búin að koma sér í mikil vandræði en þessi yngri sonur Díönu og Karls Bretaprins hefur oft komið sér á forsíður slúðurblaðanna fyrir misgáfulegt athæfi.

Götublaðið The Sun birti í gær mynd af því þegar Harry grípur um brjóst ungrar stúlku á næturklúbbi í London. Harry er sem kunnugt er í tygjum við þokkadísina Chelsy Davy en lét það ekki aftra sér frá því að þukla aðeins á brjóstum hinnar 21 árs gömlu Natalie Pinkham. Samkvæmt sjónarvottum lét Harry stúlkuna varla í friði á næturklúbbnum og gerði hosur sínar grænar fyrir ungfrúnni. „Hann kyssti andlit hennar og á einhverjum tímapunkti tók hann utan um Natalie og greip um brjóstið á henni,“ sagði einn sjónarvotta. „Henni virtist aðeins bregða en kippti sér annars lítið upp við þessa tilburði prinsins“ bætti sjónarvotturinn við.

Harry komst einnig á forsíður blaðanna þegar hann birtist í nasistabúningi á grímudansleik en athæfið olli mikilli reiði á Bretlandi. Líklegt verður þó að teljast að þessi forsíða The Sun muni eingöngu valda uppþoti á vígstöðvunum heimafyrir.



**HARRY PRINS** Hefur komið sér í vandræði heimafyrir eftir að hafa gripið um brjóst ungrar stúlku á næturklúbbi í London.

# Michael Douglas var aldrei kynlífsfíkill

Michael Douglas hefur endanlega upplýst hver sé sagan á bak við einhverja þekktustu slúðurfrétt síðari tíma þegar blöðin kepptust um að segja frá kynlífsfíkn leikarans. Þetta var sem sagt allt tilbúningur sem var eingöngu notaður til að selja blöðin. Douglas sagði í viðtali fyrir skömmu að hann hefði farið í meðferð við áfengi en það hefði fjölmiðlum þótt of leiðinleg frétt. „Tímarnir breytast og kynlíf selur. Árið 1990 fór ég í meðferð vegna þess að ég drakk of mikið. Þá hefur einhver snillingur á ritstjórn slúðurblaðs sagt að þetta væri leiðinleg frétt, enn einn leikarinn á leið í meðferð, látum hann kljást við kynlífsfíkn,“ sagði Douglas sem lék meðal annars í Basic Instinct en talið hefur verið að sagan sé komin til vegna opinskárra ástaratriða í þeirri mynd.

Douglas lýsti því síðan yfir á dögunum að hann hyggðist aldrei aftur leysa niður um sig brækurnar í kvikmynd. Hann væri einfaldlega orðinn of gamall fyrir svoleiðis vitleysu.



**MICHAEL DOUGLAS** Hefur loksins upplýst að meðferðin sem hann fór í fyrir tæpum 20 árum var ekki fyrir kynlífi heldur áfengi.
FRÉTTABLAÐIÐ / GETTY IMAGES.





Sýnt í Landnámssetri í Borgarnesi

| | | | |
|---|---|---|---|
| Laugardag | 19. ágúst | kl. 20 | Örfá sæti laus |
| Sunnudag | 20. ágúst | kl. 15 | Uppselt |
| Sunnudag | 20. ágúst | kl. 20 | Uppselt |
| Föstudag | 25. ágúst | kl. 20 | Uppselt |
| Laugardag | 26. ágúst | kl. 20 | Laus sæti |
| Laugardag | 2. september | kl. 20 | Uppselt |
| Sunnudag | 3. september | kl. 15 | |
| Sunnudag | 3. september | kl. 20 | |
| Fimmtudag | 7. september | kl. 20 | |
| Föstudag | 8. september | kl. 20 | |
| Laugardag | 9. september | kl. 20 | |
| Sunnudagur | 10. september | kl. 16 | |
| Föstudagur | 15. september | kl. 20 | |
| Laugardagur | 16. september | kl. 20 | |

**LEIKHÚSTILBOÐ**
Tvíréttaður matur, miði og frítt í Göngin til baka í boði Landnámsseturs
Frá kr. 4000 - 4800
MIDAPANTANIR Í SÍMA 437 1600



## Tap fyrir Lettum

Íslenska drengjalandsliðið í körfubolta tapaði í gær fyrir Lettum í A-deild Evrópumótsins í körfubolta sem fer fram á Spáni. Niðurstaðan 94-56 sigur Letta en stigahæstur íslenska liðsins var Örn Sigurðarson með 14 stig en hann tók einnig flest fráköst, 7 talsins. Í dag mætir liðið Slóvenum.

sport

sport@frettabladid.is

U21 LANDSLIÐ ÍSLANDS: ÞRÍR LEIKMENN LENTU Í HRAKFÖRUM Á FERÐ SINNI TIL AUSTURRÍKIS

# Fótboltaskórnir týndust á ferðalaginu

U21 landslið karla er nú í Austurríki en það mætir heimamönnum í forkeppni Evrópumótsins í dag. Ferðin gekk þó ekki eins og best verður á kosið fyrir þá Theodór Elmar Bjarnason, Hjálmar Þórarinsson og Rúrik Gíslason sem flugu til Austurríkis frá Lundúnum. „Þeir flugu til móts við okkur frá Heathrow í London. Þeir fóru einhverjar krókaleiðir, flugu fyrst til Þýskalands og svo Sviss, og farangurinn þeirra týndist á leiðinni. Í þeim farangri voru meðal annars fótboltaskórnir þeirra,“ sagði Lúkas Kostic, þjálfari liðsins.

„Svo náðum við engu sambandi við þá því þeir fengu ekki að taka símann sinn með í handfarangur út af nýjum öryggisreglum. Við náðum síðan loksins sambandi við Rúrik en hann náði einhvernveginn að taka símann sinn með í flugið öfugt við hina tvo,“ sagði Lúkas. Strákarnir fengu síðan lánaða skó frá öðrum í hópnum til að geta tekið þátt í æfingu í gærmorgun. Þegar kom að því að kaupa nýja skó uppgötvuðu þeir hins vegar að það var frídagur í Austurríki í gær og nánast allar búðir lokaðar.

„Fyrir algjöra tilviljun átti hótelstjórinn vin sem rekur íþróttavöruverslun og hann fékk hann til að opna búðina sérstaklega svo að strákarnir gætu keypt sér skó. Þannig að sem betur fer er allt komið í lag núna,“ sagði Lúkas Kostic sem er ánægður með aðstæðurnar ytra. „Völlurinn er alveg frábær, er í toppstandi. Arsenal kemur árlega á þennan völl á undirbúningstímabilinu og það kemur mér ekki á óvart eftir að við fengum að æfa á honum.“

Lúkas segir að austurríska liðið sé mikið baráttulið en auk þeirra eru Íslendingar með stórliði Ítalíu í riðli. Eitt af liðunum þremur kemst áfram en aðeins er leikin einföld umferð.

Strákarnir okkar mæta Austurríki ytra klukkan fimm í dag og svo mæta þeir ítalska liðinu á Laugardalsvelli föstudaginn 1. september. „Við stefnum á sigur gegn Austurríki og það er mikilvægast að við náum að byrja leikinn vel. Þá erum við til alls líklegir,“ sagði Lúkas Kostic.



## > Ragnar Snær til HK

Handknattleiksmaðurinn Ragnar Snær Njálsson hefur skrifað undir tveggja ára samning við HK en hann er uppalinn í herbúðum KA. Hann hefur í gegnum tíðina verið í unglingalandsliðum Íslands og spilað þar aðallega vörn. Ragnar skoraði 62 mörk í 23 deildarleikjum fyrir KA í fyrra en stærsta ástæðan fyrir því að hann spilar ekki á Akureyri á komandi tímabili er sú að hann er að fara í nám fyrir sunnan. Eins og kunnugt er hefur KA sameinast Þór og spilar hið nýja lið undir nafninu



**ÁSTHILDUR HELGADÓTTIR** Verður sennilega með íslenska landsliðinu um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ

Ásthildur Helgadóttir:

## Fékk olnbogaskot í andlitið

**FÓTBOLTI** Ásthildur Helgadóttir knattspyrnukona meiddist í leik með Malmö gegn Sunnenå í sænsku úrvalsdeildinni um helgina og þurfti að fara af velli eftir að hafa fengið fast olnbogaskot í andlitið. Meiðsli hennar eru þó ekki jafn slæm og óttast var í fyrstu og sagði þjálfari hennar í gær að hún gæti byrjað æfingar aftur fljótlega.

„Ásta fékk enga beináverka og getur byrjað að æfa á nýjan leik þegar höfuðverkurinn minnkar og bólgan hjaðnar,“ sagði Jörgan Petersson hjá Sydsvenskan. Allar líkur eru því á að Ásthildur geti verið með íslenska landsliðinu sem mætir því tékkneska um helgina. - esá

Æfing enska landsliðsins:

## Dean Ashton ökklabrotinn

**FÓTBOLTI** Dean Ashton ökklabrotnaði á æfingu með enska landsliðinu í gær. Þetta er gríðarlegt áfall fyrir úrvalsdeildarliðið West Ham en reiknað var með að hann yrði í byrjunarliði Englands í æfingaleik gegn Grikklandi í kvöld. Það hefði verið hans fyrsti landsleikur en Ashton stóð sig vel á síðasta tímabili. - egm

Gianluigi Buffon:

## Verður áfram hjá Juventus

**FÓTBOLTI** Gianluigi Buffon, markvörður heimsmeistaraliðs Ítala, staðfesti í gær að hann yrði áfram í herbúðum Juventus þrátt fyrir að liðið hafi verið dæmt niður í Seríu B á dögunum. Buffon sagði að hann hefði getað farið til Arsenal, Inter eða AC Milan. „Helst vildi ég fara til Milan en ákvað frekar að endurgreiða Juventus öll mín góðu ár hjá félaginu. Án þess hefði ég ekki orðið heimsmeistari,“ sagði Buffon. - esá

# Þetta starf á vel við mig

**Friðrik Ingi Rúnarsson var í gær ráðinn framkvæmdarstjóri KKÍ. Hann er hættur sem þjálfari Grindavíkur en nafni hans Ragnarsson tekur við því starfi.**



**FRIÐRIK INGI RÚNARSSON** Segir að sameina þurfi krafta þeirra sem vinna í kringum körfuboltann. FRÉTTABLAÐIÐ

**KÖRFUBOLTI** „Ég hef nánast helgað mínu lífi körfubolta og því á þetta starf vel við mig,“ sagði Friðrik Ingi Rúnarsson sem tók í gær við starfi framkvæmdarstjóra Körfuknattleikssambands Íslands. Hann er því hættur sem þjálfari úrvalsdeildarliðs Grindavíkur en Friðrik Ragnarsson, fyrrverandi leikmaður og þjálfari Njarðvíkur, mun taka við því starfi.

„Í þessu starfi ætla ég að leggja áherslu á að sameina krafta þeirra sem koma að hreyfingunni. Mér hefur fundist hver vera að vinna í sínu horni. Það er fullt af góðu fólki sem er út um allt að vinna fína vinnu og með sameiginlegu átaki er hægt að hefja veg þessarar tignarlegu íþróttar enn hærra. Körfubolti er ein stærsta, skemmtilegasta og vinsælasta íþrótt heimsins,“ sagði Friðrik Ingi.

Hann segir það í höndum KKÍ að sjá til þess að umfjöllun um körfubolta verði meiri. „Þetta er margþætt starf sem ég er búinn að taka að mér og margt sem ég þarf að stússast í. Það var samt vissulega erfið ákvörðun að segja skilið við þjálfarastarfið og ég hafði gaman að síðasta vetri. Ég var alls ekki kominn með leið á þjálfun en ákvað að breyta til eftir að hafa hugsað málið ítarlega og margir þættir sem þar komu að.“

Friðrik Ingi segist mjög þakklátur stjórninni hjá Grindavík og hvernig þeir tóku á þessum málum. „Þeir skildu mína afstöðu og studdu mína ákvörðun. Ég held að Grindvíkingar verði ekkert sviknir af eftirmanni mínum. Hann hefur spilað og þjálfað til margra ára og Grindavík verður í góðum málum hjá nafna mínum,“ sagði Friðrik en hann tekur við framkvæmdarstjórastöðu KKÍ af Hannesi Birgi Hjálmarssyni.

Hannes S. Jónsson, formaður KKÍ, sagði við Fréttablaðið í gær að miklar vonir væru bundnar við ráðningu Friðriks. „Við þekkjum hann vel og vitum að hvert sem hann kemur þar gerast hlutirnir og það er gaman að vera í kringum hann. Við erum að vinna í umhverfi núna þar sem skemmtileg verkefni eru framundan. Stefnan er að halda áfram að gera það sem við höfum verið að gera gott í körfunni. Friðrik Ingi á pottþétt eftir að aðstoða okkur við það enda hefur hann rosalega mikla þekkingu og veit einnig hvernig reka á fyrirtæki,“ sagði Hannes Jónsson. elvargeir@frettabladid.



**MICHAEL BALLACK** Gengur meiddur af velli gegn Liverpool um helgina. NORDIC PHOTOS/GETTY

Michael Ballack:

## Vill spila um helgina

**FÓTBOLTI** Michael Ballack sagði á heimasíðu Chelsea í gær að hann vonaðist til að vera orðinn klár fyrir opnunarleik Chelsea í ensku úrvalsdeildinni um helgina þegar liðið mætir Manchester City á sunnudag. Hann þurfti að fara meiddur af velli gegn Liverpool um síðustu helgi eftir aðeins 26 mínútna leik.

„Ég er með slæmt mar á mjööm og er nokkuð bólginn. Ég verð að bíða og sjá til í nokkra daga en vonandi hefur þetta jafnað sig fyrir sunnudag,“ sagði Ballack. Hann missir af vináttulandsleik Þýskalands og Svíþjóðar á morgun. - esá



**REYES** Er hér í leik gegn Real Madrid. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Mál Jose Antonio Reyes:

## Færist enn nær Real Madrid

**FÓTBOLTI** Allt bendir til þess að spænski landsliðsmaðurinn Jose Antonio Reyes hjá Arsenal sé á leið til spænska stórliðsins Real Madrid. Reyes þakkaði Arsene Wenger, knattspyrnustjóra Arsenal, fyrir gera sér leiðina aftur til Spánar greiðari, „Draumur minn færist æ nær. Wenger hefur sýnt mér skilning og hefur brugðist við eins og sannur herramaður,“ sagði Reyes.

Leikmaðurinn er nú staddur hér á landi þar sem hann lék með spænska landsliðinu gegn því íslenska í gær. Hann segist aldrei hafa náð að aðlagast lífinu á Englandi en hann kom ekkert við sögu í Evrópuleik Arsenal í Zagreb og ýtti það stoðum undir þær sögusagnir að hann væri á förum. - egm

Eiður Smári Guðjohnsen um fjarveru sína frá landsleiknum gegn Spáni:

# Hefði eytt 30 klukkustundum í flugvél

**FÓTBOLTI** Eiður Smári Guðjohnsen, landsliðsfyrirliði og leikmaður Barcelona, var ekki með Íslandi gegn Spáni í gærkvöldi en fjarvera hans var tilkynnt daginn fyrir leik. Eyjólfur Sverrisson landsliðsþjálfari sagði á blaðamannafundi sama dag að Eiði hefði liðið illa um morguninn og því var ákveðið í samráði við þjálfara og lækni landsliðsins að gefa honum frí.

„Þessi ákvörðun var tekin af skynsemi en ekki út frá hjartanu,“ sagði Eiður Smári í fréttatilkynningu sem Eggert Skúlason, fjölmiðlafulltrúi hans, kom áleiðis. „Mig langaði að koma en hlustaði á lækna og aðra sem hafa með þessa ákvörðun að gera. Ákvörðunin var tekin af síðustu stundu. Það liggur fyrir að ég hefði eytt



**EIÐUR SMÁRI** Fagnar hér marki sem hann lagði upp fyrir Lionel Messi í Bandaríkjunum um helgina. NORDIC PHOTOS/GETTY

30 klukkustundum í flugvélum á þremur dögum og menn geta spurt sig hvað ég hefði verið til mikils gagns fyrir landsliðið eða Barcelona eftir slíka törn. Það er hins vegar alltaf heiður að spila fyrir íslenska landsliðið og hlakka ég til að koma heim og spila næsta leik sem verður gegn Dönum. Þar stefnum við á þrjú stig.“

Fréttablaðið fór þess á leit við Eggert að fá símaviðtal við Eið Smára en þess í stað hann gaf frá sér áðurnefnda fréttatilkynningu.

Eiður kom til Barcelona á sunnudagskvöldið eftir æfingaferð liðsins til Mið- og Suður-Ameríku en þrír félagar hans í Barcelona voru valdir í spænska landsliðið. Tveir þeirra, Xavi Heranandez og Carles Puyol, forfölluðust á mánudag eftir að hafa hitt lækni spænska landsliðsins í Madríd en sá þriðji, Andrés Iniesta, var með í förinni til Íslands. Annars gat Luis Aragones landsliðsþjálfari stillt upp sínu besta liði í gær. - esá

„Pabbi er mín fyrirmynd!“
Foreldrar eru bestir í forvörnum
Reykjavíkurborg
Velferðarsvið
LISTAGÓÐ MENNINGARNÓTT 19. ÁGÚST 2006

# Slappaðu af...

## Mikið úrval af RELAX sófasettum

*Fáanlegt í Hagkaupum Smáralind og á Akureyri*



**Leðurhornsófi** 1+2+1 M75



**Leðursófasett** 3+2+1 8065



**Leðursófasett** 3+2+1 8052



**Leðursófasett** 3+2+1 7251



**Bycast sófasett** 3+1+1 Nice



**Leðursófasett** 3+1+1 3217



**Púðahornsófi** 2+h+2 Paris



**Leðursófasett** 3+1+1 Silví



**Leðursófasett** 3+1+1 Dany



**Leðursófasett** 3+1+1 B128

Gildir á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

# Sanngjarnt jafntefli gegn Spáni

**Íslenska landsliðið í knattspyrnu bauð upp á fínan varnarleik en takmarkaðan sóknarleik gegn stórliði Spánar á fullum Laugardalsvelli í gær. Niðurstaðan var sanngjarnt jafntefli.**

**FÓTBOLTI** Eyjólfur Gjafar Sverrisson stillti upp í leikkerfinu 4-4-2. Heiðar og Gunnar Heiðar í fremstu víglínu en Kári og Hannes á köntunum á meðan Arnar og Jóhannes Karl voru í baráttunni inni á miðjunni miðri. Spánverjar stilltu upp þremur mönnum í fremstu víglínu, Villa, Torres og Luis Garcia, á meðan Raúl var fyrir aftan í frekar frjálsri stöðu. Fyrir aftan hann voru Fabregas og Albelda frekar djúpir.

Leikurinn fór frekar rólega af stað en eftir um tíu mínútna leik opnaðist leikurinn nokkuð og það voru Íslendingar sem þjörmuðu í tvígang að marki Spánverja. Fyrst var Hermann með fínan skalla og síðan Jóhannes Karl með glæsilegt skot af um 60 metra færi en Reina mátti hafa sig allan við að verja skotið.

Luis Garcia slapp einn í gegn þremur mínútum síðar en Árni Gautur bjargaði með góðu úthlaupi. Árni bjargaði aftur vel eftir um hálftíma leik þegar Spánverjar fengu aukaspyrnu á hættulegum stað.

Síðustu tíu mínútur fyrri hálfleiks voru frekar tíðindalitlar en Ísland réð ferðinni í leiknum en spænsku leikmennirnir virtust hálfáhugalausir um verkefnið. Þeir voru staðir, spiluðu hægt og örugg vörn Íslands lenti aldrei í vandræðum í hálfleiknum. Jóhannes Karl var langbesti maður fyrri hálfleiksins og synd að hann skuli hafa yfirgefið völlinn í leikhléi.

Fyrir vikið missti Ísland algjörlega völdin á miðsvæðinu en að sama skapi kom mikið meira líf í sóknarleik spænska liðsins með innkomu Reyes en hann kom með hraða í sóknarleik þeirra sem sárlega vantaði í fyrri hálfleik.

Þótt Spánverjar hafi stýrt umferðinni þá gekk þeim illa að opna íslensku vörnina sem stóð vaktina vel en allt púður var úr sóknarleik íslenska liðsins sem komst vart fram fyrir miðju vallarins. Ástandið batnaði aðeins þegar Veigar Páll leysti Heiðar af hólmi en Veigar og Gunnar Heiðar vantaði sárlega stuðning frá miðjumönnum liðsins.

Spánverjar misstu móðinn eftir því sem leið á hálfleikinn og sanngjarnt markalaust jafntefli því niðurstaðan. Spánverjar eflaust svekktir með það en þeir virtust aldrei hafa verulegan áhuga á að klára leikinn af fullum krafti.

Frammistaða íslenska liðsins lofar nokkuð góðu um framhaldið. Vörnin hefur ekki litið svona vel út lengi og með hana í lagi er von á stigi í næstu leikjum. Jóhannes Karl virkar í fantaformi sem og Gunnar Heiðar. Sóknin mun eðlilega batna mikið með tilkomu Eiðs Smára og þá er liðið vonandi klárt í slaginn og fátt sem bendir til annars miðað við þennan leik að hagstæð úrslit eigi að geta náðst í Belfast.

**henry@frettabladid.is**



**GUNNAR HEIÐAR ÖFLUGUR** Sergio Ramos á hér fullt í fangi með að halda aftur af Gunnari Heiðari Þorvaldssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**FYRIRLIÐINN** Hermann Hreiðarsson stóð vaktina vel í íslensku vörninni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**Í STRANGRI GÆSLU** David Villa er hér umkringdur þeim Hermanni Hreiðarssyni, Ólafi Inga Skúlasyni og Grétari Rafni Steinssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## ÍSLENSKA LIÐIÐ

**ÁRNI GAUTUR ARASON 7**
Hélt hreinu, varði nokkrum sinnum mjög vel og í raun yfir litlu að kvarta um hans frammistöðu.

**GRÉTAR RAFN STEINSSON 7**
Stóð vel vaktina í vörninni, gaf aldrei tommu eftir en hefði mátt láta meira til sín taka framar á vellinum.

**ÍVAR INGIMARSSON 8**
Öryggið uppmálað og virðist búa yfir miklu sjálfstrausti. Steig vart feilspor, fann sig vel með Hermanni sem er ánægjulegt og vonandi ná þeir áfram vel saman.

**HERMANN HREIÐARSSON 8**
Stýrði vörninni með sóma og myndaði öflugt teymi með Ívari. Steig ekki feilspor frekar en Ívar og báðu skiluðu þeir boltanum skynsamlega af sér.

**INDRIÐI SIGURÐSSON 7**
Yfirvegaður, rólegur og öruggur. Tefldi ekki á tvær hættur og stóð varnarvaktina vel. Hefði mátt fara oftar framar á völlinn rétt eins og Grétar.

**KÁRI ÁRNASON 7**
Skilaði sínu ágætlega en hefði mátt sækja framar. Átti fáar hættulegar sendingar en þekkir vel sín takmörk og þar liggur að miklu leyti hans styrkleiki.

**JÓHANNES KARL GUÐJÓNSSON 8**
Lék með fyrstu 45 mínúturnar og var besti maður vallarins á þeim tíma. Dreifði spilinu vel og hélt Reina við efnið með frábærum skottilraunum.
(46. Ólafur Ingi Skúlason 4)
Náði engum takti við leikinn og var alltaf að elta.

**ARNAR ÞÓR VIÐARSSON 4**
Var með viljann að vopni, lagði sig allan fram en var oftar en ekki skrefi á eftir og virkaði oft á tíðum númeri of lítill.
(85. Sigurvin Ólafsson)

**HANNES Þ. SIGURÐSSON 7**
Gríðarlega duglegur, vann vel fram og til baka. Tapaði fáum einvígjum og átti nokkrar ágætar sendingar í fyrri hálfleiknum. Fín frammistaða og viðhorfið til fyrirmyndar.
(79. Hjálmar Jónsson)

**HEIÐAR HELGUSON 3**
Enn á ný kom ekkert út úr Heiðari. Hann var ekkert í boltanum og vann engin einvígi. Það fer að verða erfitt að réttlæta sæti hans í byrjunarliði Íslands.
(60. Veigar Páll Gunnarrson 6)
Átti fína spretti, hristi upp í sóknarleiknum og hefði mátt koma fyrr af bekknum.

**GUNNAR HEIÐAR ÞORVALDSSON 8**
Átti mjög fínan leik. Sótti boltann, hélt honum og skilaði honum oftar en ekki mjög vel af sér. Átti fínar stungusendingar en hafði úr engum færum að moða.




Hefurðu fengið orlofsuppbótina greidda?
Þeir sem fá greidd laun skv. kjarasamningi VR og SA eiga rétt á orlofsuppbót að upphæð 16.900 kr. miðað við fullt starf, annars miðað við starfstíma og starfshlutfall á orlofsárinu.
Orlofsuppbótina á að greiða við upphaf orlofstöku og í síðasta lagi 15. ágúst.
Nánar á www.vr.is
Gleðilegt sumar!
VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | S. 510 1700 | F. 510 1717 | WWW.VR.IS
Virðing Réttlæti VR



„Mamma er mín fyrirmynd!“
Foreldrar eru bestir í forvörnum
Barnavernd Reykjavíkur
LISTAGÓÐ MENNINGARNÓTT 19. ÁGÚST 2006





















## ÚR BÍÓHEIMUM

Hver mælti og í hvaða kvikmynd?

**„Go ahead. Jump. He never loved you, so why go on living? Jump and it will all be over.“**

Svar: Mrs. Danvers úr Rebecca frá 1940.

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ: FREYR GÍGJA GUNNARSSON KEMUR SÉR VEL FYRIR Í ÖRMUM SKRÍMSLIS**

# *Verndaður fyrir kvörtunum á laugardögum*

Á laugardaginn vaknar til lífsins skrímsli sem flestar ef ekki allar konur eru hræddar við. Óvættur sem getur lagt heimili undir sig og gefur ekkert eftir fyrr en sólin fer aftur að hækka á lofti. Þá skríður það aftur í fylgsni sitt og gefur stjórnanda heimilisins lausan tauminn.

Þessi „heimilisvinur“ breytir reyndar um lit eftir því hvaða heimili er hertekið og sumir hverjir hatast sín á milli. Þess vegna skyldi engum ókunnugum bregða þótt allt lauslegt væri bundið niður til að koma í veg fyrir óeirðir í hverfum borgarinnar.

Skrímslið hefur þann háttinn á að bjóða öllum þeim sem vilja vera vinir þess upp á alls kyns góðgæti sem yfirleitt er á bannlista alla hina þrjá mánuðina. Bjór, skyndibitamatur og ferðir á ölstofur borgarinnar verða tíðar og oft leggja menn upp í alls kyns svaðilfarir til þess eins að geta þóknast skrímslinu. Fara jafnvel til útlanda með VISA kortið að vopni.

Skrímslið verndar þá sem flatmaga fyrir framan stóra flatskjáinn fyrir alls kyns kvörtunum; ekki sé búið að ryksuga, vaska upp eða fara út með börnin og hundinn. Sá sem dirfist að reyna að slökkva á lífsviðurværi þessa ófrýnilega heimilisvinar getur átt von á róttækum mótmælaaðgerðum og jafnvel öskrum.

Sjálfur ætla ég að koma mér í mjúkinn hjá mjög góðu, rauðu skrímsli sem verndar mig frá öllum heimilisverkum á laugardögum. Því miður veitir það mér enga vernd alla aðra daga.






▶ **20.05** *Veruleiki*

PROJECT RUNWAY



▶ **19.40** *Gaman*

THE SIMPSONS



▶ **21.30** *Spenna*

GHOST WHISPERER



▶ **21.30** *Raunveruleiki*

ROCK STAR: SUPERNOVA



▶ **19.00** *Dægurmál*

ÍSLAND Í DAG

## SJÓNVARPIÐ

**16.35** Íslandsmótið í vélhjólaakstri (3:4) **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Disneystundin **18.01** Stjáni **18.25** Sígildar teiknimyndir (25:30)

**18.32 Líló og Stitch (44:49)**
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
▶ **20.05 Tískuþrautir (13:13)** (Project Runway II) Lokaþáttur í þessari þáttaröð um unga fatahönnuði sem keppa sín á milli.
**20.55 Kokkar á ferð og flugi (1:8)** (Surfing the Menu II) Áströlsk matreiðslu- og ferðaþáttaröð þar sem tveir ungir kokkar, Ben O'Donoghue og Curtis Stone, flakka á milli fallegra staða í Suðurálfu og töfra fram ljúffenga rétti úr hráefninu á hverjum stað.
**21.25 Litla-Bretland (1:8)** (Little Britain I) Bresk gamanþáttaröð . e.
**22.00 Tíufréttir**
**22.20 Íþróttakvöld**
**22.35 Mótorsport**

**23.05** Vesturálman (16:22) **23.50** Kóngur um stund (10:12) **0.20** Kastljós **0.50** Dagskrárlok

## STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Oprah Winfrey **10.20** My Sweet Fat Valentina **11.10** Strong Medicine (20:22)

**12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi 2005 **13.05** Home Improvement **13.30** How I Met Your Mother **14.05** Medium **14.50** Las Vegas **15.35** Blue Collar TV **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.40** Bold and the Beautiful **18.05** Neighbours

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
▶ **19.40 The Simpsons (10:22)** (Simpson-fjölskyldan)
**20.05 Neyðarfóstrurnar (4:16)** (McCrays Family)
**20.50 Oprah (86:145)** (Advice From Dr. Robin, Bob Greene And Dr. Oz)
**21.35 Medium (21:22)** (Miðillinn) Þegar Alison er í miðju kafi við að rannsaka dauða læknis þá fer henni skyndilega að birtast maður sem segist vera „dauðinn“ sjálfur. 2005. Bönnuð börnum.
**22.20 Strong Medicine (21:22)** (Samkvæmt læknisráði)

**23.05** Footballers' Wives (B. börnum) **23.55** Cold Case (B. börnum) **0.40** Autopsy (e) (B. börnum) **1.30** I Spy (B. börnum) **3.05** Las Vegas **3.50** Medium (B. börnum) **4.30** Strong Medicine

## SIRKUS TV

**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Ísland í dag**
**19.30 Pípóla (5:8) (e)**
**20.00 Seinfeld (17:22)** (The Wife)
**20.30 Sirkus RVK**
**21.00 Stacked (10:13)** (Third Date)
▶ **21.30 Ghost Whisperer (5:22)** Melinda Gordon er ekki eins og flestir aðrir en hún hefur þá einstöku hæfileika að ná sambandi við þá látnu. Aðalhlutverk: Jennifer Love Hewitt.
**22.20 Jake in Progress (13:13)**
**22.45 Rescue Me (10:13)** (Brains) Frábærir þættir um hóp slökkviliðsmanna í New York borg þar sem alltaf eitthvað er í gangi.

**23.35** Seinfeld (17:22)

## SKJÁREINN

**7.00** 6 til sjö (e) **8.00** Dr. Phil (e)

**15.40** All About the Andersons (e) **16.15** Brúðkaupsþátturinn Já (e) **17.15** Dr. Phil **18.00** 6 til sjö

**19.00 Beverly Hills 90210**
**19.45 Beautiful People**
**20.30 Emily's Reason Why Not!**
▶ **21.30 Rock Star: Supernova – raunveruleikaþátturinn** Íslendingur er nú með í fyrsta sinn í einum vinsælasta þætti í heimi sem í ár er kenndur við hljómsveitina Supernova. Hver verður söngvari Supernova með þungarokkurunum Tommy Lee úr Motley Crüe, Jason Newstead úr Metallica og Gilby Clarke úr GunsN´Roses?
**22.00 Rock Star: Supernova – tónleikarnir**

**23.00** The L Word **0.00** Rock Star: Supernova – úrslit vikunnar **1.00** Love Monkey (e) **1.45** Beverly Hills 90210 (e) **2.30** Óstöðvandi tónlist

## NFS

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin **11.40** Brot úr dagskrá

**12.00** Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþróttafréttir/Veðurfréttir/Leiðarar dagblaða/Hádegið, fréttaviðtal. **13.00** Sportið **14.00** Fréttavaktin **17.00** 5fréttir **18.00** Íþróttir og veður

**18.30 Kvöldfréttir**
▶ **19.00 Ísland í dag**
**19.40 Hrafnaþing** Ingva Hrafns Jónssonar gerir upp fréttir dagsins á tæpitungulausan hátt.
**20.10 Brot úr fréttavakt**
**21.00 Fréttir**
**21.10 Panorama 2006** (Stockwell)
**22.00 Fréttir** Fréttir og veður
**22.30 Hrafnaþing** Ingva Hrafns Jónssonar gerir upp fréttir dagsins á tæpitungulausan hátt.

**23.10** Kvöldfréttir **0.10** Fréttavaktin **3.10** Fréttavaktin **6.10** Hrafnaþing

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Lóa og leyndarmálið (e) **8.00** Maid in Manhattan **10.00** Bride & Prejudice **12.00** Head of State **14.00** Lóa og leyndarmálið (e) **16.00** Maid in Manhattan **18.00** Bride & Prejudice **20.00 Head of State** (Þjóðhöfðinginn) Vika er langur tími í pólitík eins og sannast eftirminnilega í þessari frábæru gamanmynd. Aðalhlutverk: Chris Rock, Bernie Mac, Dylan Baker, Robin Givens. Leikstjóri: Chris Rock. 2003. Leyfð öllum aldurshópum. **22.00 Barbershop** (Rakarastofan) Gamanmynd um lífið á rakarastofu í suðurhluta Chicago. Aðalhlutverk: Ice Cube, Anthony Anderson, Cedric the Entertainer. Leikstjóri: Tim Story. 2002. Bönnuð börnum. **0.00** Dagon (Stranglega bönnuð börnum) **2.00** Van Wilder (Stranglega bönnuð börnum) **4.00** Barbershop (Bönnuð börnum)

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## E! ENTERTAINMENT

**12.00** E! News **12.30** The Daily 10 **13.00** 101 Most Starlicious Makeovers **14.00** 101 Most Starlicious Makeovers **15.00** 101 Most Starlicious Makeovers **16.00** 101 Most Starlicious Makeovers **17.00** Sexiest Celebrity Brunettes **18.00** E! News **18.30** The Daily 10 **19.00** THS Rod & Kimberly Stewart **20.00** 101 Most Sensational Crimes of Fashion! **21.00** Girls of the Playboy Mansion **21.30** Girls of the Playboy Mansion **22.00** Wild On Tara **22.30** Wild On Tara **23.00** Sexiest Latin Lovers **0.00** THS Rod & Kimberly Stewart **1.00** 101 Most Sensational Crimes of Fashion! **2.00** 101 Most Shocking Moments in Entertainment

## AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15




REYKJAVÍK SÍÐDEGIS
16-18.30 ALLA VIRKA DAGA

HLUSTAR ÞÚ Á VINSÆLUSTU ÚTVARPSSTÖÐ LANDSINS?

Bylgjan er vinsælasta útvarpsstöð landsins skv. nýjustu fjölmiðlakönnun Gallup. Það eru sérlega ánægjuleg tíðindi á afmælisárinu sem eru okkur hvatning til frekari afreka.

BYLGJAN 20 ÁRA

- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

## VIÐ MÆLUM MEÐ ...

Surfing the Menu — Sjónvarpið kl. 21.00

### *Kokkar á faraldsfæti*



Matreiðsluþátturinn Surfing the Menu eða Kokkar á ferð og flugi er svo sannarlega fersk og bragðmikil sjónvarpsþáttaröð. Kokkarnir Ben O´Donoghue og Curtis Stone eru aðalmennirnir í þættinum en í sameiningu flakka þeir um Ástralíu í leit sinni að framandi og bragðgóðum réttum. Hráefnin skipta þá miklu máli og af nógu er að taka í hinni stóru Suðurálfu. Óhætt er að fullyrða að fáir matreiðsluþættir bjóða upp á jafn framandi úrval rétta en jafnframt verður áhorfandinn vitni að stórbrotnu landslagi auk þess sem Ben og Curtis bregða á leik, sér og öðrum til skemmtunar. Í fyrsta þættinum fara þeir félagar á Ningaloo-ströndina á vesturströnd Ástralíu og sjá hvað hún hefur upp á að bjóða.

## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 6 | | | | 5 | 8 | | 3 |
| | 4 | | | 7 | | | 1 | |
| | | 9 | | | 4 | | 5 | |
| | | | | | | | 7 | 1 |
| | | 8 | | | | 4 | | |
| 6 | 3 | | | | | | | |
| | 1 | | 2 | | | 6 | | |
| | 5 | | | 4 | | | 9 | |
| 3 | | 6 | 1 | | | | 2 | |

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 2 | 6 | 1 | 8 | 4 | 7 | 5 | 9 |
| 8 | 5 | 7 | 3 | 2 | 9 | 1 | 6 | 4 |
| 9 | 1 | 4 | 7 | 6 | 5 | 3 | 2 | 8 |
| 7 | 4 | 9 | 6 | 5 | 8 | 2 | 3 | 1 |
| 6 | 3 | 2 | 9 | 7 | 1 | 8 | 4 | 5 |
| 1 | 8 | 5 | 2 | 4 | 3 | 6 | 9 | 7 |
| 4 | 9 | 1 | 8 | 3 | 2 | 5 | 7 | 6 |
| 2 | 7 | 8 | 5 | 9 | 6 | 4 | 1 | 3 |
| 5 | 6 | 3 | 4 | 1 | 7 | 9 | 8 | 2 |



▶ 18.55

*Landsleikur*

ENGLAND-GRIKKLAND

SÝN besta sætið

18.00 Íþróttaspjallið **18.12** Sportið

**18.30 Gillette Sportpakkinn** (Gillette World Sport 2006)

▶ **18.55 England – Grikkland** Bein útsending frá vináttulandsleik milli Englendinga og Evrópumeistara Grikkja. Leikurinn er merkilegastur fyrir þær sakir að þetta er fyrsti leikur enska landsliðsins undir stjórn nýs þjálfara, Steve McClaren.

**21.00 Steven Gerrard: Sagan til þessa** (Steven Gerrard – The Story So Far) Þáttur um enska knattspyrnumanninn Steven Gerrard sem gerður var í aðdraganda HM í Þýskalandi.

**22.00 NBA – Bestu leikirnir** (Chicago Bulls – Utah Jazz 1997)

**23.30** England – Grikkland

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**7.05** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.45** Morgunleikfimi **10.13** Óvissuferð – allir velkomnir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.20** Hádegisfréttir **13.00** Vítt og breitt **14.03** Sakamálaleikritið **14.30** Miðdegistónar **15.03** Sögur af sjó og landi **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá **18.25** Spegillinn **19.00** Litla flugan **19.40** Laufskálinn **20.20** Norrænt **21.00** Út um græna grundu **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Tónlistarhornið **22.30** Kvöldsagan **23.05** Tónlistarstundir í gömlu Reykjavík **0.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

### RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **9.05** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Á vellinum **22.10** Geymt en ekki gleymt **22.10** Popp og ról

### BYLGJAN FM 98,9

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi **13.00** Rúnar Róberts **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag **19.30** Bjarni Ólafur / Ívar Halldórs **1.00** Ragnhildur Magnúsdóttir

### AÐRAR STÖÐVAR

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**
**FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt Bylgjan** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 97,7 X-ið** / Enginn viðbjóður





# Eyjólfur Kristjánsson & gestir:

Bergþór Pálsson, Björgvin Halldórsson, Björn Jörundur, Ellen Kristjánsdóttir, Jón Jósep & Stefán Hilmarsson.

Hrynsveitina skipa:
Birgir Nielsen (slagverk), Eyþór Gunnarsson (hljómborð), Friðrik Sturluson (bassi), Jóhann Hjörleifsson (trommur), Jón Elvar (gítar), Jón Ólafsson (hljómborð), Sigurgeir Sigmundsson (gítar) & Sigurður Flosason (saxófónn & slagverk).

Bakraddir: Berglind Björk, Guðrún Gunnarsdóttir og Ingi Gunnar.

16 manna strengjasveit undir stjórn Þóris Baldurssonar.

BORGARLEIKHÚSIÐ
www.borgarleikhusid.is
s: 568 8000



## HRÓSIÐ FÆR...

*Rebekka Guðleifsdóttir sem hefur slegið í gegn á netinu og er um það bil að ljúka samningi við Toyota-bílaframleiðandann.*

# Fékk Procol Harum í göngu um Reykjavík

„Ég vissi ekkert hverjir þetta voru í fyrstu, þeir þurftu að segja mér það sjálfir enda er ég fæddur 1965 og gæti ekki munað eftir þeim," segir Jónas Freydal sem leiddi liðsmenn hljómsveitarinnar Procol Harum um Reykjavík í síðustu viku. Jónas hefur í sumar staðið fyrir Draugaferðum um borgina sem notið hafa mikilla vinsælda meðal erlendra ferðamanna. Alls hafa um þrjú þúsund manns mætt í ferðir Jónasar, sem verður að teljast gott á fyrsta sumri.



**JÓNAS FREYDAL** Stjórnar Draugagöngum um Reykjavík í sumar. Fékk óvænta gesti um síðustu helgi.

Procol Harum var þekkt hljómsveit á sjöunda áratugnum, sérstaklega fyrir lagið A Whiter Shade of Pale. Meðlimir sveitarinnar halda tónleika í Kaupmannahöfn í lok vikunnar en ástæða þess að þeir stoppuðu á Íslandi var að flugi British Airwaves var aflýst vegna ástands á flugvöllum í Bretlandi. Jónas segir að Procol Harum-menn hafi reyndar ekki fengið gott veður en þeir hafi þó notið gönguferðarinnar. Í kjölfar þeirra kom svo þó nokkuð af fólki úr aðdáendaklúbbi sveitarinnar, sem einnig notaði stopp sitt á Íslandi til að fara í Haunted Walk, eins og ganga Jónasar heitir upp á ensku.

Gömlu rokkararnir fóru víða um borgina að sögn Jónasar. Meðal þeirra staða sem þeir heimsóttu var verslun Skífunnar á Laugaveginum. „Þeir voru yfir sig hneykslaðir á því að það væru ekki sérstakir rekkar með plötunum þeirra, karlagreyin," segir Jónas. -hdm



**PROCOL HARUM** Hinir öldnu rokkarar litu við á Íslandi og fóru í Draugagöngu. Þeir voru ósáttir við útstillingar í Skífunni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**LÁRÉTT** 2 eyja 6 hljóm 8 bein 9 draup 11 tveir eins 12 fell 14 skarkali 16 utan 17 nöldur 18 besti árangur 20 tveir eins 21 heimsálfu.

**LÓÐRÉTT** 1 hirsla 3 rykkorn 4 týndur 5 kraftur 7 sósa 10 frostskemmd 13 set 15 sjá eftir 16 tunna 19 golfáhald.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2 java, 6 óm, 8 rif, 9 lak, 11 ll, 12 fjall, 14 ólæti, 16 án, 17 tuð, 18 met, 20 rr, 21 asíu.

**LÓÐRÉTT:** 1 hólf, 3 ar, 4 villtur, 5 afl, 7 majónes, 10 kal, 13 læt, 15 iðra, 16 áma, 19 tí.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1. Jonas Gahr Störe.
2. Sæunn Stefánsdóttir.
3. Spænska landsliði í knattspyrnu.






**CHRISTIAN ELGAARD OG BÖRN** Christian segir hjólið henta vel til þess að hjóla með börnin á milli staða.

CHRISTIAN ELGAARD: Á FLEYGIFERÐ Á KRISTJANÍUHJÓLI

# Með börnin í kassa á handsmíðuðu hjóli

„Við notum hjólið til að flytja börnin milli staða. Það er mjög þægilegt, sérstaklega þegar það er gott veður úti því þá sofna þau stundum í kassanum," segir Christian Elgaard sem, ásamt unnustu sinni Katrínu Georgsdóttur, á reiðhjól með kassa framan á.

Hjólið ættu margir Íslendingar að kannast við enda er um svokallað Kristjaníuhjól að ræða – hjól sem er framleitt í fríríkinu Kristjaníu í Kaupmannahöfn og er vinsæll reiðskjóti þar í borg.

Christian segir töluvert öruvísi að nota hjólið í Kaupmannahöfn en Reykjavík.

„Það verður eiginlega að vera gott veður til að nota það. Ef það er of mikið rok fýkur það út í sjó," segir Christian hlæjandi. Á hjólinu er segldúkur sem hægt er að strengja yfir kassann svo ekki blási eða rigni á börnin. „Börnunum finnst það voðalega þægilegt þegar tjaldið er dregið yfir, sérstaklega ef þau eru fleiri en eitt í kassanum," segir Christian sem keypti hjólið í Kaupmannahöfn þegar fjölskyldan bjó þar.

„Þetta eru handsmíðuð hjól og þau eru nokkuð dýr. Þetta kostaði 140 þúsund kall nýtt og það er dýrara en bíllinn sem við keyptum fyrir skömmu," segir Christian. Hann segir auðvelt að stýra hjólinu en það taki smá tíma að venjast því. „Mér tókst næstum því að detta í byrjun en þegar maður er búinn að venjast hjólunum er þetta ekkert mál." kristjan@frettabladid.is




**Á FLEYGIFERÐ** Christian segir börnin njóta þess að sitja í kassanum þegar hann hjólar með þau um bæinn.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Þrátt fyrir miklar vinsældir Rock Star: Supernova þar sem **Magni Ásgeirsson** hefur farið hamförum er ekki að sjá að það hafi haft mikil áhrif á áhugamál netverja. Samkvæmt talningu leitarvélarinnar leit.is þá eiga klámið og stefnumótasíður sér dyggan aðdáendahóp meðal þeirra sem nýta sér þjónustu leit. is og eru orð á borð við „sex", „penis" og „klám" auk „einkamal.is" ofarlega á lista. Leitarorðið „Magni", sem væntanlega er tilvísun í Magna Ásgeirsson, er einungis 28. vinsælasta leitarorðið ef marka má niðurstöðurnar sem birtar eru í hverri viku.



Nördaliðið KF Nörd eru nú á fullu við tökur á raunveruleikaþættinum undir stjórn **Bjarna Hauks** en þættirnir hefja göngu sína á Sýn í lok þessa mánaðar. Félagarnir hafa verið að keppa við hin og þessi lið á landinu en væntanlega hefur hjartað slegið aðeins hraðar fyrir nokkru þegar leikmennirnir lögðu leið sína austur og kepptu við úrvalslið fanga á Litla-Hrauni. Ekki er hægt að greina frá úrslitunum að svo stöddu en ljóst má vera að vistmennirnir á Hrauninu hafa haft gaman af heimsókn þessa sérstaða knattspyrnuliðs. Á mánudaginn var síðan efnt til vítaspyrnukeppni við landslið Íslands sem undirbjó sig af kappi fyrir landsleikinn gegn Spánverjum. Skemmst er frá því að segja að nördaliðið sigraði en landsliðsmennirnir tóku sínar spyrnur með heldur óhefðbundnum hætti. Einn landsliðsmannanna lét hafa eftir sér að annað hvort markaði nördaliðið upphaf eða endi íslenskrar knattspyrnu.



Bandarísku kynþokkabuffin í Chippendales-danshópnum koma til Íslands á fimmtudag en kapparnir munu skaka sig íslenskum konum og öðrum til ánægju og yndisauka á Broadway á föstudaginn. Drengirnir yfirgefa landið á sunnudaginn en ætla að sögn að nota tímann til að slappa af og fara í ræktina og munu væntanlega leggja leið sína í Laugar eins og aðrir tignir gestir hafa gert. Þeir munu snæða kvöldverð á Apótekinu annað kvöld og stefna að því að gera úttekt á skemmtanalífi Reykjavíkur að því loknu. Miðum á danssýninguna fer fækkandi og það fer því hver að verða síðastur að tryggja sér aðgang að olíubornum vöðvabúntunum. -fgg/þþ



# Bandarískt tökulið til landsins

Tíu manna tökulið frá Los Angeles er væntanlegt til landsins í dag á vegum Icemodel Management í samstarfi við Basecamp. Tilgangurinn er að taka upp efni fyrir tvo þætti sem sýndir eru í Bandaríkjunum og á netinu. Annars vegar er um að ræða útilífsþáttinn Playing in Paradise og hins vegar Hawaiian Tropic Adventure en í honum er fylgst með daglegu lífi fyrirsætna.

Að sögn Ásdísar Rán Gunnarsdóttur, framkvæmdarstjóra Icemodel Management, verður farið með tökuliðið á framandi slóðir víðsvegar um landið en tíu til fimmtán fyrirsætur koma til með að sitja fyrir í þáttunum. „Við förum í Bláa lónið, Jökulsárlón og upp á Mýrdalsjökul þar sem við



**STENDUR FYRIR KOMU TÖKULIÐS** Ásdís Rán Gunnarsdóttir og félagar hennar hjá Icemodel Management taka á móti tökuliði frá Los Angeles sem væntanlegt er til landsins í dag.

þeysumst um á snjósleða. Þá ætlum við einnig að koma við á Búðum," útskýrir Ásdís en dagsetningin á þessari för var engin tilviljun. „Þeir ætla jafnframt að mynda töluvert í Reykjavík og við ákváðum að það væri mjög hentugt fyrir þá að koma til landsins þegar menningarnótt stendur yfir í höfuðborginni," segir Ásdís.

Með í för til landsins kemur ljósmyndarinn Rick Moore en Ásdís réð hann til að mynda það sem fram færi. Moore þessi er mjög þekktur ljósmyndari í Bandaríkjunum og hefur verið starfandi hjá Playboy tímaritinu í 18 ár. „Þetta verða engar Playboytökur núna en Moore er vissulega að kíkja í kringum sig, eftir bæði hentugum tökustöðum og fyrirsætum," segir Ásdís en hersingin mun verða á skemmtistaðnum Rex á menningarnótt og heldur síðan aftur heim eftir helgi. -fgg



Stór humar, túnfiskur og úrval fiskrétta á grillið

FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, sími 588 8686
opið alla laugardaga 11-14

PEUGEOT




# Ódýrasta ljónið á veginum

hvernig sem á það er litið!

HÉR & NÚ / SÍA




## Á betra verði en systurbílar sínir Toyota Aygo og Citroën C1

Á Peugeot 107 færðu meira fyrir peningana þína. Peugeot 107 er á betra verði en systurbílar sínir eins og Toyota Aygo og Citroën C1.* Peugeot 107 er mjög eyðslugrannur sem fækkar ferðum þínum á bensínstöðvarnar auk þess sem aksturseiginleikarnir eiga ekki sinn líka. Í Peugeot 107 er öryggið í fyrirrúmi svo þú ekur áhyggjulaus um með börnin um borð. Þú færð Peugeot 107 hlaðinn búnaði eða bara eins þú vilt hafa hann. Láttu hann heilla þig - komdu og finndu ljónið þitt.

*Samkvæmt verðskrám á heimasíðum Toyota og Citroën.

PEUGEOT

www.peugeot.is

BERNHARD

**BERNHARD** ehf. · Vatnagarðar 24-26 · Sími 520 1100

**Umboðsaðilar:**
Reykjanesbær, **Bernhard**, sími 421 7800 • Akranes, **Bílver**, sími 431 1985
Akureyri, **Höldur**, sími 461 6020 • Vestmannaeyjar, **Bragginn**, sími 481 1535

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

**Stórmarkaður í stofunni heima**

PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS



BAKÞANKAR

GUÐRÚNAR ÁSMUNDSDÓTTUR

## *Löggudagurinn mikli*

Ég hélt að Nilli frændi minn myndi leggjast í þunglyndi um áramótin því þá var hann útnefndur ellilífeyrisþegi sökum aldurs. Ég tók mig til og safnaði meðal frændfólks fyrir þrekhjóli handa honum í sjötugsafmælisgjöf. Ég gat ekki séð betri gjöf fyrir energíbolta eins og Nilla, nú mundi hann geta hjólað sig inní værð elliáranna.

**ÞAÐ** reyndist hins vegar ekki auðvelt að fá að afhenda afmælisgjöfina, því að Nilli og Auja voru aldrei heima. Loks tókst mér að ná í þau sl. mánudag. Voru þau þá nýkomin úr stórkostlegri ferð, þau höfðu farið norður á Dalvík að taka þátt í FISKIDEGINUM MIKLA. Hvílíkir dagar! sagði Nilli.

**„ÞAÐ** þarf sko enginn að fara svangur frá Dalvíkurbúum þetta sumarið!

**VIÐ** Auja mín erum búin að þræða alla þessa „miklu“ daga sem nú flæða yfir okkur Íslandsbúa. DANSKA DAGA hér NORSKA DAGA þar SÍLDARDAGA á Sigló og LANDNÁMSHÆNSNADAGA í sveitum fram.

**EN** FISKIDAGURINN MIKLI var toppurinn. Nú langar okkur á Austurlandið næst. Ég var að frétta að það stæði til að halda LÖGGUDAGINN MIKLA á Egilstöðum.“

**„ÉG** fer ekki fet upp á hérað nema þú pantir fyrir mig svefnpláss á gistiheimili,“ sagði Auja ákveðin. „Þú getur sjálfur hírst í þessum „beljurassi“ þínum á LÖGGUDEGINUM MIkLA ég fer á hótel.“

**„KALLAR** hún tjaldið þitt beljurass?” spurði ég. „Já, já,“ sagði Nilli hinn hressasti. „Þetta er gamalt jöklatjald, enginn rennilás fyrir innganginn, bara dregið saman með spotta þegar loka skal, já, já, það má alveg segja að þetta tjald líkist svolítið afturenda á kú þegar einhver er í þannig skapi.“

**„LÖGGUDAGURINN** MIKLI?“ spurði ég í fáfræði minni, „hvað er gert á slíkum manna mótum?“ „Það sýna lögreglumenn staðarins mótsgestum handtökin þegar handsama á umhverfissinna og mótmælendapakk. Það verður sýnikennsla í hvernig þessir vösku menn fylkja liði og gera óæskilegar tjaldbúðir upptækar. Svo verða seldar mjúkar barnvænar kylfur, sem meiða lítið. Og gestir fá að upplifa þrillið við að vera handjárnaðir og skellt inn í lögreglubíl og keyrt með þá út í óvissuna. Nei, það þarf enginn fullfrískur maður að láta sér leiðast hér á „fögru landi ísa“ þetta sumarið.“

MARKAÐURINN



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

www.toyota.is

# BYRJAÐU SKÓLAÁRIÐ Á BÍL SEM ER BÚINN AÐ BRILLERA Á ÖLLUM PRÓFUM

Nú standa yfir tilboðsdagar hjá Toyota - Betri Notuðum Bílum, þar sem fjölmargir bílar eru í boði á afbragðsgóðum kjörum. Við bjóðum námsmönnum, sem og öðrum viðskiptavinum, að sjálfsögðu aðeins bíla sem hafa staðist gæðamat og uppfylla kröfur okkar um öryggi og endingu.




**Nissan Primera** sjsk, bensín
Á götuna: 06.04 Ekinn: 50.000 km
Verð: 1.450.000 kr. Skr.nr. DE080




**Subaru Legacy** 5 gíra, bensín
Á götuna: 02.99 Ekinn: 125.000 km
Verð: 750.000 kr. Skr.nr. DX115




**Opel Corsa** 5 gíra, bensín
Á götuna: 07.04 Ekinn: 39.000 km
Verð: 870.000 kr. Skr.nr. JA837




**Toyota Avensis** 5 gíra, bensín
Á götuna: 02.02 Ekinn: 70.000 km
Verð: 1.360.000 kr. Skr.nr. JT356




**Nissan Micra** sjsk, bensín
Á götuna: 06.04 Ekinn: 66.000 km
Verð: 1.120.000 kr. Skr.nr. MI421




**VW Golf** sjsk, bensín
Á götuna: 10.02 Ekinn: 80.000 km
Verð: 1.130.000 kr. Skr.nr. NN420




**Subaru Legacy** sjsk, bensín
Á götuna: 01.99 Ekinn: 117.000 km
Verð: 790.000 kr. Skr.nr. NT822




**Toyota Avensis** 5 gíra, bensín
Á götuna: 06.99 Ekinn: 140.000 km
Verð: 710.000 kr. Skr.nr. OM283

Komdu og kynntu þér sértilboð okkar sem fela í sér meðal annars:
- Vetrardekk frá Sólningu, umfelguð og ásett
- 90% lánshlutfall og lengri lánstíma
- Lægri vexti og allt að 50% afslátt af lántökugjöldum, í boði Glitnis

BNB-sölugreining
Bílarnir ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur mið af aldri, akstri og viðhaldssögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annað hvort í flokknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS TOY 33772 08/2006

GLITNIR

BETRI NOTAÐIR BÍLAR TOYOTA

| Toyota Kópavogi | Toyota Akureyri | Toyota Reykjanesbæ | Toyota Selfossi | Toyota Austurlandi |
|---|---|---|---|---|
| Nýbýlavegi 4 | Baldursnesi 1 | Njarðarbraut 19 | Fossnesi 14 | Miðási 2 |
| Kópavogur | Akureyri | Reykjanesbær | Selfoss | Egilsstöðum |
| Sími: 570-5070 | Sími: 460-4300 | Sími: 421-4888 | Sími: 480-8000 | Sími: 470-5070 |

ÚRVALSBÍLL GÆÐABÍLL